

Hvað er í kollinum á Trump?

Margir velja því fyrir sér hvað sé í kollinum á Trump og hvaða afleiðingar sigur hans muni hafa fyrir heimsbyggðina.

→30

Heimkynni en ekki auðn

→26




Vekur athygli heimsins

→34



Írinn kjaftfori

→38



FRÉTTABLAÐIÐ



Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:



Frír ís fyrir krakka! í nóvember

Nánar á bls. 9 í Fólki

ÞRASTALUNDUR



SMÁRALIND

GJAFAKORT
SMÁRALINDAR

GJÖF SEM GEFUR
ÓTAL MÖGULEIKA



ÞÚ FÆRÐ GJAFAKORTIÐ Á ÞJÓNUSTUBORÐI SMÁRALINDAR EÐA Á SMARALIND.IS

Veður



Vestan- og suðvestankaldi og smá skúrir eða él, en léttir til fyrir austan. Hægari sunnanátt um kvöldið og fer að rigna syðst. Hiti 0 til 5 stig. **SJÁ Síðu 52**



Ritstjórnir Guðmundur og Tómas ásamt styrktaraðilum. MYND/FRIDRIK

Engin ritstífla hjá 30 íslenskum sérfræðingum

HEILSA Þrjátíu íslenskir sérfræðingar í heilbrigðisgeiranum gáfu í gær út Kransæðabókina, rit með upplýsingum um kransæðasjúkdóm sem er ein algengasta dánarorsökina á Íslandi. Ritstjórar bókarinnar eru Guðmundur Þorgeirsson og Tómas Guðbjartsson, prófessorar og yfirmenn.

Rekja má um þriðjung allra dauðsfalla á landinu til hjarta- og æðasjúkdóma. Þar af eru þrjú fjórðu hlutar vegna kransæðasjúkdóms. Í tilkynningu frá Landspítalanum segir að áhættuþættir sjúkdómsins séu vel þekktir, til að mynda reykingar, háþrýstingur, sykursýki, offita og hreyfingarleysi.

Bókin er sögð ætluð almenningi ekki síður en heilbrigðisstarfsfólki en í henni eru meðal annars ítarlegir kaflar um mataræði og þunglyndi. — þea

Staðreyndir um hjartað

- Eðlilegt hjarta er á stærð við **tvö hnefa**
- Eðlilegur pulsi er um **60-80 slög** á mínútu
- Hjartað slær því um **100.000** slög á sólarhring
- Hjartað vegur í kringum **0,5%** af líkamspýngd eða **300 grömm** hjá körlum en **200 grömm** hjá konum

Bróðir og systir



Þorvaldur S. Þorvaldsson stillir sér upp með lágmynd af leikkonunni og náttúrunandanum Herdís, systur hans, sem Skógræktarfélag Reykjavíkur fékk að gjöf. Á bak við Þorvald stendur Baldvin Atlason sem gaf lágmyndina en Pétur Bjarnason gerði hana. Myndin var gerð til að minnast Herdísar fyrir baráttu hennar fyrir umhverfisvernd en hún stofnaði og gegndi formennsku náttúruverndarsamtakanna Lífs og lands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Sjaldan meira dóp í pósti

LÖGREGLUMÁL Á þriðja hundrað mála hafa komið upp á árinu þar sem tollverðir hafa stöðvað póstsendingar sem innihéldu fikniefni, stera og önnur ávanabindandi lyf. Í lok október voru málin orðin 214 talsins en voru 221 allt árið 2014. Það ár var metár.

Smyglarar reyna ýmislegt til að blekkja tollverði. Til að mynda var sending í síðasta mánuði stöðvuð sem reyndist innihalda tæpt kíló metamfetamíns. Efnið hafði verið falið í handsápum en glöggir tollverðir létu ekki blekkjast. — þea

Framhald viðræðna skýrist um helgina

Ekki eru allir sáttir innan Bjartrar framtíðar við að mynduð verði ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Kemur í ljós snemma í næstu viku hvort stjórnarmyndunarviðræðurnar leiði til ríkisstjórnar. Framsókn tilbúin að stiga inn.

KOSNINGAR Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur ákveðið að hefja formlegar stjórnarmyndunarviðræður við formenn Viðreisnar og Bjartrar framtíðar.

„Við förum auðvitað í viðræðurnar því að við eygjum von á því að það sé einhver möguleiki að ræða málin og ná góðum umbótum,“ segir Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar. Hann segist gera sér grein fyrir því að þetta sé ólíkir flokkar og að mörgu leyti ósamstæðir. „Það er alveg ljóst að fólk innan flokksins er mishrifið af því að við séum að hefja stjórnarmyndunarviðræður við Sjálfstæðisflokkinn,“ segir Óttarr.

„Það er möguleiki á að við náum saman um stóru málefnið og vonandi gengur það sem allra best,“ segir Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar. Hann segir stefnu Viðreisnar liggja ljósa fyrir þegar gengið er til viðræðnanna.

Þórunn Egilsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, segir að flokkurinn hefði viljað halda áfram ríkisstjórnarsetu og sé tilbúinn til þess komi það til greina. „Það er ekki komin niðurstaða enn og við skulum sjá hvernig þetta fer,“ segir hún.

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pirata, Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboð og Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segjast frekar



Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins fundaði í gær í Valhöll. Eftir fundinn fór Bjarni Benediktsson á fund forseta og tilkynnti um formlegar viðræður. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Ég hef mestar áhyggjur af að þessir flokkar nái að sameinast um grimma hægri stefnu.

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG

hefðu viljað sjá umbótastjórn myndada af stjórnarandstöðuflokkunum og Viðreisn.

„Ég hef mestar áhyggjur af að þessir flokkar nái að sameinast um grimma hægri stefnu, til dæmis þegar kemur að einkavæðingu og einkarekstri í velferðar- og menntamálum, og það er áhyggjuefni fyrir landsmenn,“ segir Katrín. Hún segir ljóst að annaðhvort munu Sjálfstæðisflokkurinn eða Björt framtíð og Viðreisn þurfa að gefa mikið eftir í stefnumálum sínum til þess þeir geti myndað ríkisstjórn.

Í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gær sagði Bjarni að strax eftir helgi kæmi í ljós hvort flokkarnir þrjú eigi samleið í ríkisstjórnarsamstarfi. thorgeirh@frettabladid.is

Dublin



Flogið með Icelandair

Sértilboð | 17. – 20. nóvember | 3 nætur



Verð frá: **49.900 kr.**

og **12.500 Vildarpunktar.**

Á mann m.v. 2 í herbergi með morgunverði á O'Callaghan Mont Clare. Verð án Vildarpunkta: **59.900 kr.**

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS

vita



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

TAX FREE MARAPÓN

*Tax free gildir ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ og tilboðsvörum. Tax free jafngildir 19,35% afslætti.

***Tax free af mörgum vöruflokkum**

Öll málning • Allt parket • Allar flísar • Allar innihurðir
Öll hreinlætistæki • Öll rafmagnsverkfæri • Öll blöndunartæki
Öll ljós og perur • Allur True North útivistarfatnaður

Latibær
skemmtir
kl. 13:00



**Fullt af tilboðum.
Okkar stærsta seríudeild
er í Skútuvogi**

**Samtengjanlegar
LED útiseriur
50 ljósa**

FROST



Jólatilboð

2.990 kr

~~3.990 kr~~

**25%
afsláttur**

Latibær í dag

Latibær kemur og skemmtir börnunum
í Skútuvogi kl. 13:00

Jólalandið

Í Skútuvogi hefur glatt börn
og fullorðna í áratugi



**Allir
fá ís**
á laugardag
í Skútuvogi
kl. 12-16



TAX FREE • TAX FREE • TAX FREE • TAX FREE • TAX FREE • TAX FREE • TAX FREE

TÖLUR VIKUNNAR 06.11. 2016 TIL 12.11. 2016

3,6

kilómetrar var tilraunahola á Reykjanesi orðin fyrir nokkru – og var hin dýpsta á Íslandi.

201

einstaklingur sótti um hæli á Íslandi í október; 169 voru frá Evrópu.



32%

drengja horfa á klám nær daglega, samkvæmt nýrri rannsókn.

0,5%

atvinnuleysi mælist þessa dagana á Höfn í Hornafirði.



10,3%

er áætlað að jólaverslun aukist um miðað við í fyrra.



$$Da^2 (gur) \times$$

$$E^2 (li) \times B^5$$


5.000 manns

með kennsluréttindi vinna við önnur störf en kennslu hér á landi.



2,9%

nýrra bíla sem keyptir hafa verið á árinu eru tengiltvinnbílur – 1% hreinir rafbílur.



70.000 tonn

af makríl og síld bárust til hafnar í Neskaupstað á vertíðinni.

Þrjú í fréttum Svelti, kauphækkun og kennaraskortur

Ólöf Guðný Geirsdóttir

dósent í næringarfræði við HÍ

sagði rannsókn sem gerð var 2015 og 2016 hafa sýnt að tveir af hverjum þremur innliggjandi öldruðum á Landakotsspítala væru vannæðir eða sýndu þess glögg merki að svo væri. Aldraðir sem búa heima fá senda eina máltíð á dag sem væri 30 til 40 prósent þeirrar orku sem þeir þyrftu yfir daginn. Ólöf segir að annars staðar í heiminum myndi þetta flokkast undir svelti.



Gunnar I. Birgisson

bæjarstjóri í Fjallabyggð

afþakkaði 600 þúsund króna launahækkun. Bæjarstjóra-launin taka mið af þingfararkaupinu sem samkvæmt ákvörðun kjararáðs hækkar um 44 prósent. Gunnar sagði launahækkunina vera út úr kortinu. Úrskurðurinn væri vægast sagt sérkennilegur.



Skúli Helgason

formaður skóla- og frístundaráðs

sagði næstum 5.000 manns um allt land, sem væru með kennsluréttindi, hafa leitað í önnur störf. Ráðist hafi verið í átak til að gera störf grunnskólakennara og leikskólakennara eftirsóknarverðari og líka starfsmanna á frístundaheimilum.



Hafa aflýst norðurljósaferðum fyrir hundruð á hverjum degi

Slæm veðurskilyrði sunnanlands hafa valdið því að daglega hafa 200 til 300 ferðamenn misst af norðurljósaferðum að undanfögnu. Viðskiptavinirnir fá endurgreitt vegna ferða sem ekki eru farnar. Nokkrir ferðamenn hafa gert sér ferð norður þar sem skilyrði til skoðunar á norðurljósum hafa verið betri.

NÁTTÚRA Aflýsa hefur þurft norðurljósaferðum fyrir nokkur hundruð manns á dag vegna óhagstæðs veðurs undanfarna daga, að því er Þórir Garðarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Iceland Excursions – Gray Line, greinir frá. Fyrirtækið selur sjálft norðurljósaferðir og þjónar auk þess mörgum innlendum ferðaskrifstofum.

Þórir segir viðskiptavinina hafa góðan skilning á því að veðrið á Íslandi geti breyst. „Við leggjum áherslu á að við séum að selja leitina að norðurljósum. Ekkert sé öruggt í þessum efnum, bæði vegna veðrabreytinga og vegna þess að virkni norðurljósa er mjög mismunandi.“

Að sögn Þóris búa viðskiptavinir yfir meiri þekkingu á þessu en áður. „Aukinni þekkingu fylgir þolinmæði,“ tekur hann fram og bætir við að leiðsögumennirnir búi núna yfir gríðarlegri þekkingu á því sem er að gerast í himinhvolfunum og miðli henni til viðskiptavina.

Fjöldi viðskiptavina sem Gray Line ekur í norðurljósaferðir er að jafnaði 200 til 300 á dag. „Þegar við förum að selja leitina að norðurljósum fyrir 15 árum voru viðskiptavinirnir 20 til 30 á dag. Þá bárust fleiri athugasemdir vegna óánægju en nú. Menn höfðu minni þekkingu á því sem þeir voru að kaupa þá,“ segir Þórir.

Ef norðurljósaferð er aflýst fá viðskiptavinir endurgreitt. Sjáist ekki norðurljós í skoðunarferð geta viðskiptavinir farið í skoðunaferð án endurgjalds innan tveggja ára. „Við



Þegar veðurskilyrði eru góð fara hundruð ferðamanna í norðurljósaferðir á hverjum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Við höfum farið með 1.600 manns á einu kvöldi þegar ekki hefur verið hægt að fara í nokkra daga eða þegar ekki hafa sést ljós.

Þórir Garðarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Iceland Excursions – Gray Line



Skilyrði til skoðunar um helgina

- Fyrri hluta kvöldsins í kvöld eru horfur á því að norðurljós sjáist nokkuð góðar víðast hvar á öllu Norðurlandi og Austurlandi, að sögn Óla Þórs Árnasonar, veðurfræðings hjá Veðurstofu Íslands.
- Eftir miðnætti verður skýjað á öllu landinu.
- Frekar skýjað verður á vesturhelmingi landsins á sunnudagskvöld en mjög bjart og fallegt austanlands.
- Veðurspá helgarinnar er vindasöm og einnig verður víða talsverð rigning. Hiti 5 til 10 stig.

höfum farið með 1.600 manns á einu kvöldi þegar ekki hefur verið hægt að fara í nokkra daga eða þegar ekki hafa sést ljós,“ greinir Þórir frá.

Björn Reynisson, sölustjóri hjá Saga Travel, sem selur norðurljósaferðir bæði fyrir sunnan og norðan, segir skilyrði fyrir norðurljósaferðir hafa verið góð fyrir norðan að undanfögnu. „Það hafa nokkrir tugir verið í þessum ferðum á hverjum degi.“

Björn greinir frá að nokkrir viðskiptavinir hafi komið sérstaklega norður í norðurljósaferðir vegna slæmra veðurskilyrða fyrir sunnan. ibs@frettabladid.is

STRÍÐIÐ MIKLA 1914–1918

Íslendingar og heimsstyrjöldin fyrri

540 LJÓSMYNDIR



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

„Þetta er afrek ... bætir miklu við fyrir okkur sem lásam fyrri útgáfuna ... Óvenju vel unnin bók.“

ÓÐINN JÓNSSON

LYKILL
að
núttímanum



480
BLAÐSÍÐUR
í stóru broti

ÞEGAR SIÐMENNINGIN FÓR FJANDANS TIL

Reynsluaktu öllum okkar bestu
bílum sem verða margir hverjir á
sértilboðum í nafni notalegheita.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

STÓRSÝNING Notalegheit Í NÓVEMBER

ISLENSKA SÍÐA 03/19 1106



Í KAUPÚNI

--- Í DAG ---

12. NÓVEMBER

KL. 12-16

Við lítum skammdegið bjartari augum en aðrir.

Verið því hjartanlega velkomin á stórsýningu í Kaupúni þar sem andinn verður svo hlýr og heimilislegur að sjálf amma yrði stolt af. Við setjum miðstöðina í botn og hrekjum burt hrollinn með stærðarinnar stafla af vöfllum, heitu kakó og lifandi tónlist. Allir sem kíkja í kræsingar eiga möguleika á vinningi því við drögum út 20 gjafakort frá ZO•ON að verðmæti 10.000 kr.

Sérstök Toyota-kökukeppni

fer fram og skorum við á alla að hefja kökukeflið á loft og mæta með framlag til keppinnar í Kaupúnið. Í verðlaun er gjafakort í Smáralind að verðmæti 100.000 kr. Nánari upplýsingar er að finna á Facebook-síðu Toyota.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Þeir sem reynsluaka eiga möguleika á að vinna
na 300.000 Vildarpunkta frá Icelandair og
Garra og Garún úlpur frá ZO•ON





Brynja Björk Harðardóttir tannlæknir hefur hafið störf á ný á tannlæknastofunni Tannbjörgu eftir að hafa búið og starfað í Stokkhólmi í 11 ár.

Allir nýir og gamlir kunnar velkomnir, börn og fullorðnir.

TANNBJÖRG
TANNLÆKNINGAR

Hlíðasmári 14 | 201 Kópavogi | www.tannbjorg.is | Sími 564 2425

Gildir til 30. nóv. 2016



15%
afsláttur af öllum
pakkningastærðum
af Nicorette Quickmist
munnholsúði

Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRÁUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

LYFJAVER

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN



Minjastofnun Íslands

auglýsir eftir umsóknum um styrki úr
forminjasjóði
fyrir árið 2017

Minjastofnun Íslands úthlutar styrkjum úr fornminjasjóði.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum, sbr. reglur nr. 578/2014. Úthlutað er styrkjum til eftirfarandi verkefna:

- Rannsókn á fornminjum (fornleifum og forngripum)
- Miðlunar upplýsinga um fornminjar
- Varðveislu og viðhalds fornminja

Sjóðnum er jafnframt heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, t.d. minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja.

Umsóknir eru metnar með tilliti til vísindalegs- og menningarsögulegs gildis og þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið í minjavernd, ásamt gildi þeirra fyrir varðveislu þjóðararfleifarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar 2017. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu unnin í samræmi við lög nr. 80/2012 og reglur stofnunarinnar og í samræmi við innsend umsóknargögn.




Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
forminjasjodur@minjastofnun.is

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið
Fréttablaðið í heild
sinni á Vísí og í
Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á vísir, í/í/í eða beint í gegnum



FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

Mótmæltu Ísraelsríki



Hópur rétttrúnaðargyðinga kom saman fyrir framan höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna í New York og mótmælti Ísraelsríki. Jafnframt kröfðust þeir þess að Palestínumenn fengju allt landsvæði Ísraelsríkis. Hópurinn er andvígur sionisma, en sú stefna gengur út á að gyðingar eigi rétt á eigin ríki. NORDICPHOTOS/AFP

Sveinbjörg Birna ósátt við skýrslu um fátækt

Borgarfulltrúi segir skýrslu Rauða krossins um fátækt í Reykjavík illa unna. Hún geti verið vinnugagn en það sé ábyrgðarhluti að birta hana opinberlega. Fátækt sé víðar að finna en í Breiðholti. Íbúar þar upplifi sig almennt ekki fátæka.

REYKJAVÍK „Mér finnst skýrslan ekki vera nægjanlega vel unnin,“ segir Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins og flugvallarvina, um nýja skýrslu Rauða krossins. Í skýrslunni, sem ber titilinn Fólkið í skugganum, er fjallað um fátækt í Reykjavík.

Borgarráð Reykjavíkurborgar bókaði á fundi sínum á fimmtudag að setja þyrfti í sérstakan forgang aðgerðir til að stemma stigu við fátækt barna í borginni. Einnig að leita þurfi allra leiða til að bæta aðbúnað og kjör þeirra tekjulægstu, svo sem með lækun gjalda, fjölgun úrræða og betri kynningu á þeirri þjónustu sem er í boði.

Sveinbjörg Birna átti aðild að bókuninni en lagði jafnframt fram aðra bókun þar sem hún gagnrýnir skýrsluna. „Ég er eini borgarfulltrúinn sem býr í Breiðholti. Ég bý í Bakkaselinu og ég veit að þessi skýrsla kemur mjög illa við marga,“ segir hún.

Sveinbjörg Birna gerir athugasemd við að í skýrslunni séu ekki skoðuð önnur hverfi en Breiðholt. „Þó svo að við vitum að það er mikið af félagslegum vandamálum í öðrum hverfum. Þau hafa verið að aukast að einhverju leyti. Alla vega í ákveðnum hverfum þar sem blönd-



Í skýrslu Rauða krossins kemur fram að staða Breiðhóltsins hafi breyst til batnaðar að undanförunu en Sveinbjörgu finnst of dökk mynd dregin upp. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ég bý í Bakkaselinu og ég veit að þessi skýrsla kemur mjög illa við marga.



Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarfulltrúi

unin er meiri,“ segir Sveinbjörg.

Hún segir að fólk sem býr í Breiðholti upplifi sig almennt ekki fátækt eða í skugganum. „Ég vil ekki taka þátt í því að vera að aumingjavæða

eitt hverfið,“ segir Sveinbjörg og tekur fram að skýrslan sé gildis-hlaðin. Hún gerir líka athugasemdir við meðferð heimilda í skýrslunni. „Tilvitnunarskráin er ekki vel unnin. Við hverja er verið að tala?“ spyr hún.

Sveinbjörg segir að hún hefði viljað sjá skýrsluna sem vinnugagn og segir það ábyrgðarhluti að birta hana opinberlega. „En auðvitað tekur maður það til sín sem þarna stendur, eins og allt annað. Í öllum hverfum er fátækt í Reykjavík. Þau búa ekki bara í Breiðholti,“ segir hún. jonhakon@frettabladid.is

RISA TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT* AF
SNYRTIVÖRUM, BÓKUM, FATNAÐI,**
BÚSÁHÖLDUM, JÓLASKRAUTI,
LEIKFÖNGUM OG RAFTÆKJUM
DAGANA 10.-14. NÓVEMBER

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups. ** Gildir ekki í F&F.

HAGKAUP
Stemmtilegast að versla



Chris Christie og Rudy Giuliani hafa báðir staðið dyggilega með Trump og hafa fyrir vikið verið mætaðir við ráðherrastóla í væntanlegri ríkisstjórn. NORDICPHOTOS/AFP




Newt Gingrich, fyrrverandi forseti fulltrúadeildar, er talinn koma til greina í embætti utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐID/EPA



Skurðlæknirinn Ben Carson lýsti yfir stuðningi við Trump eftir að hann sjálfur datt út í forkosningum. FRÉTTABLAÐID/EPA



Michael Flynn, fyrrverandi yfirmaður leyniþjónustu Bandaríkjahers, gæti orðið varnarmálaráðherra. FRÉTTABLAÐID/EPA



David Clarke, lögreglustjóri í Milwaukee, hefur verið tíður gestur í herbúðum Trumps. FRÉTTABLAÐID/EPA

Hugsanlegir ráðherrar í stjórn Trumps

Fjölmiðlar í Bandaríkjunum eru farnir að birta vangaveltur sínar um það hverjir gætu orðið fyrir valinu í ríkisstjórn með Donald Trump. Nýja stjórnin hefur öruggan meirihluta Repúblíkanaflokksins í báðum deildum Bandaríkjaþings í að minnsta kosti tvö ár.

BANDARÍKIN Áður en Donald Trump tekur formlega við embætti forseta Bandaríkjanna 20. janúar næstkomandi þarf hann að taka ákvörðun um það hverja hann hyggst hafa með sér í ríkisstjórn.

Enn er ekkert vitað hverjir verða í ráðherraliði stjórnarinnar eða öðrum lykilembættum, en vísbendingar sjást í því hverjir hafa verið dyggustu stuðningsmenn Trumps í kosningabaráttunni.

Þar hafa ekki síst verið nefndir þremmingarnir Chris Christie, Newt Gingrich og Rudy Giuliani, sem hafa allir verið áberandi í stuðningsliði Trumps síðustu mánuðina.

Christie, sem er ríkisstjóri í New Jersey, þykir til dæmis geta orðið dómsmálaráðherra eða heimavarnarráðherra. Eða jafnvel viðskiptaráðherra.

Newt Gingrich, fyrrverandi forseti fulltrúadeildar þingsins, hefur verið nefndur til sögunnar sem hugsanlegur utanríkisráðherra. Þá hefur Giuliani, fyrrverandi borgarstjóri í New York, verið talinn eiga möguleika á að verða dómsmálaráðherra.

Fleiri hafa verið nefndir, til dæmis Rick Perry, sem er fyrrverandi ríkisstjóri í Texas, David Clark, lögreglustjóri í Milwaukee, og Michael

Flynn, fyrrverandi yfirmaður leyniþjónustu hersins.

Flynn gæti jafnvel orðið heimavarnarráðherra og Clark hefur verið nefndur sem hugsanlegur öryggismálaráðgjafi forsetans.

Þá þykir skurðlæknirinn Ben Carson, sem keppti við Trump um að verða forsetaefni Repúblíkana, hugsanlega koma til greina sem heilbrigðisráðherra.

Að minnsta kosti tveir hafa verið sagðir hugsanlegir fjölmiðlafulltrúar Trumps, en það eru þeir Corey Lewandowsky og Jared Kushner. Kushner er tengdasonur Trumps en Lewandowsky var lengi

framan af kosningastjóri hans.

Þá eru þeir Steve Bannon og Reince Priebus sagðir koma til greina í embætti starfsmannastjóra Hvíta hússins.

Bannon var helsti forsprakki hins umdeilda fréttavefs Breitbart News en hætti þar til að gerast kosningastjóri Trumps á síðustu vikum kosningabaráttunnar. Priebus er hins vegar formaður landsnefndar Repúblíkanaflokksins og stóð þétt við bakið á Trump undir lokin.

Ekkert er svo sem enn vitað hverja Trump velur með sér. Ekki er víst að neinn þeirra sem hér hafa verið nefndir endi í ríkisstjórn Trumps.

Næsta ríkisstjórn mun hins vegar hafa þingið með sér, að minnsta kosti næstu tvö árin meðan Repúblíkanar hafa meirihluta í báðum deildum þess, fulltrúadeild og öldungadeild.

Tvö ár eru hins vegar til næstu þingkosninga í Bandaríkjunum. Þá gæti staðan breyst þannig að Demókratar styrki stöðu sína á þingi verulega. Það er algengt á miðju fyrsta kjörtímabili forseta.

Því má búast við að Trump og félagar reyni að koma sem mestu í verk fyrstu tvö árin, meðan Repúblíkanar eru örugglega með meirihluta. gudsteinn@frettabladid.is

HARPA

BJÖRK DIGITAL

STAFRÆNN HEIMUR BJARKAR

02.11–30.12

MÍÐASALA Á HARPA.IS

Styrktaraðilar sýningar í Hörpu

ICELANDAIR BLUE LAGOON VALITOR REYKJAVÍK LOVES culture AMDA Bowers & Wilkins VIVE



Stærkar vísbendingar eru um að gamalt, veikt fólk sé oft vannært – bæði heima hjá sér og á sjúkrahöfnunum, samkvæmt rannsóknum. FRÉTTABLAÐID/GVA

Áhyggjuefni ef rétt reynist

HEILBRIGÐISMÁL Það er einfaldlega rangt að viðmið Sjúkratrygginga Íslands um líkamspýngdarstuðla eða þyngdartap aldraðra, sem nýttir eru til að ákvarða hvort einstaklingur á rétt á niðurgreiðslu á næringardrykkjum eða næringarefnum, grundvallist ekki á alþjóðlega viðurkenndum stöðlum.

Þetta fullyrðir Steingrímur Ari Arason, forstjóri SÍ, en Ólöf G. Geirsdóttir, dósent í næringarfræði við Háskóla Íslands, sagði í frétt blaðsins í gær, að skilyrði SÍ væru þannig í dag að þeir sem fullnægja þeim séu orðnir svo vannærðir að það sé í raun erfitt eða of seint að hjálpa þeim.

Þessu hafnar Steingrímur Ari alfarið en hins vegar sé það annað mál hvort ástæða sé til að taka nefnd viðmið stofnunarinnar til endurskoðunar. Hvort þau séu sambærileg við það sem gerist annars staðar, til dæmis á Norðurlöndunum segist Steingrímur ekki vita. „En það getur vel verið að það megj endurskoða greiðsluþáttökuna.“

Steingrímur Ari telur, þegar heilsa aldraðra er til umræðu í þessu samhengi, að ekki megj missa sjónar

Sjúkratryggingar koma inn með aðstoð, og þá greiðsluþáttöku, þegar ákveðin skilyrði eru uppfyllt.

Steingrímur Ari Arason, forstjóri SÍ



á því sem skiptir mestu máli – að fyrst og síðast þurfi að hafa hugfast að heilsa og vellíðan sjúklinga eru á ábyrgð sjúkrahöfnanna þegar þeir dvelja þar. „Sjúkratryggingar koma inn með aðstoð, og þá greiðsluþáttöku, þegar ákveðin skilyrði eru uppfyllt,“ segir Steingrímur og bætir við að sé það raunverulega svo, að stór hluti skjólstæðinga stofnana ríkisins sé vannærður, sé það mikið áhyggjuefni.

Rannsókn sem gerð var 2015 og 2016 sýndi að tveir af hverjum þremur innliggjandi öldruðum á Landakotsspítala eru vannærðir eða sýna þess sterk merki að svo sé. –shá

Glæsilegur

Hyundai Tucson.

Fjór hjóladrifinn sjálfskiptur eða beinskiptur, bensín eða dísil.



Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, fullkomið fjór hjóladrif og sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð. **Hyundai Tucson - verð frá 4.490.000 kr.**

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Hyundai Tucson / Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmíðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Sáttasemjari segir ólgu ríkja á vinnumarkaði

Ólga ríkir á vinnumarkaði, að mati ríkissáttasemjara. Hún segir traust vera forsendu fyrir breyttu kjarasamningslíkani, en skortur er á trausti eftir banka-hrunið. Segir of mörgum vinnudeilumálum vera vísað til félagsdóms.

KJARAMÁL „Staðan er vissulega alvarleg. Það er alveg ljóst mál að það er mikil ólga sem birtist meðal annars í þessum tvífelldu samningum hjá kennurum og svo eru sjómenn í verkfalli,“ segir Bryndís Hlökkversdóttir ríkissáttasemjari. Sjómenn fóru í verkfall í fyrrakvöld og kjaradeilu kennara hefur verið vísað til ríkissáttasemjara.

Bryndís ræddi nýtt íslenskt samningslíkan að norrænni fyrirmynd á málþingi sem fram fór í gær. Hún sagði meðal annars að norrænu líkónin hengu saman á einu hugtaki, trausti. Þar vísaði hún annars vegar til trausts á milli aðila á vinnumarkaði innbyrðis og svo trausts milli vinnumarkaðarins og stjórnvalda. „Og ef til vill má bæta við trausti almennings á því að allir séu að róa í sömu átt,“ segir hún. Hún benti á nýjstu traustskönnun Gallup sem bendir til þess að lykilstofnanir og stjórnvald í landinu eigi nokkuð í land með að endurheimta það traust sem hefur tapast. Aðspurð hvort nýr úrskurður kjararáðs, þar sem alþingismönnum var úthlutað 45 prósent launahækkun, ylli henni áhyggjum vísaði hún til orða forystumanna aðila vinnumarkaðarins. „Það er viðfangsefni stjórnvalda að meta hvort það sé ástæða til þess að gera eitthvað í því máli,“ sagði hún um það hvort breyta þyrfti úrskurðinum. „Ég ætla ekki að hafa skoðun á því hvað Alþingi á að gera. Það er ekki mitt hlutverk.“

Í ræðu sinni vakti Bryndís athygli á því að kjaramálum sem vísað er til félagsdóms hafi fjölgað verulega, en hlutverk dómstólsins er að leysa úr réttarágreiningu á vinnumarkaði. Bryndís segir fjöldann hafa náð hámarki í fyrra sé horft aftur til ársins 2000. Þetta sé áhyggjuefni. „Það



Bryndís Hlökkversdóttir ríkissáttasemjari bendir á að traust sé forsenda þess að hægt sé að byggja upp nýtt samningsmódel á vinnumarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stuðlað að upplausn

Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð hafa ályktað sameiginlega að ákvörðun kjararáðs stuðli að upplausn á vinnumarkaði. Ákvörðunin sé í engu samhengi við almenna þróun á vinnumarkaði, hvort sem horft sé til skemmri eða lengri tíma. Þá hefur ASÍ bent á að úrskurður kjararáðs hafi sett viðræður kennara í hnút og ljóst sé að mikil spennan sé í þjóðfélaginu vegna úrskurðarins. Því sé forgangsmál að þingið grípi inn í.

Ég ætla ekki að hafa skoðun á því hvað Alþingi á að gera. Það er ekki mitt hlutverk.

Bryndís Hlökkversdóttir, ríkissáttasemjari

komu 20 mál fyrir dóminn sem er eins og þið vitið skipaður fólk sem hefur dómstórf þar sem auka-störf. Þetta ástand getur ekki verið ásættanlegt,“ sagði hún og bætti við að verkfallsboðanir og verkföll væru mjög tíð hér miðað við Norðurlöndin. jonhakon@frettabladid.is

Velkomin á hinn árlega Jólabasar Hollvina Grensásdeildar

í Safnaðarheimili
Neskirkju
við Hagatorg

í dag laugardag
kl. 13-17

Til sölu verða fjöldi
nýstárlegra
handunninna muna,
úrval af tertum,
brauði og smákökum
og ýmsir aðrir munir.

Komið og gerið góð kaup til jólanna
og styðjið um leið góðan málstað!

Happdrætti:
Fjöldi spennandi
vinninga

Nýbakaðar vöflur með sultu og
rjóma, rjúkandi kaffi eða súkkulaði.



Hollvinir Grensás safna fé bæði til tækjakaupa og almennra styrkja við starf Grensásdeildar og einnig til endurbóta á húsbæði deildarinnar
www.grensas.is

HOLLVINIR
GRENSÁSS

Styrktaraðili Hollvina:

365

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir fundaröðinni
BORGIN – HEIMKYNNI OKKAR um þróun og mótun borgarinnar.

Ríkir hugarfar sköpunar í Reykjavík?


Þriðjudagur 15. nóvember kl. 20 á Kjarvalsstöðum



Grímur Atlason



Hildur Gunnlaugsdóttir



Sigrún Inga Hrólfssdóttir



Hjálmar Sveinsson

Á fundinum verður skapandi Reykjavík skoðuð út frá nokkrum sjónarhornum og spurningum. T.d. hvernig eru svæði borgarinnar, torg, byggingar og garðar nýtt sem rými til skapandi athafna? Hvernig skapast töfrandi andrúmsloft á viðburðum og iðandi mannlíf á götum borgarinnar? Gegna stjórnvöld mikilvægu hlutverki við að virkja sköpunarkraft fólksins í borginni?

Fram koma, ásamt **Hjálmar Sveinssyni**, formanni umhverfis- og skipulagsráðs, **Sigrún Inga Hrólfssdóttir**, deildarforseti myndlistardeildar Listaháskóla Íslands, **Grímur Atlason**, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves tónlistarhátíðarinnar og **Hildur Gunnlaugsdóttir**, arkitekt og verkefnisstjóri borgarhönnunar hjá Reykjavíkurborg.

Fundurinn er í kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum þriðjudaginn 15. nóvember, kl. 20.

Allir velkomnir. Heitt á könnunni.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



Vistvænir dagar HEKLU

10.-12. nóvember 2016

Við þökkum fyrir frábæra þátttöku á Vistvænum dögum um leið og við bjóðum ykkur velcomin á lokadaginn þar sem áherslan verður á vistvæna bíla hjá HEKLU. Komdu og sjáðu nýja metanbílinn **Volkswagen Eco Up!** og magnaða tengiltvinnbílinn **Audi A3 e-tron** ásamt fjölbreyttri dagskrá með fróðleik og kynningum sem snúa að vistvænum samgöngum. Hlökkum til að sjá þig!



Laugardagur 12. nóvember

Áhersla á alla vistvæna bíla, tæknilausnir og þjónustu.

- Kynningar á 11 vistvænum bílum HEKLU.
- Fjölmarginir aðilar kynna vörur og þjónustu fyrir vistvæna bíla.
- Rafbílaöpp, hleðslulausnir, metantækni, orkudreifinet og framleiðsla íslensks eldsneytis kynnt.
- Hægt að skoða innviði rafbíls og taka þátt í skemmtilegri getraun.
- Kynning á vindmyllusmíði Háskóla Íslands og Landsvirkjunar.
- Kl. 13.00 hefjast örfyrirlestrar varðandi tæknilausnir og þjónustu vistvænna bifreiða.
- Kl. 15.00 verður skemmtileg umræða þar sem umfjöllunarefnið er: Vistvænar bifreiðar – Er tíminn núna?

Nánari upplýsingar um dagskrá Vistvænna daga má finna á www.hekla.is

Sérstakir samstarfsaðilar eru Sorpa, Olís, Orka náttúrunnar, Íslensk nýorka og Rönning.




Leiðandi
í vistvænum
bílum

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM
KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU
ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI



www.bilaland.is
NÝ HEIMASÍÐA – STÆRRI BÍLAMYNDIR



Rnr. 370255

DACIA Duster 4x4.
Nýskr.05/2015, ekinn 80 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ 2.690 þús. kr.

Staðsetning: IB, Selfossi



Rnr. 370246

DACIA Duster 4x4.
Nýskr.06/2015, ekinn 80 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ 2.590 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370270

DACIA Duster 4x4.
Nýskr.05/2015, ekinn 73 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ 2.570 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370251

DACIA Duster 4x4.
Nýskr.05/2015, ekinn 84 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ 2.550 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370274

DACIA Duster 4x4.
Nýskr.02/2015, ekinn 113 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ 2.490 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 330425

DACIA Duster 4x4.
Nýskr.06/2013, ekinn 83 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ 2.390 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11

bilaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is



Leonard Cohen á sínu síðasta tónleikaferðalagi í Valensía á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hinsta kveðja Cohens

Tónlistarmaðurinn og ljóðskáldið Leonard Cohen er allur tæplega þremur vikum eftir útgáfu sinnar síðustu plötu. Hans er nú minnst um heim allan.

Snaerós
Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



„Jæja Marianne, þá er komið að því að við erum orðin svo gömul að líkamar okkar láta undan, og ég held að ég muni fylgja þér mjög bráðlega. Vittu til að ég er rétt á eftir þér og ef þú teygir út höndina held ég að þú nái mér.“

Þessi hógværu en undurfögru orð sendi Leonard Cohen í bréfi til músu sinnar og fyrrverandi ástkonu Marianne Ihlen í júlí síðastliðnum. Hans hinsta kveðja á dánarbeiði hennar. „Þú veist að ég hef alltaf elskað þig fyrir fegurð þína og visku, en ég þarf ekki að tala meira um það því auðvitað veistu það. Mig langar að óska þér góðrar ferðar. Vertu sæl, gamli vinur. Endalaus ást, sjáumst á förnem vegi.“

Þremur mánuðum og tveimur vikum síðar hefur hann lagt í ferðalagið á eftir henni, ljóðskáldið og tónskáldið sem hefur snert svo marga. Cohen er þriðji tónlistarmaðurinn, af þessum virkilega stóru, sem hefur dáðið á árinu. Fyrst fóru David Bowie og Prince. Þrefaldur harmdaudi fyrir heimsbyggðina.

Leonard Cohen var 82 ára gamall og það var í ljósi þess sem ég leitaði að tónleikamiðum þann fyrsta þessa mánaðar, í þeirri veiku von að ég gæti kannski boðið pabba á Cohen og við feðginin séð stjörnunna áður en hans síðasti sjens rynnir upp. En þá var það orðið of seint.

Trúin alltumlykjandi

Leonard Cohen fæddist í Montreal í Kanada árið 1934. Afi hans var rabbí og stofnandi kanadíska gyðingasöfnuðsins. Cohen hefur sjálfur sagst hafa fengið mjög trúarlegt uppeldi og verið sagt að hann væri beinn afkomandi Arons, spámanns gyðinga.

Söngvum hans hefur enda verið líkt við bænin. Djúp röddin sem tónar lögin, ýmist ástarlög, lög losta, eða texta þrungna pólitískri meiningu – stundum allt í senn – með mjög sterkri nærveru söngvarans; ekki ósvipað rödd prests sem berst fram steinsteypta kirkjubyggingu. Eins og köld forsæla kirkjunnar eftir sjóðheitan sólarlag við Miðjarðarhafið. Bakraddirnar raula bjarta tóna eins og barnakór.

Það tók Cohen fimm ár að koma einu af hans þekktustu lögum, Hall-elujah, saman. Hann laug því að Bob Dylan að lagasmíðin hefði aðeins tekið tvö ár. Lagið er fullt tilvísana til Biblíunnar en er á sama tíma lostafullt. Sagan segir að Cohen hafi skrifað áttatíu drög að laginu og að endingu setið fáklaðdur á hótélher-



Marianne Ihlen, sonur hennar Axel Jensen og Leonard Cohen á grísku eyjunni Hýðru þar sem þau kynntust. NORDICPHOTOS/GETTY

Leonard Cohen

Fæddur 21. september 1934
Hefur gefið út 14 stúdíóplötur
2 skáldsögur
13 ljóðabækur
Nýjasta plata Cohen, You want it darker, kom út 21. október 2016

þeirrar skoðunar að hann skilji þær í öðrum hæðum en aðrir karlmenn. Marianne lýsti fyrsta skiptinu sem hún hitti Cohen á grísku eyjunni Hýðru í viðtali við blaðamanni Kari Hesthamar árið 2005.

„Það var eins og hann hefði strax alveg ótrúlega samúð með mér og barninu mínu. Ég man vel eftir því þegar augu okkar mættust fyrst, hvernig ég fann það í gegnum allan líkamann. Þú veist hvernig það er. Það er ótrúleg tilfinning.“

Konurnar í lífi Cohen hafa samt fengið að kynna þvi að hann var þeim ótrú, eða kannski voru lögmálin önnur og frjálslyndið meira hjá hópnum sem lifði og hrærdist í kringum Hótel Chelsea í New York á sjöunda áratugnum. Það er að minnsta kosti ýmislegt sem bendir til þess í texta lagsins Chelsea Hotel #2 þar sem Cohen lýsir skyndikynnum með söngkonunni Janis Joplin.

„You were talking so brave and so sweet,
Giving me head on the unmade bed,
While the limousines wait in the street.“

Fyrsta lagið sem ég heyrði með Cohen var lagið I'm your man. Líklega hef ég verið tólf ára og það var eins og það dýpkaði skilning minn á einhverju sem er í ljósárafjarlægð frá börnum á þessum aldri. Það er eiginlega hægt að segja að texti Leonards Cohen hafi sett upp staðalinn fyrir öll ástarsambönd sem eftir áttu að koma. Fyrir það er ég afskaplega þakklát.

bergi í New York og barið höfðinu í gólfíð.

„Well your faith was strong but you needed proof
You saw her bathing on the roof
Her beauty and the moonlight overthrew ya
She tied you to her kitchen chair
And she broke your throne and she cut your hair
And from your lips she drew the Hallelujah“

Kvennagullið Cohen

„Hvað veldur því að konur hafa verið svona blíðar við þig, af hverju vilja þær sýna þér nekt sína?“ spurði sænski blaðamaðurinn Stina Dabrowski í viðtali árið 2001. „Ja, ég er ekki eini karlmaðurinn sem hefur reynt af því. Þetta er það sem gengur á milli karla og kvenna. Ég vona að ég sé ekki að segja þér nein tíðindi, Stína,“ svaraði Cohen kíminn.

Konur eru gullni þráðurinn í gegnum feril Cohens. Karlmennt sem taka viðtöl við skáldið sjá þessa kvenhylli í hillingum en konur virðast vera

Nánari upplýsingar má finna á
Facebook - Lindex Iceland

Við erum

5

ára

20%

afsláttur af öllum vörum í dag

LINDEX

we make fashion feel good



CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

153.218 kr.

~~189.990 kr.~~



CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm

96.766 kr.

~~119.990 kr.~~



KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 301 x 200 x 78 cm

193.540 kr.

~~239.990 kr.~~



EASY

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt áklæði. Stærð: 232 x 145 x 85 cm

145.153 kr.

~~179.990 kr.~~



SALMA

2,5 og þriggja sæta sófi. Ljósgrátt áklæði.

2,5 sæta, stærð: 182 x 90 x 80 cm

217.734 kr. ~~269.990 kr.~~

3 sæta, stærð: 212 x 90 x 80 cm

241.927 kr. ~~299.990 kr.~~



MILANO

Þriggja sæta sófi. Svart eða hvítt leður. Stærð: 194 x 90 x 90 cm. Einnig fáanlegur 2ja sæta sófi og stóll.

233.863 kr.

~~289.990 kr.~~



IVV – ÍTÖLSK GÆÐAVARA

20%

AFSLÁTTUR UM HELGINA



1. IVV Vizio hvítvínsglas 36 cl, 1.390 kr **HELGARTILBOÐ 1.112 kr** • 2. IVV Iroko kanna 1,6 lítra 7.990 kr **HELGARTILBOÐ 6.392 kr** • 3. IVV jólaskál 16 cm 2.490 kr **HELGARTILBOÐ 1.992 kr** • 4. IVV Special 30 cl glas á fæti 2.790 kr **HELGARTILBOÐ 2.232 kr** • 5. IVV jólakertastjaki 12 cm 2.490 kr **HELGARTILBOÐ 1.992 kr** • 6. IVV rauð skál 30 cm 5.990 kr **HELGARTILBOÐ 4.792 kr** • 7. IVV jólakertastjaki með servíettum 12 cm 3.990 kr **HELGARTILBOÐ 3.192 kr** • 8. IVV Speedy 24 cl glas á fæti 2.490 kr **HELGARTILBOÐ 1.992 kr** • 9. IVV jólalöber, 150x42 cm 4.990 kr **HELGARTILBOÐ 3.992 kr** • 10. IVV Speedy kanna 6.990 kr **JÓLATILBOÐ 4.990 kr** • 11. IVV Holidays jólabox s/4, lítil, 1.790 kr **HELGARTILBOÐ 1.432 kr** • 12. IVV jólabox, stærð: 22 cm 2.190 kr **HELGARTILBOÐ 1.752 kr**



Tófrar jólanna í Höllinni

Þú finnur Jólblaðið á www.husgagnahollin.is

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

SÓFAR TAXFREE

Allir sófar á taxfree tilboði*



LARAMIE

Tveggja og þriggja sæta sófar. Mjög endingargott brúnt microfiber áklæði.

2ja sæta, stærð: 170 x 95 x 95 cm
161.282 kr. ~~199.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 220 x 95 x 95 cm
169.347 kr. ~~209.990 kr.~~



PINNACLE

Þægilegur 3ja sæta La-Z-Boy sjónvarpssófi með niðurfellanlegu borði. Fæst í dökkgráu og brúnu slitsterku áklæði. Stærð: 210 x 95 x 105 cm

258.056 kr. ~~319.990 kr.~~

RIALTO

Nettur og skemmtilegur La-Z-Boy sjónvarpssófi. Svart leður. Stærð: 205 x 90 x 105 cm

370.960 kr. ~~459.990 kr.~~



Þú finnur SÓFA-TAXFREE-
blaðið á husgagnahollin.is

KENNEDY

Klassískt sófasett frá La-Z-Boy. Grátt og ljósgrátt slitsterkt áklæði.

2ja sæta, stærð: 177 x 100 x 97 cm
153.218 kr. ~~189.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 196 x 100 x 97 cm
161.282 kr. ~~199.990 kr.~~



* Taxfree tilboðið gildir bara á sófum og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar og gildir til 29. apríl 2016

 HÚSGAGNA
HÖLLIN

Glatað tækifæri



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Bandaríkjamenn völdu sér forseta í vikunni í sögulegum og stórfurðulegum kosningum. Að endingu stóð Donald Trump uppi sem sigurvegari, sem var nokkuð sem helstu sérfræðingar töldu nánast óhugsandi að morgni kosningadags.

Trump fékk reyndar færri atkvæði en Hillary Clinton, en bar engu að síður sigur úr býtum í keppninni um hina viðfrægu kjörmenn sem að forminu til kjósa forsetann. Við því er ekkert að segja. Frambjóðendur og kjósendur þekktu kosningakerfið þegar haldið var af stað. Niðurstaðan er því lýðræðisleg, þótt halda megi því fram með góðum rökum að kjörmannakerfið sé meingallað.

Hvað sem segja má um Trump er ljóst eftir á að hyggja að kosningabaráttan hans var allt að því snilldarlega útfærð. Honum tókst með yfirboðum og stórkarlagum yfirlýsingum að halda sér nánast stanslaust í kastljósi fjölmiðla. Sigur hans byggðist svo ekki síst á því að ná til hópa af kjósendum sem almennt hefur ekki verið reiknað með. Honum tókst að fá þjóðfélagshópa sem hafa látið sig kosningar litlu varða mæta á kjörstað, og það með því að eyða einungis broti af því sem Hillary Clinton kostaði til.

Eftir sem áður skilur sigur Trumps eftir sig óbragð í munni. Hann hefur sýnt ótrúlega vanþekkingu á alþjóðamálum, daðrað við útlendingahatur, lagt fæð á ákveðna trúarhópa og gerst sekur um að sýna konum hreint ótrúlega vanvirðingu. Gildir þá einu þótt fyrstu skref hans eftir að kjöri var náð bendi til þess að sennilega hafi hann í mörgum tilvikum sagt það sem ákveðnir hópar vildu heyra, frekar en lýsa eigin skoðunum. Við getum kannski bundið einhverjar vonir við að undir hrjúfu yfirborðinu leynist mýkri maður.

Helsta niðurstaða kosninganna er þó sú að Bandaríkjamenn skuli hafa hafnað Hillary Clinton. Ræða hennar þegar hún var víðurkenndi ósigur var sannkallað stórvirki. Þar leyfði hún sér að sýna kjósendum á sér tilfinningalegu hliðina – mögulega nokkuð sem hefði mátt komast betur til skila í kosningabaráttunni. Merkilegust voru þó skilaboð hennar til ungra stúlkna, sem hún hvatti til dáða. Einhvern tíma skyldi glerþakið sprengt.

Clinton var framúrskarandi frambjóðandi – erftit er að hugsa sér marga forseta sem státað hafa af hennar reynslu og bakgrunni þegar þeir tóku við embætti. Hún hlaut líka ósanngjarna gagnrýni meðan á baráttunni stóð. Getur verið að sú staðreynd að hún er kona hafi ráðið miklu? Við Íslendingar þekkjum af eigin reynslu að konur eiga erfðara uppdráttar í pólitík en starfsbræður þeirra.

Pólitíkin hér á landi eftir hrun er órækur vitnisburður um það.

Hillary Clinton hefði ekki bara verið frábær forseti, heldur hefði hún verið fyrsta konan til að gegna þessu valdamesta embætti veraldar. Í því hefðu falist mikilvæg skilaboð. Alls óvist er hvenær kona á næst raunhæfa möguleika á að verða forseti, en af sögunni að dæma getur verið langt þangað til.

Bandaríkjamenn völdu ekki bara rangan frambjóðanda. Þeir misstu af tækifæri til að brjóta blað í sögunni.



Merkilegust voru þó skilaboð hennar til ungra stúlkna, sem hún hvatti til dáða. Einhvern tíma skyldi glerþakið sprengt.

Gunnar



Mín skoðun Logi Bergmann



Skólaball

Kennarar hafa verið að mótmæla alla vikuna. Ég held að flestir skilji það. Ég man þá tíð þegar þeir voru alltaf í verkföllum. Vá, hvað það var meiriháttar. Ég hef samt ekki alveg sömu afstöðu til verkfalla kennara nú og fyrir nokkrum áratugum. Merkilegt.

Það er flókið að vera kennari. Ekki síst þegar kemur að hlutum fyrir utan kennsluna. Sérstaklega núna, þegar komnar eru reglur um að það megi ekki skilja útundan og alls konar eineltisáætlanir (sem eru alls ekki áætlanir um að leggja einhvern í einelti). Og það getur til dæmis verið mjög flókið að halda skólaball.

Tökum bara dæmi af fullkomnu handahófi og um algjörlega ímyndaðan skóla sem er klárlega ekki til. Hvergi.

Ólíkir bekkir

D-bekkurinn er stærstur en sumum hinna krakkanna fannst hann svo leiðinlegur síðast að þau vilja helst ekki leika við hann. Þau segja að hann sé frekur og sé alltaf að reyna að hjálpa vinum sínum, sem eru í allt öðrum skóla. En það er líka vesen af því að það eru svo margir í bekknum og án þeirra er erftit að halda ball. Skólastjórinn ákvað sem sagt að þeir ættu að skipuleggja ballið en það virðist ganga illa að bóka skemmtiatriði.

Krakkarnir í C-bekknun voru margir einu sinni í D-bekknun en héttu þar af því þeir vildu hafa Frozen-þema á síðasta balli en D-bekkurinn var alveg harður á Monster High. Nokkrir þeirra vildu reyndar helst hafa Batman þema, en þessar stelpur fá einhvern veginn alltaf að ráða.

Svo er það A-bekkurinn sem allir héldu að hefði hætt en svo mætti hann bara fyrsta daginn. Svaka hress. Þar eru ekkert rosalega margir og þeir vilja helst bara leika við krakkana í C-bekknun. Sérstaklega gaurinn sem er alltaf í sömu fötum.

Hinir bekkirnir

B-bekkurinn var stærri en lenti í einhverjum vandræðum af því að einn í bekknum sagðist aldrei vera með nesti og fékk hjá hinum, en var svo alltaf með nesti. Sumum finnst bekkurinn ágætur eftir að það kom nýr formaður en vita aldrei alveg hvar þeir hafa hann. Sko, bekkinn, ekki formanninn. Sumir vilja alls ekki leika við neinn úr B-bekknun. Jafnvel þó að þau taki aðra vini með sér.

P-bekkurinn er miklu stærri en hann var. Krakkarnir þar eru soltið óþekkir og eiginlega enginn af hinum bekkjunum vill leika við þá. Reyndar hafa krakkarnir í P-bekknun boðist til að koma bara á ballið, sjá kannski um sjoppuna og vera eiginlega ekkert fyrir, en hinir krakkarnir eru alls ekki vissir. Maður veit aldrei með þennan P-bekk. Svo vilja þau líka hafa ballið styttra en venjulega og það er ekkert gaman. En það er sagt að einn af þeim sé alveg sjúklega góður í reikningi.

Næstum því allir fluttu úr hverfinu hjá S-bekknun. Þar er nýr strákur, sem kemur utan af landi, og er enn að læra að rata um skólann. Hann er mjög feiminn og vill helst ekki leika við neinn strax. En hann er mjög góður dansari.

V-bekkurinn er næststærsti bekkurinn. Þar er skemmtilegasta stelpan en líka nokkrir svakalega frekir. Síðast þegar V-bekkurinn fékk að ráða átti að fara í rosalega skemmtilega skólaferð til Brussel en þá fóru nokkrir þeirra í fylu þannig að það varð ekkert af ferðinni. Í þeirra bekk er líka einn sem er víst búinn að vera mjög lengi í skólanum.

Það er ekki einfalt að koma þessu öllu saman í gott ball, sem segir okkur að það er ekki jafn einfalt og margir halda að vera kennari.

XPRENT
Hönnun & Merkingar

ER KYNNING eða SÝNING Á NÆSTUNNI?
Banner-up standar í miklu úrvali!

PRENTUN HÖNNUN MERKINGAR xprent.is

Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email:xprent@xprent.is

Lækkað verð í nóvember – með kaupauka



KAUPAUKI
Ný vetrardekk frá Nokian
komin undir og sumardekkin
í skottið.
Verðmæti kaupauka:
141.000 kr.

FORD FOCUS TREND EDITION AKSTURSGLEÐI OG LÚXUSBÚNAÐUR

Focus er einn vinsælasti fjölskyldubíllinn á Íslandi og býðst nú á lækkuðu vetrarverði með kaupauka. Focus hefur sópað til sín verðlaunum gegnum árin fyrir aksturseiginleika og einnig hefur sparneytin og kraftmikil vélin ítrekað fengið viðurkenninguna „International Engine Of The Year“.

Staðalbúnaður Ford Focus er á pari við margan lúxusbílinn. Hann er með loftkælingu og upphitanlegri framrúðu, fékk fimm stjörnur í öryggisprófi EURO NCAP, er sífengdur með Bluetooth og búinn nýjustu tækni eins og íslensku leiðsögukerfi og átta tommu snertiskjá. Þú færð framúrskarandi þjónustu hjá Brimborg og við tökum gamla bílinn þinn upp í nýjan Focus.

TILBOÐ

FULLT VERÐ: FORD FOCUS
TREND EDITION FRÁ 3.250.000 KR.

**VETRARVERÐ OG KAUPAUKI
TIL 19. NÓVEMBER**

FRÁ **2.990.000** KR.



Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Focus
- komdu núna og tryggðu þér Focus á vetrarverði með kaupauka

ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Um skyldur stjórnsmálaflokka

Með löngum inngangi um ljóðskáld, nautgripi og blæbrigði lita á fæðu þeirra.



Kári Stefánsson
forstjóri
Íslenskrar erfða-
greiningar

Ég var að lesa nýjustu ljóðabók Sigurðar Pálssonar sem heitir **Ljóð muna rödd** og er enn í dálitlum rús, með tárin í augunum. Ég man eftir honum Sigga Páls sem unglingi sem var svo flínkur að yrkja ljóð að við hinir þorðum ekki að sýna okkar, vissum að þau væru út í hött. Hann var líka svo yndislega öðruvísi en við hin í því hvernig hann bar sig að því að vera til.

Einu sinni á þessum árum þegar ég var staddur heima hjá honum vestur í bæ sagði hann mér að hann hefði drepið kvígu með því einu að horfa í augun á henni, án þess að segja orð. Ekki man ég hvort hann sagði þessa sögu sem dæmi um kraftinn í ósögðum orðum en hitt er víst að í bókinni nýju breytir hann draumum í orð af slíkum mætti að á hann bitur ekki ljár. Allar götur síðan hann sagði mér þessa sögu hef ég forðast að horfa í augun á kúm af því mér þykir svo vænt um þær. Það má sjálfsagt leiða að því rök að þessi varúð sé óþörf af því að augu mín séu bitlaus miðað við hans, skorti allt sem þurfi til þess að meiða nautgripi. Þessi augu,

sem eru nú orðin að einu sjáandi, hafa oft brugðist mér á annan máta en þann þegar mér hefur mistekist að deyða spendýr með tillitinu einu saman. Ég man til dæmis þegar ég var í sveit austur í Flóa þegar ég var níu ára að aldri og sleit upp gras af túninu síðla sumars og sagði við Brynjólf bónda: „Þetta gras er ekki grænt heldur blágrænt.“ „Bull,“ svaraði Brynjólfur, „það er grænt en þegar það lítur svona út er það ljúffengt, safaríkt og fullt af næringu.“

Ég man að ég gaf lítið út á svar bónda af því ég var viss um að hann hefði aldrei lagt sér gras til munns og gæti því ekki vitað hvort það væri ljúffengt eða ekki; ef hann hefði rangt fyrir sér um bragð væri fullt eins líklegt að sama ætti við um lit. Besti vinur minn á bænum lagði það hins vegar í vana sinn að bita gras. Það var hún Lukka, besta mjólkurkýrin í öllum hreppnum. Við urðum vinir daginn sem færður var frá henni kálfur og hún hágrét, tárin streymdu niður kinnar hennar og hún saug upp í nefið af ekki. Þegar ég sá þetta fór ég líka að gráta ekki bara vegna þess að ég fann til með henni heldur líka vegna þess að ég var einmana og með heimþrá. Upp frá því vorum við Lukka óaðskiljanleg. Hún hlaut að vita hvort gras sem leit svona út væri ljúffengt. Ég reitti fullt fangið af grasinu og færði Lukku þar sem hún stóð á bás við kvöldmjaltirnar. Hún át það með sömu ró og allt annað grænmeti sem henni var



Eftir því sem skoðanir í ríkisstjórn endurspeglar stærri hluta af skoðanarófi samfélagsins þeim mun meiri líkur eru á friði og sátt sem við þurfum á að halda til þess að geta hlúð hvort að öðru.

fært. Þegar hún var búin með það spurði ég hana hvort henni hefði ekki fundist heyið vont. Að vanda var hún fámál þetta kvöldið, horfði bara á mig sínum stóru, fallegu og rómantísku augum og sleikti mig síðan í framan. Þótt tungan á henni Lukku væri býsna hrjúf var hún samt það mýksta sem ég fann fyrir það sumarið. Þógn er sama og samþykki, heyið var ekki ljúffengt og grasið því blágrænt.

Það var bókinn hans Sigga sem rótaði þessari sögu upp í hausnum á mér og það var blágræni liturinn sem minnti mig á að buið væri að kjósa til Alþingis en eftir að setja saman ríkisstjórn. Landslagið í íslenskri pólitík er allt annað en það var þegar flokkarnir voru fáir en stórir og sterkir og litill vandi að sjóða saman tveggja flokka stjórn. Nú eru þeir margir og litlir og má



leiða að því rök að þeir gegni allt annars konar hlutverki í samfélaginu. Kannski er fjöldi og fjölbreytni flokkanna fyrsta skrefið í áttina að beinu lýðræði. Eitt er víst að ef við viljum hlúa að lýðræði í landinu kallar þetta ástand á annars konar ríkisstjórn en þær sem við höfum buið við fram til þessa. Það kallar á að við reynum að mynda ríkisstjórn sem hýsir alls konar skoðanir á ýmsum málum og endurspeglar á þann hátt þjóðarsálina. Eftir því sem skoðanir í ríkisstjórn endurspeglar stærri hluta af skoðanarófi samfélagsins þeim mun meiri líkur eru á friði og sátt sem við þurfum á að halda til þess að geta hlúð hvort að öðru. Þess vegna viljum við hvorki hægri né vinstri ríkisstjórn heldur þá sem er jafnhent. Sú ríkisstjórn verður að hafa innbyrðis tvo stærstu stjórnsmálaflokka landsins

sem eru á sitthvorum endanum á þeirri línu sem við röðum pólitískri filósófiu á.

Ég er handviss um að það þarf ekki annað en kraftinn sem felst í væntumþykju fyrir íslensku samfélagi til þess að beygja þessa línu í hring þannig að endarnir komi saman. Það væri með öllu óásættanlegt ef þessir flokkar létu filósófískan ágreining koma í veg fyrir stjórnarsamstarf vegna þess að á tímum smáflokkanna getur hver einstakur flokkur ekki haft áhrif á stjórn landsins án þess að vinna með þeim sem eru á öndverðum meidi um margt. Það er hætt við því að sá stjórnsmálaflokkur sem þróar ekki með sér viljann og getuna til þessa velkist í erindisleysi uns hans biða þau örlög Samfylkingarinnar að það er ekki lengur hægt að spila bridge á þingflokksfundum.



Blikastaðir
– byggingarland til sölu

Íslandsbanki auglýsir til sölu stórt byggingarland í Mosfellsbæ.
Óskað er eftir tilboðum fyrir kl. 14 miðvikudaginn 30. nóvember 2016.

Um er að ræða 15 hektara byggingarland úr landi Blikastaða í Mosfellsbæ, landanúmer 176813. Landið liggur við bæjarmörk Reykjavíkur og Mosfellsbæjar, sunnan megin við Korpúlfsstaðaveg og neðan við Vesturlandsveg niður að ánni Korpu. Sýnileiki landsins frá Vesturlandsvegi er mikill og auglýsingagildi því mikið. Samkvæmt aðalskipulagi Mosfellsbæjar er gert ráð fyrir að verslunar- og þjónustuvæði / athafnasvæði byggist upp á landinu.

Ekki hefur verið gert deiliskipulag fyrir landið og eru gatnagerðargjöld því ógreidd. Deiliskipulagstillögur frá árunum 2008 og 2013, sem unnar voru af eigendum landsins, gerðu ráð fyrir að byggingarmagn á landinu gæti numið 117-130 þúsund m².

Áhugasamir tilboðsgjafar geta nálgast sölugögn í gegnum netfangið blikastadir@islandsbanki.is og þangað skal enn fremur skila tilboðum á rafrænu formi innan tilgreinds frests.

LEGO VÉLMENNI LIFNA VIÐ

Í HÁSKÓLABÍÓI Í DAG KL. 12.00–15.30

Hvaða lið vinnur *FIRST LEGO LEAGUE* tækni- og hönnunarkeppni grunnskólanna?

Kept er með forrituðum Lego-vélmönnum sem leysa flókin viðfangsefni. Þema keppinnar í ár er *Samvinna dýra og manna*. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Komdu og fylgstu með spennandi keppni!

- LEGO vinnustofur í boði Krumma
- Björgunarsveitarhundur Íslands sýna sporhunda
- Friðheimar kynna býflugnabúskap
- Rannsókn á hegðun hvala
- Rafknúinn kappakstursbíll frá Team Spark
- Vísindasmiðjan verður galopin
- BMX brós sýna listir sínar á hjólum
- Kynnir dagsins er Sprengju-Kata

Einnig er hægt að fylgjast með beinni útsendingu á firstlego.is eða á facebook.com/FLLaIslandi

#FirstLegolceland



HÁSKÓLI ÍSLANDS



NÝHERJI ER LEIDANDI FYRIRTÆKI Á SVIDI UPPLÝSINGATÆKNI

FRÉTTABLAÐIÐ **SPORT**

FIFA WORLD CUP

RUSSIA 2018 KRÓATÍA – ÍSLAND MAKSIMIR-LEIKVANGINUM, ZAGREB

Í DAG KL. 17.00



Æft í grenjandi rigningu Strákarnir okkar mættu til Zagreb í Króatíu í gær og æfðu síðdegis á Maksimir-leikvanginum. Á þeim velli missti Ísland af tækifærinu til að komast úr sílfirni HM 2014 í Brasilíu. Okkar menn geta hefnt þeirra ófara og tekið forystu í liðli undankeppni HM 2018 í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Þessir gæjar kunna að refsa

Margir leikmenn íslenska landsliðsins fá í dag tækifæri til að hefna fyrir tapið á Maksimir-leikvanginum fyrir þremur árum í umspili um sæti á HM. Einn af þeim er landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson.

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is

FÓTBOLTI „Það eru blendnar tilfinningar að koma hingað. Ég fór inn í búningasklefan áðan og þá komu minningarnar allar til baka. Menn voru mjög niðurlátir hér fyrir þremur árum,“ segir landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson.

Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland spilar á Maksimir-vellinum síðan liðið tapaði hér 2-0 í umspili um laust sæti á HM. Það voru því miklar tilfinningar í gangi hjá þeim sem spiluðu þann leik er þeir komu þangað aftur.

Var vendipunktur fyrir liðið

„Þetta eru samt ágætis minningar því þessi leikur var ákveðinn vendipunktur fyrir landsliðið. Við höfum eiginlega ekki litið til baka síðan þá. Menn settu sér skýr markmið og náðu þeim. Kannski var þessi leikur smá spark í rassinn. Vonandi muna menn eftir því þannig. Við eigum harma að hefna en við erum samt ekki í neinum hefndarhug. Þetta er ný keppni og menn eru staðráðnir í því að ná einhverju út úr þessum leik.“

Bæði Ísland og Króatía eru með

sjö stig á toppi riðilsins og það er því ansi mikið undir í þessum leik.

Allir að stela stigum

„Við tölum um það fyrir þessa undankeppni að hvert stig og hvert mark myndi skipta máli. Þetta er það jafn riðill. Það eru allir að stela stigum hér og þar. Þetta verður hörkuleikur og við verðum að vera á táknum í 90 mínútur því þessir gæjar kunna að refsa. Það er klárt mál og þeir gerðu það við okkur fyrir þremur árum. Þeir eru pottþétt til í að gera það aftur ef þeir fá tækifæri til þess. Við verðum að vera einbeittir og einbeitingin þarf að vera til staðar allan leikinn,“ segir landsliðsfyrirliðinn en hvað þarf að gera til þess að pirra Króatana og brjóta þá niður?

„Halda þeim í skefjum. Þetta er mjög einbeitt lið. Það eru ekki margir leikmenn í þessu liði sem missa hausinn. Ef við náum að stríða þeim og halda okkur stöðugleika í vörninni þá fara þeir vonandi aðeins að pirrast. Það er eitthvað sem við gætum þá nýtt okkur. Við þurfum líka að halda boltanum vel og þar getum við enn bætt okkur þó að við höfum gert vel í þeirri deild gegn Tyrkjunum.“

Barátta við Modric og Rakitic

Aron verður væntanlega í skemmtilegri baráttu á miðjuna við þá Luka Modric og Ivan Rakitic sem spila

Feluleikur með Modric

Ante Cacic, landsliðsþjálfari Króatíu, neitaði að staðfesta á blaðamannafundi í gær að Luka Modric, miðjumaður Real Madrid, myndi verða í byrjunarliði Króatía í kvöld. Króatískir blaðamenn segja að það sé pottþétt að Modric byrji leikinn og hlæja að þessum feluleik landsliðsþjálfarans.

Miðjumaður Barcelona, Ivan Rakitic, verður klárlega í byrjunarliðinu og hann fór fögrum orðum um íslenska liðið á blaðamannafundi á Maksimir-vellinum í gær.

„Þetta verður erfitt og við þurfum að eiga okkar besta leik. Liðsheildin er helsti styrkleiki íslenska liðsins. Íslenska liðið er mjög vel skipulagt og leikmenn þess agaðir. Það verður erfitt að brjóta þá niður,“ sagði Rakitic og bætti við að króatíska liðið hefði legið yfir íslenska liðinu síðustu daga.

„Við vitum allt um íslenska liðið. Þekkjum leik þess fullkomlega og þurfum að nýta okkur veikleikana í leik liðsins.“

með Real Madrid og Barcelona. Aron segir að það verði gaman að sparka aðeins í þá.

„Maður verður að láta finna fyrir sér. Við komum til með að sýna þeim virðingu en við munum ekki

Vonandi munu þeir sakna þeirra meira en við gerum.

Aron Einar Gunnarsson

gfa þeim nokkurn skapaðan hlut,“ segir Aron Einar en hann getur ekki látið öskrin í króatískum áhorfendum espa sig upp því það verða engir áhorfendur á leiknum.

Verður svolítið spes

„Þetta verður svolítið spes. Stundum nýtir maður stemninguna til að lyfta sjálfum sér upp en við verðum að gera það á annan hátt í þessum leik. Það verður að koma innan frá. Menn þurfa að móttívera sjálfan sig eins og þeir geta best. Þetta á að vera kostur fyrir okkur því þeir eru vanir sínum blóðheitu stuðningsmönnum. Vonandi munu þeir sakna þeirra meira en við gerum.“

Þótt það sé óvenju mikil meiðsli í herbúðum íslenska liðsins þá hefur fyrirliðinn engar áhyggjur af því að liðið nái ekki að spila sinn leik. „Ég held við munum ráða vel við þetta. Birkir leysti mig af á miðjunni í síðasta leik og Elmar kom út á kant. Það vita allir í þessum hópi til hvers er ætlast af þeim. Þó að menn spili nýjar stöður þá höfum við farið svo vel yfir taktíkuna að menn vita hvað á að gera. Við tækjum þetta vonandi auðveldlega.“

Nýjast

Domino's-deild karla

Haukar - ÍR 93-82

Stigahæstir: Sherrod Wright 31/10 frák./6 stoðs./7 stolnir, Haukur Óskarsson 22, Kristján Leifur Sverrisson 12, Finnur Atli Magnússon 11, Emil Barja 7/9 frák./7 stoðs. - Matthew Hunter 24/8 frák./5 stoðs., Sveinbjörn Claessen 20, Sæþór Kristjánsson 13, Hákon Örn Hjálmarsson 12

Þór Þorl. - Stjarnan 77-94

Stigahæstir: Tobin Carberry 22/11 frák., Maciej Stanislaw Baginski 14, Halldór Garðar Hermannsson 14, Emil Karel Einarsson 7 - Hlynur Elías Bæringsson 24/10 frák./5 stoðs., Arnþór Freyr Guðmundsson 20, Justin Shouse 17/6 stoðs., Tómas Heiðar Tómasson 16, Devon Andre Austin 11/7 fráköst. **Þórslíðið** var 28-12 yfir eftir fyrsta leikhlutann en Stjórnunmenn keyrðu yfir Þórsara í síðustu þremur leikhlutunum.

| Efri | Neðri |
|--------------|----------------|
| Stjarnan 12 | Haukar 4 |
| KR 10 | ÍR 4 |
| Grindavík 8 | Njarðvík 4 |
| Tindastóll 8 | Skallagrímur 4 |
| Þór Þorl. 8 | Þór Ak. 4 |
| Keflavík 6 | Snæfell 0 |



A-riðill

Frakkaland 2-1 Svíþjóð

C-riðill

San Marínó 0-8 Þýskaland

N-Írland 4-0 Aserbaidsjan

Tékkland 2-1 Noregur

E-riðill

Armenía 3-2 Svartfjallal.

Danmörk 4-1 Kasakstan

Rúmenía 0-3 Pólland

F-riðill

England 3-0 Skotland

Malta 0-1 Slóvenía

Slóvakía 4-0 Litháen

Laugardagur

09.00 Nedbank Challenge Golfstöð
 15.50 F1: Tímataka, Brasilía Sport 4
 16.20 Keflavík - Grindavík Sport 5
 17.00 Tyrkland - Kósóvó Sport
 17.00 Austurríki - Írland Sport 3
 17.00 Georgia - Moldavía Bravó
 18.00 OHL Classic Golfstöðin
 19.45 Úkraína - Finnland Sport
 19.45 Spánn - Makedónía Sport 3
 19.45 Wales - Serbía Sport 2
 21.45 HM Markasyrpa Sport 2
 03.00 UFC: Alvarez/McGregor Sport

Domino's-deild kvenna

15.30 Njarðvík - Snæfell Njarðvík
 16.30 Keflavík - Grindavík Keflavík
 16.30 Skallagr. - Stjarnan Borgarnes
 17.00 Valur - Haukar Valshöllin

Olís-deild kvenna

13.30 ÍBV - Valur Vestmannaey.
 13.30 Stjarnan - Fram Mýrin
 16.00 Haukar - Fylkir Ásvellir

Sunnudagur

09.00 Nedbank Challenge Golfstöð
 12.30 Fed Cup í tennis Sport 2
 15.30 Formúla 1 í Brasilíu Sport
 17.00 Lúxemborg - Holland Sport 3
 17.00 Búlgaría - H-Rússland Sport 5
 17.00 Svís - Færeyjar Sport 4
 18.00 OHL Classic Golfstöðin
 19.45 Belgía - Eistland Sport 2
 19.45 Portúgal - Lettland Sport
 19.45 Grikkland - Bosnía Sport 3
 21.45 NFL: Steelers-Cowboys Sport 4
 21.45 HM Markasyrpa Sport

Olís-deild karla

16.00 Afturelding - Haukar Varmá
 16.00 Grótta - Akureyri Seltjarnarn.

Olís-deild kvenna

16.00 Selfoss - Grótta Selfoss

42

„Ég var kynferðislega misnotuð átta ára. Ég hefði þurft hjálp sem lítið barn.

Ég kom til Stígamóta 42 árum seinna. Það breytti öllu í mínu lífi, ég var búin að gefast upp. Líf mitt var martröð.

Stígamót eru það besta sem fyrir mig hefur komið. Ég er hér í dag vegna Stígamóta.

Talan mín er 42.“

7600 einstaklingar hafa leitað aðstoðar Stígamóta frá upphafi

Þú getur gerst mánaðarlegur styrktaraðili á **stigamot.is**

Fylgstu með á **Stöð 2** 18. nóvember

#styttumsvartnættið



Team Spark við Lego-keppnisborð. Tveir meðlima kepptu áður í keppninni en eru nú í hlutverki dómara. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Að kubba er góð hugleiðsla

Krakkar keppa í að kubba úr Lego í Háskólabíói í dag. Þemað er samstarf manna og dýra. Á keppninni verður margt áhugavert tengt þemanu í boði fyrir gesti sem geta skoðað býflugur, sporhunda og fræðst um hvali.

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Hin árlega keppni FIRST LEGO League verður haldin í dag í Háskólabíói. Í ár eru 22 lið skráð til leiks og er þemað Samstarf manna og dýra.

„Keppnin snýst fyrst og fremst um það að vinna saman að því að finna lausnir og gefst keppendum tækifæri til að koma með lausnir á helstu áskorunum nútímans á alþjóðavettvangi, m.a. náttúruvá og loftslagsmálum,“ segir Ingunn Eypórsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, um tilgang keppinnar.

„Við leggjum áherslu á að keppnin sé fyrir alla enda reyna verkefni á mjög fjölbreytta styrkleika og liðsheild,“ segir Ingunn.

Margt verður í boði fyrir gesti á keppninni. „Það verða sporhundur frá Björgunarsveitarhundum Íslands, býflugur frá Friðheimum verða til sýnis, og hvalasérfræðingur mun fræða gesti um hegðun hvala. Þá verður Krumma með vinnustofur þar sem hægt verður að spreyta sig á Lego-verkefnum undir leiðsögn sérfræðinga. Vísindasmiðjan verður opin og rafknúinn kappakstursbíl Team Spark verður á staðnum. Loks munu strákarnir í BMX bros leika listir sínar á hjólum. Kynnir keppinnar er Sprengju-Kata,“ segir hún og vill hvetja sem flesta til að mæta.

En hvers vegna Lego-kubbar? „Lego býður upp á ótal útfærslumöguleika, er uppspretta mikillar sköpunar, höfðar til fólks með ólíka

styrkleika og breiðs aldurs. Svo er það bara svo skemmtilegt,“ segir Ingunn.

Ingunn segir hvert lið hafa einn eða fleiri leiðbeinendur úr sínum skóla. „Það eru miklir eldhugar sem veljast til slíkra verka því undirbúningsferlið er bæði langt og strangt. Liðin fá senda þrautabraut í upphafi skólaárs og undirbúa sig í samvinnu við leiðbeinanda úr sínum skóla. Þessu fylgir mikil samvera og samvinna og því eignast margir góðar minningar,“ segir hún en gott dæmi um það hvað keppnin hefur gengið vel er að tveir fyrirverandi keppendur eru nú dómara og tóku þátt í að hanna rafknúinn kappakstursbíl Háskóla Íslands (Team Spark). „Þá gefst vinningsliðum kostur á að taka þátt í keppni erlendis og hafa mörg lið farið utan,“ segir hún frá.

Ingunn segir margt eftirminnilegt frá fyrri keppnum. „Brúarasskóli



LEGO BÝÐUR UPP Á ÓTAL

ÚTFÆRSLUMÖGULEIKA, ER

UPPSPRETTA MIKILLAR

SKÖPUNAR.

Ingunn Eypórsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

vann keppnina árið 2014 og var það í fyrsta skipti sem vinningslið var eingöngu skipað stúlkum. Ári síðar vann skóli sem var að taka þátt í fyrsta skipti en það er algengt að skólar taki þátt ár eftir ár. Landsbyggðin hefur verið afar dugleg að senda lið og í ár eru 12 af 21 liði utan höfuðborgarsvæðisins,“ segir hún.

Ingunn segir það koma fyrir að hún kubbi sjálf. „Að kubba er eins og góð hugleiðsla. Það bætir og kætir. Hef heyrt að fólk hafi kubbað sig út úr þunglyndi. Sel það ekki dýrara en ég keypti það. Ég er að mestu hætt að leika mér en það kemur fyrir að ég kubbi. Ég asnaðist til að gefa dóttur minni Lego-hótel á þremur hæðum í sex ára afmælisgjöf. Verkefnið endaði mestmegnis á mér og það tók mig tvo mánuði að klára það og mér þótti það mikið afrek. Stuttu seinna datt það í gólfid og brotnaði en minningin er ljúf,“ segir Ingunn.

TCHAIKOVSKY



„MAGNAÐUR ÉVGENÍ ONEGIN SLÆR Í GEGN“

„ÉG MÆLI MEÐ ÞESSARI SNILLD“

JÓNAS SEN, FRÉTTABLAÐIÐ

„SIGUR FYRIR ÍSLENSKU ÓPERUNA“

SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR, TMM


„SÝNING SEM ENGINN ÆTTI AÐ LÁTA
FRAMHJÁ SÉR FARA“

MARÍA KRISTJÁNSDÓTTIR, VÍÐSJÁ

Évgení Ónegin

AUKASÝNING 19. NÓVEMBER

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!



MIÐASALA Á OPERA.IS & HARPA.IS

29. OKTÓBER · 6. NÓVEMBER · 12. NÓVEMBER

UPPSELT

   #islenskaoperan



ÍSLENSKA ÓPERAN

LAND ROVER SÝNING

NÝR DISCOVERY SPORT FRUMSÝNDUR Í DAG FR



DISCOVERY SPORT

Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslum. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni INGENIUM dísilvél og ríkulegan staðalbúnað, upphitaða framrúðu, nýja 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

400.000 KR. KAUPAUKI FYLGIR ÖLLUM NÝJUM
LAND ROVER OG RANGE ROVER Í NÓVEMBER

VERÐDÆMI:

Discovery Sport - Dísil sjálfskiptur, verð frá: 6.890.000 kr.

Range Rover Evoque - Dísil sjálfskiptur, verð frá: 7.690.000 kr.

Range Rover Sport - Dísil sjálfskiptur, verð frá: 13.990.000 kr.

www.landrover.is

HSE DYNAMIC Á 12-16



ABOVE & BEYOND

RANGE ROVER EVOQUE



Nýja 2,0 lítra INGENIUM dísilvélin í Range Rover Evoque, er ekki einungis léttari og aflmeiri en eldri gerðir af dísilvélum í Range Rover Evoque. Hún nýtir eldsneytið að meðaltali um 17% betur en eldri vélin og að sama skapi er CO₂ útblástur 17% minni.

RANGE ROVER SPORT



Range Rover Sport er einn fallegasti jeppi sem hannaður hefur verið. Byltingarkennt burðarvirki úr áli eykur sportlega eiginleika og minnkar eldsneytiseyðslu. Range Rover Sport sameinar betur en nokkur annar jeppi hefur gert hingað til sportlega eiginleika og hæfni við erfiðar akstursaðstæður. Range Rover Sport er búinn 8 þrepa sjálfskiptingu, loftþrúðafjöðrun á öllum hjólum og hinu rómaða Terrain Response® drifkerfi.

ENNEM/ISA / NM78296



KAFFIVEITINGAR FRÁ TE OG KAFFI Í BOÐI
FYRIR ALLA SEM KOMA Í REYNSLUAKSTUR
Í DAG. VERIÐ VELKOMIN!



„Fólk verður að vita að veiðimennirnir finna líka til þegar ísbjörn fellur. En þeir veiða hann ekki upp á sport,“ segir Ragnar Axelsson ljósmyndari um líf veiðimannanna á Grænlandi. MYND/RAX

Þegar ísinn fer þá breytist allt

Í þrjátíu ár hefur Ragnar Axelsson fengist við að ljósmynda líf og andlit fólksins á norðurslóðum. Á því ferðalagi rann upp fyrir honum að hann er ekki aðeins að mynda þetta líf, heldur er hann að skrásetja algjöra umpólun lífsins á norðurslóðum af völdum hlýnunar jarðar. En á Íslandi munu jöklarnir hverfa á næstu 150 til 200 árum.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Sundum er ég spurður að því af hverju ég sé alltaf að mynda þetta fólk en ekki mína eigin kynslóð. Ég held að það sé vegna þess að sagan er ekki komin í andlitið á mínum jafnöldrum. Ég hlustaði á þetta fólk. Ég hef alltaf verið hlédrægur og feiminn, þorði varla að tala við sjálfan mig, og þess vegna hlustaði ég. Ég held að það hafi verið þess vegna sem ég fór að mynda þessar týpur. Þau höfðu sögu að segja.“

Segir Ragnar Axelsson ljósmyndari um fólkid sem hann hefur verið að mynda síðustu þrjátíu árin. Nýverið kom út endurgerð bókarinnar Andlit norðursins eftir Ragnar en þar gerir hann skil á myndum af mönnum þessu þrjátíu ára tímabili. Um helmingur myndanna í nýju útgáfunni hefur aldrei birst áður.

Ragnar segir að hann hafi kveikt á perunni þegar hann myndaði Axel Thorarensen á Gjögri 1986, sitjandi í bátum sínum á leið í róður. „Þetta var augnablikid sem breytti öllu. Það var bankað í hausinn á mér, mér sagt að hugsa fram í tímann og skrásetja þetta fólk. Svo komu Færøjar inn í myndina og síðan Grænland. Löndin í norðri. Síðan þá hef ég alltaf leitað í kuldann.“

Forsendurnar breytast

Ragnar var bara tíu ára, í sveit á Kvískerjum í Öræfum, þegar hann fór að taka myndir. Hann segist hafa fengið myndavéladelluna frá föður sínum og líka fyrstu myndavélina. „Kvískerjabræður ólu upp í mér þessa þörf fyrir að skrásetja umhverfið. Hverja einustu helgi fórum við upp á jökla til að mæla og skrá. Ég reið á hesti til að mæla Fjallsána og fór ríðandi yfir Hrutá tíu ára gamall. Maður yrði tekinn af foreldrum sínum í dag ef það kæmist upp um svona ævintýramennsku. Mér fannst lífið á Kvískerjum

dásamlegt því svona kynnist ég landinu og lærði að meta það. Þessi nánd við náttúruna sem frændur mínir á Kvískerjum gáfu mér var mitt veganesti út í lífið.“

Fyrst, þegar Ragnar tók til við að beina myndavélinni að andlitunum í Öræfasveitinni, var markmiðið ekki annað en að ná flottum myndum til þess að eiga. „Ég setti þetta ekki í samhengi við neitt, ég var líka bara krakki, en þannig leið mér líka þegar ég fór fyrst til Grænlands. Á Kvískerjum heyrði ég af ævintýrum landkönnuða sem ferðudust um Grænland og las bækur Peters Freuchen og hafði háar hugmyndir um Grænlendinga þannig að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum þegar ég kom þangað fyrst sem aðstodarflogmaður í sjúkraflogi. Mér fannst þetta fólk nú engar hetjur. Það var ekki fyrr en ég fór fyrst norður til Thule sem ég áttaði mig á því hvað Grænlendingarnir eru flottir. Ég fór því aftur og aftur þangað til að mynda veiðimennina en það var samt enn á þessari sömu forsendu; að ná bara flottum myndum til þess að eiga. En svo áttaði ég mig á því að þessi tilvera var ekki bara dans á rósum, það var eitthvað að. Veiðimennirnir eru eldklárir í að lesa merki náttúrunnar og þeir voru búnir að átta sig á því að það var eitthvað gerast, að það var eitthvað að í náttúrunni.“

Þeir sáu að hlýnunin var byrjuð þegar nánast enginn talaði um slíkt. Ég áttaði mig ekkert á þessu fyrst í stað, enda alltaf skítkalt, en þeir skynjuðu þetta strax þarna í kringum 1988 til 1990. Þeir sjá og segja að það sé eitthvað að og svo herti alltaf á þessu. Eins og Hjelmer Hammeken, vinur minn í Scoresbysundi, benti á fyrir löngu þá var fjörðurinn áður alltaf ísilagður og öruggur þegar ég kom að heimsækja hann, en núna er ísinn þunnur og varasamur. Ég spurði hann að því hvers hann mundi óska sér ef hann ætti eina ósk og þá horfði hann á mig og sagði: „Ég vil komast 25 ár aftur í tímann, þegar ísinn var öruggur.“ Þar með breyttust forsendur þess



Ragnari er lífið og fólkid á norðurslóðum afar hugleikið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sem ég er að gera. Ég var ekki bara að ná flottum myndum, ég var að ljósmynda algjöra umpólun lífsins á norðurslóðum.“

Enga búrókrata

Þetta hefur orðið til þess að ég er að mynda öll heimskautalöndin alveg upp á nýtt. Ég á eitthvað af saman-

burðarmyndum og það er eitthvað af þeim í Andlitum norðursins, þar sem sjá má firði fyrir 25 árum og svo nú, en ég er líka að vinna að því að stækka safnið, fara til fleiri landa. Ég talaði í tíu mínútur á Arctic Circle ráðstefnunni sem fór fram í Hörpu um daginn og útskýrði mikilvægi ljósmyndarinnar í því að styðja við

bakið á vísindamönnum sem eru oft að sýna einhver gröf sem enginn skilur. Ljósmyndin er leið til þess að sýna fólk hvernig þetta er. Næsta verkefni mitt er að sýna þennan samanburð í myndum ásamt hugleiðingum vísindamanna um norðurslóðir og jörðina alla. Þannig að þetta samtal myndi eina heild í einni bók.“

Ragnar segir að það hafi komið til hans Bandaríkjamenn eftir að hann talaði á Arctic Circle og boðist til þess að styrkja hann í þessu verkefni. „Ég er að vona að það verði af þessu því síðustu þrjátíu árin er ég búinn að vera að gera þetta allt sjálfur og án styrkja. En ef maður trúir á það sem maður er að gera þá gerir maður það. Þá þýðir ekkert að væla og biða eftir því að einhver annar borgi. Maður bara safnar fyrir ferðinni og fer svo af stað. Flýgur norður á bóginn og leigir hundasleða og í guðanna bænum ekki biðja þessa menn um kvittun. Veiðimennirnir fara hreinlega í fylu ef þeir eru beðnir um slíkt. Þá er maður bara búrókrati fyrir þeim og veiðimennirnir vita vel að þeir búa ekkert til í heiminum.“

Í sátt við náttúruna

Ragnari er Grænland og grænlenska þjóðin hugleikin og finnst að við hér mætum gefa nágrönnum okkar meiri gaum. „Veiðimennirnir eru engar pempíur og viðhorf þeirra til allra hluta er hressandi. Þegar ég spurði einn þeirra hvort ég mætti fylgja honum á ísbjarnarveiðar svaraði hann því strax að það væri bannað sem það vissulega er. Ég horfði í augun á honum og sagði: Þú veist ég ætla með. Þá brosti hann og það var svarið sem ég þurfti – svo elti ég hann. Hann var stikkfrí af því að ég elti hann og hann var búinn að segja nei. Svo tók ég myndirnar og þær voru eilítið sláandi. Þess vegna sýndi ég honum þær og spurði hvort ég mætti nota þær því ég vildi ekki skada hann eða samfélagið. Þá sagði hann: „Ég vil að heimurinn fái að sjá hvernig líf mitt er. Ég get ekki farið út í búð eins ➔“

MATARGLEÐI



KÖKUGLEÐI EVU
VILDARVERÐ: 5.399.-
Verð: 6.999.-

ÚTGÁFUBOÐ Á
AKRANESI Í DAG
KL 14.00



STÓRA SMÁKÖKUBÓKIN
VILDARVERÐ: 4.499.-
Verð: 5.999.-

ÚTGÁFUBOÐ Í
KRINGLUNNI Í DAG
KL 14.00




BAKAÐ ÚR SÚRDEIGI
VILDARVERÐ: 3.799.-
Verð: 4.999.-



HREINT Í MATINN
VILDARVERÐ: 3.799.-
Verð: 4.999.-



ÓMÓTSTÆÐILEG ELLA
VILDARVERÐ: 4.299.-
Verð: 5.699.-



MÁTTUR MATARINS
VILDARVERÐ: 4.999.-
Verð: 6.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN


Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð gildir frá 12. nóv. til og með 14. nóv. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



**VEIÐIMENNIRNIR
ERU ELDKLÁRIR
Í AÐ LESA MERKI
NÁTTÚRUNNAR OG
ÞEIR VORU BÚNIR
AÐ ÁTTA SIG Á ÞVÍ
AÐ ÞAÐ VAR
EITTHVAÐ AÐ
GERAST, AÐ ÞAÐ
VAR EITTHVAÐ AÐ
Í NÁTTÚRUNNI.**



Myndir af mannlífi og náttúru úr bókinni *Andlit norðursins* eftir Ragnar Axelsson. MYNDIR/RAX

og þú. Þetta er mitt líf. Ég þarf að veiða til að lifa.“

Maður getur ekki breytt eða stjórnað viðbrögðum fólks við myndum af veiðimönnum að stórfum. En fólk verður að vita að veiðimennirnir finna líka til þegar ísbjörn fellur. En þeir veiða hann ekki upp á sport. Þeir borða kjötíð og nýta skinníð og raunar allt á skepnunni og eru fyllilega meðvit- aðir um það hversu mikið má veiða til þess að viðhalda jafnvægi í náttúrunni. Þetta vita veiðimennirnir, því þeir lifa í sátt við náttúruna og hringrás hennar, ólíkt okkur sem tilheyrum samfélaginu utan við þeirra hring. Vandamálin sem stöðja að hvítbjörnum núna eiga sér orsakir í mengun iðnaðarþjóðanna. Til að mynda er talið að um einn þriðji hluti af ísbjarnarstofninum á austurströnd Grænlands sé úrkynjadur sem lýsir sér þannig að hann fæðist í hvorugkyni. Kynlaus með öllu. Þetta er rakið til mengunar í hafinu sem berst með straumum frá Síberíu

og víðar. Við lifum bara á því sem er á jörðinni. Allt sem við borðum kemur frá henni. Okkur hættir til þess að gleyma því.“

Leikur að eldi

Ragnar ann sér lítillar hvíldar við að mynda norðurslóðir. Hann er með enn aðra bók í takinu um bráðnun jökla þar sem myndirnar munu sýna afleiðingarnar af hlýnun jarðar á norðurslóðum. Hann segist þó ekki endilega vera með einhverjar ákveðnar væntingar til þess hverju slík bók muni skila en hann sé þó að minnsta kosti að reyna. „Ég hef eiginlega engar væntingar. Ég hugsa um ljósmyndina eins og tónlist. Ef ég væri að semja lag til þess að þóknast einhverjum þá væri það ekki neitt. Maður verður að semja það sem maður þarf að semja. Ef ég væri að taka myndir til þess að þóknast öðrum þá væri ég bara að mynda sólsetur.

Jöklamyndirnar eru líka svo abstrakt. Sprungur og jöklar út um

allt í mismunandi birtu. En á bak við þessar myndir liggur illur grunnur því jöklarnir á Íslandi hverfa á næstu 150 til 200 árum, jafnvel þótt við slökkvum á rofanum núna. Auðvitað eru þrjátíu ár, þessi tími sem ég hef verið að skoða þetta, eins og brot úr augnabliki í heimssögunni. En það er undarlegt að við skulum leika okkur svona að eldinum eins og við mannkynið erum alltaf að gera. Við verðum að skilja eitthvað eftir fyrir komandi kynslóðir og Keith Richards því hann verður sá eini sem verður eftir ef fram heldur sem horfir.

Ég er að plana ferðir um Tsjúk-otka, Alaska og Síberíu en ég þarf að fara á öll þessi svæði til þess að fá heildarmyndina. Ég þarf að ná öllu þessu heimskautasvæði. Jöklarnir hér heima eru hluti af þessari heildarmynd. Sólheimajökull hopar hundrað metra á ári og þar geta ferðamenn séð með eigin augum hvað er að gerast. Mér finnst vera að herða enn þá meira á þessum



**EN ÞAÐ ER
UNDARLEGT AÐ
VIÐ SKULUM
LEIKA OKKUR
SVONA AÐ
ELDINUM EINS
OG VIÐ MANN-
KYNID ERUM
ALLTAF AÐ
GERA.**

breytingunum síðustu ár. Þetta er miklu hraðara en þegar ég var lítill strákur að mæla jöklana með Kvískerjabræðrum.“

Konungar og hetjur

Þegar Ragnar fór að vinna að *Andlitum norðursins* í nýrri og stækkaðri útgáfu segir hann að tækifæri hafi opnast til að dýpka sögunnar af fólkinu sem hann hefur tekið myndir af undanfarna þrjá áratugi. „Flestir Íslendingarnir í bókinni, fólkíð sem ég heimsótti út um allt land, eru nú látnir. Margar þessar byggðir hafa látið mikið á sjá, til dæmis Strandirnar eða byggðirnar á Vestfjörðum. En það sem mestu skiptir er að hafa tekist að ná sögu þeirra, myndum af lífi þeirra. Þann-



Ísland er á jaðri heimskautasvæðisins en jöklar landsins munu hverfa á næstu 150-200 árum. MYND/RAX

ig skynjar maður tímann og gang hans. Það sama gerist á Grænlandi. Byggðirnar á austurströndinni til að mynda hafa farið í eyði ein af annarri og raunar veit maður ekki hver verður framtíð Austur-Grænlands. Þegar breytingar á loftslagi og veðri bæstast við verður æ tví-sýnna um framhaldið þarna. En maður verður að reyna að vona og trú. Flóttamannavandinn sem heimurinn stendur frammi fyrir í dag verður eins og dropi í hafíð miðað við það þegar það verður orðið of heitt. Það gengur ekki að láta eins og ekkert sé að gerast. Það er fólk þarna á Grænlandi, þarna á ísnum, og þetta eru heimkynni en ekki auðn. Það er fullt af fólki sem veit ekki að það er líf þarna því ➔



EN SVO ÞEGAR MAÐUR

KEMUR MEÐ ÞEIM ÚT Á

HAFÍSINN ÞÁ STÓLAR

MAÐUR Á ÞÁ OG SÉR HVAÐ

ÞEIR ERU Í RAUN OG VERU:

KONUNGAR OG

STÓRMENNI.

Hinir látnu lagðir til hvílu á klöppum

Brot úr bók Ragnars Axelssonar,
Andlit norðursins

Kulusuk 1997

Viðast hvar á Grænlandi er svo litill jarðvegur að hinir látnu eru lagðir til hinstu hvílu á klöppum og grjóti hlaðið að. Finna má grjóthrúgur með krossum, dysjar og leiði, jafnt inni í miðjum þorpum sem úti á víðavangi. Oftar en ekki hafa hinir látnu verið lagðir til hinstu hvílu þannig að þeir horfi yfir landið sitt eða út á hafið. Veiðimenn sögðu mér sögu af

fimm ára stúlku sem veiktist og lést í sleðaferð. Hún var dysjuð uppi á fjalli sem snýr að firði þar sem er einstök náttúruvegur. Sumum gæti þótt það kaldlyndi að skilja lítið barn eftir fjarri heimkynnum sínum en hugsunin er falleg og full virðingar fyrir þeim sem farnir eru á vit forfeðra sinna.

Kannski flýgur hrafn þar yfir, oftast eina lífveran sem sést eða heyrist í einmanalegum kuldanum í mannausum fjörðum Austur-Grænlands. Ýmist er það napurt hljóð að hausti

eða ef til vill eilítið vonbjart að vori þegar hafísinn fer að brotna upp og daginn að lengja. Á síðustu árum er eins og þessi hefðbundni sláttur árs-tíðanna sé ekki sá sami og áður. Ísinn heldur ekki lengur mönnum á vetrum en er samt of mikill til að hægt sé að sigla um hann. Veiðimenn í byggðum Austur-Grænlands þurfa að glíma við alveg nýjan veruleika. Sumir sjá í þessum breytingum nýja von en aðrir óttast afleiðingarnar fyrir allt mannkynið þegar ísinn bráðnar á norður-slóðum.



Sumum gæti þótt það kaldlyndi að skilja lítið barn eftir fjarri heimkynnum sínum en hugsunin er falleg og full virðingar fyrir þeim sem farnir eru á vit forfeðra sinna.



skilaboðin eru önnur þegar það er alltaf bara sýndir ísjakar og ekkert annað og þess vegna mynda ég líka fólkið. Lífið. Það þarf að sýna heiminum þetta fólk og þetta er flott fólk sem á þarna sín heimili. Þegar ísinn fer þá breytist allt.

Þetta eru okkar næstu nágrannar. Við hugsum hins vegar ekki um þá þannig og satt best að segja kemur mér alltaf aðeins á óvart hve óframfærni Grænlandingar eru þegar þeir eru hér á ferð ég hitti þá. En svo þegar maður kemur með þeim út á hafísinn þá stólar maður á þá og sér hvað þeir eru í raun og veru: Konungar og stórmenni. Það kennir manni að bera virðingu fyrir öllum mönnum og ekki síst þeim sem vita að maðurinn og náttúran eru eitt.“

Ný lán fyrir fyrirtæki í vexti

Nú getum við boðið fyrirtækjum með spennandi hugmyndir um nýsköpun og vaxtarmöguleika hagstæð framkvæmdalán með stuðningi Evrópska fjárfestingasjóðsins, EIF.

Ef þú sérð spennandi tækifæri framundan þá skaltu kynna þér hvort við getum hjálpað þér að grípa það.

Kynntu þér nýju lánin á arionbanki.is

Arion banki
– fyrir framtíðina

Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Sigríður
Þorgeirsdóttir
prófessor í heimspeki



Það má vel vera að það sé verið að skipta út einni valda-auðstétt fyrir aðra í Washington með þessum kosningum. Ríkir karlar undir forystu Trumps sem taka við af smartari elítu undir forsæti Obama og sem Hilary Clinton tilheyrir. Ein helsta ástæðan fyrir að auðmaðurinn Trump sigraði Wall-Street-fjármagnaða Clinton er að hann náði til stéttanna sem hafa verið skildar eftir og sem Demókratar, aðrir en Bernie Sanders, Elizabeth Warren og þeirra áhængendur, voru blindir á. Trump hlustaði á þessar stéttir og gerði ekki grín að fólki á matarmiðum og atvinnuleysisbótum meðan hann hæddist að fötludum, útlendingum og konum og braut allar reglur „political correctness“.

Frá upphafi Reagan-tímabilsins um 1980 hafa hinir ríki orðið ríkari meðan miðstéttin og einkum lægri miðstétt hefur holast að innan, lent í skuldum og eignamissi. Þarna er heil kynslóð sem liggur að stórum hluta óbætt hjá garði. Ekki bætti úr þegar bankarnir voru borgaðir út eftir bankahrunið sem jók enn á mis-skiptinguna og mokaði peningum í eitt prósent þeirra ríkustu. Demókratar í Bandaríkjunum leiddu þær aðgerðir og flokkur þeirra molnar núna eins og Blair-sinnaðir félagshyggjuflakkar víða á Vesturlöndum.

Vinstri stefna Obama og Clinton fólst að drjúgum hluta í sjálfsagðri og nauðsynlegri baráttu minnihlutahópa. En vinstrið náði ekki lengra en það og skildi hópa út undan. Ekki sist hvíta karla sem búa við atvinnuóör-yggi og aukna fátækt vegna þróunar upplýsingatækni, útvistunar starfa til Asíu og staðkunar gígg-hagkerfisins með tilkomu innflytjenda. Þetta eru hópar karlar sem eiga ekki lengur sjens á að lifa ameríska drauminn og finnst þeir vera án málsvara, útskúf-aðir og niðurlægðir, líka vegna femín-isma vegna þess að þeir hafa stundum dregist menntunarlega og stöðulega aftur úr konum. Það á eftir að fara inn í sögubækurnar að Clinton kallaði þessa hópa „reiðra hvítu karla“ „deplorable“, hina aumkunarverðu. Þeir slá nú til baka og láta pólitíkina í Washington sem hlustaði ekki á þá heyra það. Sú staðreynd að yfir 40 prósent kvenna kusu Trump er til marks um að stór hluti kvenna stóð frekar með sinni stétt en sínu kyni í þessum kosningum. 53 prósent hvítu kvenna sem kusu Trump birtir einnig kynþáttaviddina í þessum kosningum, en Trump naut lítills fylgis meðal blökkumanna.

Það þarf meira en loforð Demókrata um skattahækkunir á þá ríki til að ná til hinna gleymdu stétta. Og Trump talar inn í það tómarúm með loforðum um atvinnuskapandi aðgerðir og endurbætur á fúnum innviðum samfélagsins. Nú er að sjá hvort miljarðamæringurinn og businesskallinn Trump snúi auðmagni aftur til hinna gleymdu stétta. Eða hvort hann fellur í gryfju spillingar-pólitíkurinnar. Verst væri ef hann leiðist út í fasiska vitlesu.

Lærdómurinn sem við getum hins vegar dregið af þessum kosningaúrslitum er að hlusta, að hlusta á allar raddir án þess að dæma þær úr leik af snemma. Samtalið verður að hefjast þar, á hlustun.

Hafrún
Kristjánsdóttir
sálfræðingur



Sú skýring er ómenntaðir og fátækari sveitalubbar hafi kosið Trump í bunkum en hugsandi, menntað og vel gefið fólk hafi kosið Clinton, heldur tæpast vatni. Það má meðal annars sjá með því að skoða

Rýnt í Trump

Hvað er í kollinum á Trump og hvað er í kolli bandarískra kjósenda? Sérfræðingar og listamenn rýna í kosningaúrslitin og nýjan forseta Bandaríkjanna.

TRUMP HLUSTAÐI Á ÞESSAR STÉTTIR OG GERÐI EKKI GRÍN AÐ FÓLKI Á MATARMIÐUM OG ATVINNULEYSISBÓTUM MEÐAN HANN HÆDDIST AÐ FÖTLUÐUM, ÚTLENDINGUM OG KONUM OG BRAUT ALLAR REGLUR „POLITICAL CORRECTNESS“.

Sigríður Þorgeirsdóttir

HANN ER PERFORMER, HANN ER UPPÁKOMA, SÝNING, INNIHALDSLAUST SKEMMTIATRÍÐI. HANN ER ÓVIÐEIGANDI STORMUR ÚR TEBOLLA BANDARÍSKRA STJÓRN MÁLA.

Hermann Stefánsson

TRUMP ER EINFÖLD SJÓNVARPSFÍGÚRA – ÓGÆDSLEG OG HATURSFULL VISSULEGA, EN SAMT FÍGÚRA – OG BANDARÍKIN ERU DÆGURMENNINGAR-SAMFÉLAG.

Kött Grá Þjé

MEÐ ÓHEFLAÐRI FRAMKOMU OG EINFÖLDUM SKILABOÐUM TÓKST TRUMP AÐ HÖFÐA TIL ÞESSARA HÓPA; HANN TALAÐI UM ÓTTA ÞEIRRA OG BROSTNAR VÆNTINGAR Á ÞEIRRA EIGIN TUNGUMÁLI.

Jón Gunnar Bernburg

KVITTAR UPP Á KYNFERÐISLEGT OFBELDI OG MISMUNUN SEM MAÐUR VONAÐAST TIL AÐ HEYRÐI SÖGUNNI TIL.

Styrmir Sigurðsson

TRUMP SPILAÐI INN Á TILFINNINGAR SEM HAFU AÐ ÖLLU JÖFNU STERK ÁHRIF Á HEGÐUN. INN Á ÓTTA OG REIÐI.

Hafrún Kristjánsdóttir

Magnús
Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Hermann
Stefánsson
rithöfundur



Ég fagna kjöri Trumps. Hlýnun jarðar er langdregin og þreytandi aðferð við að tortíma veröldinni, loksins er kominn fram maður sem vill bara drífa þetta helvíti af með kjarnorkusprengjum. Og þótt hann geri það ekki er stefna hans í loftslagsmálum í það minnsta almennileg helstefna og ætti að stytta þetta langdregna kvalræði.

Kjör Trumps merkir það sama og Brexit. Hvað kemur viðskiptamall fjármálalífsins almenningi við? Hver er stefna Evrópusambandsins í loftslagsmálum? Loðmullulegt hálfkák sem sambandið meinar ekkert með, enda gerir það tollasamninga svo flytja megi matvæli sem lengst með flugvélum. Ekki að almenningur hafi áhyggjur af loftslagsmálum en hann er leiður á hálfvelgju, leiður á hræsni stjórnmálanna, leiður á hjali sem dylur þversagnir sínar með helgislepju, drullumallar í tungumálinu í stað þess að orða veruleikann.

Menntamenn orna sér nú við frasa um hvað almenningur sé heimskur að kjósa ekki það sama og þeir. Þannig klofning má sjá á öllum sviðum. Menntastéttirnar eiga enga samleið með almenningi, sem er ekki svo skyni skropinn að sjá það ekki, og forherðist, ótrúlegt nokk, við hverja vandlættingargusu. Fjármálakerfið er lokaður heimur sem kemur fólkinu ekkert við. Hinir ríki verða ríkari og hinir fátæku fátækari svo bilið er orðið ævintýrlegt – gjáin í hugmyndaheiminum er engu minni.

Demókrátsku öflin hafa misst tengslin við veruleikann en tengst fjármálaöflunum. Í huga þeirra er „alþýða“ bara óhlutbundin innistæða í tékkahefti stjórnmálafrásanna, ekki raunverulegt fólk sem býr við raunverulegar aðstæður. Þegar svo er komið þýðir ekkert fyrir neinn að upphefja sig á kostnað almennings. Hin blákalda staðreynd er sú að bandarískur almenningur vissi nákvæmlega hvernig Trump er en kaus hann bara samt. Fyrst heilagt hjónaband fjármagnsafla og stjórnmála var það eina sem var í boði var eins gott að hjónaleysin kæmu fram í einum og sama manningum, eins gott að fá almennilegt glapræði.

Trump kemur beint úr raunveruleikasjónvarpi. Hann er performer, hann er uppákoma, sýning, innihaldslaus skemmtiatriði. Hann er óviðeigandi stormur úr tebolli bandarískra stjórnmála. Hann gengur fram með ósvifni og yfirgengilegu bulli, í andstöðu við sífrandi pólitískan rétttrúnað. Sjálfumgledi hans og hroki eru án dularklæða. Allt sem sagt er gegn honum verður honum að meðbyr. Hann lýgur blákalt, ekki með undirferli, dregur ekki dul á hatur sitt og heift, múslimafóbíu, kvenhatur, rasisma – það er í sjálfu sér nóg fyrir einn kjósenda að vilja fá að vera pinulítið ánægður með menningarlega arfleifi sína án þess að vera sakaður um svívirðu.

Fólk kaus ódagot og uppnám í stað seigfljóttandi siglingar að feigðarósi. Þetta á að vera meinhollt alminning. Heimurinn er á eins kolrangri siglingu og hugsast getur. Það ber að fagna hverju skerri sem steytt er harkalega á. Láti mér galskapinn hver sem vill. Ég er lafhræddur, hjarta mitt skelfur í myrkrinu. Áfram, Trump!

tölur um fylgi þeirra tveggja í mismunandi hópum. Það var til dæmis heill hellingur af hvítum menntuðum konum sem kaus Trump,“ segir Hafrún, sem skyggist inn í hugarfar Trumps og hvernig hann náði kjöri.

„Skýringarnar á því af hverju þetta fór eins og það fór eru líklega flóknar og margvíslegar. Ein getur verið sú að Trump spilaði inn á tilfinningar sem hafa að öllu jöfnu sterk áhrif á

hegðun. Trump spilaði inn á ótta og reiði. Ótta við ákveðna hópa eins og múslima og Mexíkóa og reiði út í einhver fjarlæg og spillt stjórnmöld. Auðvelt er að gera Hillary Clinton að andliti þessara stjórnmála. Þegar fólk er óttaslegið er það líklegt til þess að gera ýmislegt til að koma í veg fyrir að það sem það óttast verði að veruleika. Ætli það sé ekki þannig að óttaslegið fólk sé líklegra en glatt

fólk til að mæta á kjörstað. Fullt af fólki óttaðist að Trump myndi bera sigur úr bítum en allar skoðanakannanir sögðu þó að það væri harla ólíklegt að það myndi gerast. Mögulega hafa því fréttir af skoðanakönnunum dregið úr ótta, og því dregið úr hvötum þeirra sem óttuðust Trump til að mæta á kjörstað. Það að Trump hafi alíð á ótta og reiði eru þó tæpast einu skýringarnar. Mögulega er kyn-

þáttahatur og kvenfyrirlitning meiri í Bandaríkjunum en við héldum og svo eru eflaust einhverjar skýringar á þessu sem við höfum enn ekki komið auga á. Allavega þá er gósentíð í vændum hjá rannsakendum, t.d. félagssálfræðingum sem munu leitast við að skýra hvað í ósköpunum gerðist. Það verður ekki alveg einfalt því mannlegt atferli er oft flókið fyrirbæri.

NÝJAR LEIKJAVÖRUR

FYRIR KRÖFUHARÐA LEIKJASPILARA



ASUS

ASU-PG278QR

Glænýr 27" leikjaskjár úr Asus Republic of Gamers línunni með 2560x1440 WQHD 2K upplausn og G-Sync. Aðeins 1ms svartími og hægt að stilla refresh rate á 60/120/144 eða 165Hz. Erfitt að finna fullkomnari skjá fyrir leikjaspilun.

165HZ LEIKJASKJÁR
MEÐ 1MS SVARTÍMA

149.995
FIMM STJÖRNU SKJÁR



CORSAIR

FYRSTA MEKANÍSKA LEIKJALYKLABORÐIÐ
MEÐ HLJÓÐDEMPUN Á TÖKKUM

COR-CH9000121ND

Corsair gaming Strafe er með þeim ótrúlega eiginleika að vera bæði mekanískt en einnig með hljóðlátum áslætti. Sjálfstæð RGB LED baklýsing í öllum tökkum og Cherry MX Silent RED takkar.

29.995
HLJÓDLÁTIR TAKKAR

CORSAIR

CORSAIR
TURNKASSI
ÚR STÁLI

COR-CC9011079WW

Hljóðlátur, stílhreinn Corsair Carbide Clear 600C turnkassi með gluggahlíð. Öflug ATX hönnun með ótal tengimöguleikum og þremur ótrúlega hljóðlátum AF140L víftum.

36.995
HÆSTI GÆDAFLOKKUR

noblechairs

LÚXUS
LEIKJASTÓLL
FRÁ NOBLE

NOB-NBLPUBLA002

Einn flottasti leikjastóllinn okkar frá Noble Chairs í lúxusbílaútliti. Sterklega byggður úr gegnheilu stáli með class4 gaspumpu og fimm arma fæti úr áli. Mjúk armhvíla með 4 stillingum og PU húðun.

79.995
LÚXUS Í LEIKINA

SAMSUNG

M.2 SSD MEÐ
FJÓRFÖLDUM SSD HRAÐA

SAM-MZV5P512BW

Örlitlir 512GB SSD diskur sem passa í M.2 tengi á móðurborðum og skila fjórföldum les- og skrifhraða m.v. hefðbundna SSD diska. 2200MB/s les hraði og 900MB/s skrifhraði.

69.995
FJÓRFALDUR SSD HRAÐI

CORSAIR

CORSAIR GOLD 850W AFLGJAFI
MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ

COR-CP9020093EU

RM850x modular aflgjafi með hljóðlátri 120mm Fluid Dynamic Bearing víftu með Zero RPM stillingu – fer aðeins í gang við 40% álag. 80 Plus Gold vottaður.

31.995
TRAUSTUR AFLGJAFI

htc

HTC VIVE
SÝNDARVERULEIKAGLERAUGU

HTC-VIVE

HTC Vive gleraugun koma með tveimur fjarstýringum fyrir hendurnar og tveimur skynjurum. Ótrúleg upplifun. Hægt að koma og prófa í Tölvulistanum á Suðurlandsbraut.

169.995
SÝNDARVERULEIKI

RAZER

RAZER RIPS AW
UPPTÖKUKORT
FYRIR PC EÐA CONSOLE

RAZ-RZ2001780100R3G

Streyndu leikjaspiluninni þinni á YouTube eða Twitch í 1080 punkta upplausn og 60FPS. Tengi fyrir hljóðnema og myndbandsupptöku til þess að fullkomna streymið.

29.995
STREYMDU LEIKJUNUM

TÖLVULISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGISSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS AKRANES



Nadya Tolokonnikova
meðlimur Pussy Riot

Nadya frumsýndi nýverið nýtt tónlistarmyndband þar hún sýnir hvernig lífið gæti orðið eftir kjör Donalds Trumps. Hún ræddi um gerð myndbandsins og sigur Trumps við fréttastofu Reuters. Nadya býr í Los Angeles þar sem hún berst fyrir mannréttindum í Bandaríkjunum. Í myndbandinu sem heitir Make America

great again sést hún brennimerkt af vörðum með nasistamerki og hárgreiðslu með svipar til Trumps. Hún er hlutgerð og dæmd og á hana er brennimerkt „Feita svín“, tilvísun í það þegar Trump veittist að fyrrverandi ungfrú alheimi, Aliciu Machado.

„Ég trúði því ekki þar til í blálokin að hann myndi sigra. Markmið mitt með tónlistarmyndbandinu var að vara fólk við og deila reynslu minni að sitja uppi með Vlad-



imir Pútín með bandarískum kjósendum sem ætluðu sér að kjósa Trump.“

Hún telur frelsinu ógnað.

„Það mikilvæga við frelsi er að það er auðveldlega hægt að taka það af þér. Enginn ætti að vera of öruggur um að njóta frelsis og ég held að margir Bandaríkjamenn haldi að þeir hafi það og muni aldrei týna því, og þeir segja að land þeirra sé land frelsis og önnur ekki.

Ég trúi því að fólk muni gera sitt besta til að vera í andstöðu við nýja feðravelðið sem er að herða tök sín um allan heim. Ef þú getur teiknað, teiknaðu, ef þú getur búið til tónlist, búiðu þá til tónlist gegn feðravelðinu. Ég veit að margir eru pirraðir og vonsviknir og vilja gefast upp. En það er mikilvægt að gera það ekki. Ef við erum sameinuð, þá getum við sigrast á þessu. Þetta eru engin söglok.

Pútín er slæmur, hann er mjög slæmur, en fólk verður að skilja að ástandið í Rússlandi gæti líka orðið í Bandaríkjunum ef það berst ekki fyrir réttindum sínum.“



Jón Gunnar Bernburg
prófessor í félagsfræði

Að útskýra öflin að baki kosningasigrar Donalds Trump er nú orðið að stóru viðfangsefni þjóðfélagsrýna. Fréttamiðlar um allan heim keppast við að setja fram skýringar. Enda viðfangsefnið bæði flókið og heillandi. Á einn eða annan hátt hljóta trúverðugar skýringarnar að byggja á því hvaðan fjöldafylgi Trumps kom.

Fylgið var vissulega svæðisbundid eins og venjan er í Bandaríkjum; Repúblíkaninn Trump fékk örugga kosningu í íhaldssömum fylkjum. En það sem breytti öllu var að hann sótti mikið af nýju fylgi til verkafólks og lægri millistéttarhópa á svæðum sem ekki hafa talist örugg vígi íhaldsmanna um hríð. Þá hafði Trump hljómgrunn meðal hvíttra ómenntaðra karlmanna – reyndar var stuðningur ómenntaðra hvíttra kvenna einnig verulegur.

Í stuttu máli hafði Trump mikinn hljómgrunn meðal þeirra þjóðfélagsþópa sem beðið hafa lægri hlut í efnahagslegu og félagslegu tilliti undanfarna áratugi. Kosningabátttaka þessara þjóðfélagsþópa er venjulega lítil en skilaboð hans um að „hrista upp í kerfinu“ virkjuðu marga til að mæta í kjörklefann. Með óheflaðri framkomu og einföldum skilaboðum tókst Trump að höfða til þessara hópa; hann talaði um ótta þeirra og brostnar væntingar á þeirra eigin tungumáli, með skirskotunum í íhaldssöm gildi þeirra og þörf

fyrir félagslega samstöðu. Skilaboð Trumps voru að mörgu leyti áþekk skilaboðum þjóðernissinnadra stjórnmálaafna sem vaxið hefur ásmegin í Evrópu: höfnun á alþjóðavæðingu efnahagslífs og þjóðfélags.

Fjölmiðlar höfðu augljóslega mikil áhrif en stóra samhengið má ekki gleymast. Undanfarna þrjú áratugi hefur efnahagslegur ójöfnuður aukist samfara alþjóðavæðingu fjármála- og efnahagslífsins; lægri stéttirnar hafa setið eftir á meðan efri stéttir og forréttindahópar hafa bætt kjör sín mjög mikið. Þeirrar þróunar hefur gætt í mörgum öðrum löndum.

Enn fremur jók fjármálakerppan vantrú almennings á stjórnmálakerfinu; líkt og í mörgum öðrum löndum virðist orðræðan um að hinir auðugu hafi náð tökum á ríkisvaldinu hafa fengið byr undir báða vængi. Líkt og í mörgum Evrópulöndum hafa gamalgrónir stjórnmálaflokkar ekki brugðist nægilega skýrt við vandræsti almennings með breyttum áherslum eða stefnumálum; þannig hefur skapast eftirspurn eftir óhefðbundnum stjórnmálaöflum á borð við Donald Trump.

Með réttu eða röngu hafa þeir sem beðið hafa lægri hlut í alþjóðavæðingunni séð tækifæri til þess að breyta kerfinu með því að kjósa þann frambjóðanda sem boðar róttækra breytingar. Sé tekið mið af þeirri orðræðu sem einkenndi kosningabaráttu Trumps er aftur á móti erfitt að sjá hvernig þær breytingar muni gera lítið annað en að veikja lýðræðið enn frekar þar vestra.



Atli Sigþórsson
– Kött Grá Þjé skáld

Við erum öll hrædd. Við erum hrædd við heiminn og dauðann í honum. Þessi ótti brýst út á mismunandi vegu. Auðvitað hafa asnar svo lært að höfða til óttans og fær sér hann í nyt. Dýrkun sjálfsins – eins og dýrkun guða og máttarvalda, trú á hugmyndir, hluti eða hvað sem vera kann – getur sjálf-sagt slegið á ótta asna.

Saga síðustu alda er leikur færra að mörgum. Öll sagan svo sem en tuttugasta öldin var sérlega skínandi dæmi um það. Við höfum fasista og nasista og vinstra alræði, trúarhreyfingar, auglýsingaiðnaðinn, matvælaíðnaðinn, vopnaíðnaðinn, leyniþjónustur, útgerðarmenn og allan fjandann. Ég er ekki að tala um leynifélög og samsæri, bara það að við höfum lært að hafa ótrúleg áhrif í gegnum hugmyndir og ógnanir. Og einfaldar lausnir.

Í kosningunum í BNA núna var mjög höfðað til óánægju sem mikið til er skiljanleg – misskipting er yfirgengileg og fólk sér það hvert sem það lítur. Sér bankana sem aftur bólgna og þann ófögnuð allan. Ábyrgðarlaus ferliki sem gleypa monninga eins og svarthol ljós. Það verður ekki af nýfrjálsbyggjunni skafið að hún hefur fokkað ærlega upp. Og Clinton varð holdtekja þess batteris. Kerfið sjálft í drapp-litri dragt.

Óánægja verður svo algert dúndur í bland við ótta. Báðar

fylkingar beittu hræðsluáróðri á einn eða annan hátt. En Trump og hans hyski spiluðu betur á óttann, notuðu mörg marggreyndustu og skitlegustu trixin – sem itrekað hafa sannað sig. Á meðan Clinton talaði um reynsluleysi Trumps og vafasama viðskiptahætti greip sá síðarnefndi til andstyggilegrar framandgeringar alls fjárans. Músíma, innflytjenda, guðleysingja, LBGTQA-fólks, hörundsökkrara, sósíalista, kvenna (sem ekki falla nákvæmlega að ofureinfaldaðri ídeu viðkomandi karlskoffins) o.s.frv. Beisikli allra sem ekki eru hvítt fólk tiltekinnar aðstöðu og skoðana. Og djöfull sem hann er líka orðljótur.

Tuttugasta öldin var ein samfelld kennslustund í þessu skítabrölti. Verum hrædd! Svo læst þursinn vera karl í krapinu og sá rétti til að berja á öllum hinum vondu og síðlausu, til að leiðrétta misskiptinguna og redda yfirleitt öllu. Við erum svo ginnkeypt fyrir þessari vitleysu að það er lyginni líkast.

Og þó, kannski ekki svo skritið. Hún dreifir hugarum frá stöðugum dauðabeygnum sem alltaf er til staðar og, trúi ég, knýr yfirleitt allan ótta. Heimurinn er flókinn og það er flókið að vera til. Trump er einföld sjónvarpsfigúra – ógeðsleg og haturfull vissulega, en samt figúra – og Bandaríkin eru dægurmenningarsamfélag. Við erum svo meingölluð, kerfið svo meingallað og popúlístar eru manna bestir í að notfæra sér helvítis gallana. Ferlega glatað allt saman. Að við bara værum nú betri í að virkja óttann til ástar hvert á öðru.



@therealdonaldtrump

Var kjörinn farsællega í forsetakjöri. Nú fara atvinnumótmælendur gegn mér hvattir áfram af fjölmiðlum. Mjög ósanngarnt.

10. nóvember

Svo fallett og mikilvægt kvöld. Gleymdi maðurinn og konan munu aldrei gleymast aftur. Við sameinumst sem aldrei fyrr.

9. nóvember

Bandaríkin verða að velja á milli mistækrar stefnu eða ferskra viðhorfa, spillts kerfis og manns sem stendur fyrir utan kerfið.

7. nóvember

Gerið Bandaríkin stórkostleg á ný!

5. nóvember

Það eina sem getur stöðvað spillingarvélina eruð þið. Eini mátturinn nógu sterkur til að bjarga landinu okkar erum við.

4. nóvember

Ef Obama legði sig jafn hart fram um að rétta úr haglandsins eins og hann hefur gert í að reyna að vernda Hillary, værum okkur öllum betur borgið.

4. nóvember

„ICE OFFICERS“ Vara við því að innflytjendastefna Hillary muni leysa úr læðingi: gengi, eiturlyfjahringi og ofbeldi um allt land.

4. nóvember

Takk Orlando, Flórída! Við erum aðeins sex daga frá því að færa hverjum gleymdum manni, konu og barni í þessu landi réttlæti.

2. nóvember

Sjáið hvernig glæpakvendid Hillary er að höndla þetta e-mail mál og hvaða rugli hún er í. Hún er ófær um að sinna embætti forseta. Slæm dómgreind! #crooked

1. nóvember

Vá, Twitter, Google and Facebook eru að reyna að þagga niður glæparannsókn FBI á Clinton. Mjög óheidarlegir miðlar.

30. október

Við erum að sigra og fjölmiðlar neita að segja frá því. Ekki láta þá villa um fyrir ykkur, farið og kjósið. #DrainTheSwamp

24. október



Styrmir Sigurðsson
leikstjóri

Þótt Donald Trump taki ekki við embætti fyrir en í janúar þá er svo mikill skaði skeður nú þegar. Þó hugsanlega reynist hann ekki eins hræðilegur í embætti og hann hefur verið í kosningabaráttunni þá breytir það ekki öllu. Fylgismenn hans eru nú þegar innblásnir af hatri. Þó ekki nema litlum hluta þeirra finnst þeir hafa leyfi til að niðurlægja fólk af öðrum trúarbrögðum eða kynþáttum þá

er það stóráfall fyrir samfélagið. Ég á fjölskyldu og marga vini í Bandaríkjunum. Flestir hatrammir andstæðingar Trumps en líka nokkrir sem kusu hann og ég er í alvörunni reiður þeim. Það er þessi gjá sem er að skapast milli fólks og á einhverjum allt öðrum forsendum en áður. Auðvitað unni maður því að fólk hafi aðrar stjórnmálaskoðanir en herna er um allt annað að ræða. Fólk er sem kaus hann hefur skipað sér í lið með hrottunum, það kvittar upp á kynferðislegt ofbeldi og mismunum sem maður vonaðast til að heyrði sögunni til. Í mínum huga er engin leið að samþykkja það. Menntan tapaði í þessum kosningum.



Mæðgurnar India og Jóhanna fóru og mótmæltu í Columbus Circle í New York.



India salvör Menez
leikkona



Jóhanna Methúsalemsdóttir
listamaður


Ég er sorgmædd og í sjokki. Ég er hrædd, ekki bara um mig sem konu, heldur fyrir hönd alls litads fólks, innflytjenda, transfólks og þeirra sem falla utan við normið. Þetta er svo hættuleg vegferð sem að við getum ekki líðið. Ég skammast mín svo vegna hatursummæla hans og skilaboða sem hann sendir heiminum,“ segir India Salvör.

Móðir hennar Jóhanna tekur undir. „Ég er sorgmædd sem kona og móðir tveggja stúlkna. Við erum


að fara aftur í tímann.“

Þær fóru til að mótmæla í New York daginn eftir úrslitin. „Við fórum, fjölskyldan, í Columbus Circle til að mótmæla. Hillary var ekki breytingin sem fólk vildi og þar af leiðandi fékk hún ekki nógu mörg atkvæði. Hann sjálfur er síðan atkvæðalægsti forseti í langan tíma. Fólk er orðið svo þreytt á þessu kjaftæði í pólitík og er tilbúið í alvöru breytingar. Bernie var alltaf minn maður,“ segir Jóhanna.







ÚTKALL
KRAFTAVERK UNDIR JÖKLI
4.549 KR




ANDLIT NORÐURSINS
13.649 KR



TVÍSAGA
5.249 KR



ALLT EÐA EKKERT
3.359 KR



ALLT MITT LÍF
ER TILVILJUN
5.249 KR



DRUNGI
4.899 KR



SKEGG RASPÚTÍNS
5.249 KR



HARRY POTTER &
BÖLVUN BARNINS
3.849 KR



LEITIN AÐ SVARTA
VÍKINGNUM
4.899 KR



VÍSINDABÓK VILLA
SKYNJUN & SKYNVILLUR
3.989 KR

www.netto.is | Tilboðin gilda 12. - 13. nóvember

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Íðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



Kristjana býr og starfar í London og á enskan mann en kennir börnunum sínum tveimur íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skapar list með sögulegum blæ

Lesblinda gerði **Kristjónu S. Williams** erfitt fyrir í grunnskólanum á Seltjarnarnesi en greindist ekki fyrr en í listaháskólanum Central Saint Martin í London. Nú hafa listmunir og fatnaður með ævintýramyndum hennar vakið athygli heimsins og á Ólympíuleikunum í Ríó var hótelið Belmond Copacabana Palace skreytt listaverkum hennar.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Kristjana Skagfjörð Williams er hálf íslensk og hálf ensk. Hún ólst upp á Íslandi frá tveggja ára aldri til tvítugs en býr í London með eiginmanninum Adam James Bushell og börnum þeirra tveimur, Eidari Skagfjörð sjö ára og Ísól Skagfjörð fjögurra ára. Þar rekur hún stúdíó og er með fimm manns í vinnu við þróun plakata, fatnaðar, veggföðurs og vídeoverka með skrautlegum klippimyndum. Kristjana skreppur til Íslands af og til, heilsar upp á frændfólkið og kikir í búðirnar Kiosk og Kraum sem hafa tiskufatnað hennar og púða til sölu. Núna dró Airwaves hana líka til landsins – en stoppið er stutt.

„Ég er búin að búa í Englandi í 23 ár og dett oft inn í enskuna, þú verður að afsaka það,“ segir Kristjana brosandí þegar ég hitti hana heima hjá góðri frænku. Þar eru innrömmuð prentverk eftir Kristjónu á veggjum og hjá ávaxtaskál á borðinu er stór og litrík bók með litlum

texta, Wonder Garden heitir hún, sem á íslensku gæti þýtt Ævintýragarðurinn. Hún er með myndum af dýrum og plöntum, meðal annars í regnskógunum. „Þetta er barnabók sem hefur sópað að sér verðlaunum og fyrir tveimur vikum var hún tilnefnd til einna í viðbót sem ekki er enn búin að veita. Hún er komin út á tíu tungumálum en þó ekki á íslensku. Enda dálítið dýr í prentun,“ útskýrir hún.

Frá Viktoríutímabilinu

Kristjana kveðst vinna með auglýsingamyndir, náttúrumyndir og alls konar figúru frá Viktoríutímabilinu, sem eru óháðar höfundarrétti, klippa þær út og setja í nýtt samhengi. „Þetta er mikið þúsluspil,“ segir hún og kveðst skipta vinnu sinni í þrjá flokka. Í einum þeirra eru púðar, slæður og tiskufatnaður, allt gert með klippimyndum og þrykki á vönduð efni, meðal annars silki.

Í öðrum eru prentverk sem gerð eru í takmörkuðu upplagi, hvert og eitt merkt og undirskrifað. Þau eru unnin úr þríviddarmyndum sem klipptar eru út og tyllt á spjöld með litlum pinnum sem notaðir eru til að þurrka pöddur og fíðrildi. Þá myndast skuggar frá figúrunum

þegar flassljósið fellur á þau við myndatöku.

Í þriðja flokknum eru persónuleg verk, annaðhvort fyrir vídeó eða vegg. „Fólk vill flétta myndir úr sínu lífi og fjölskyldunnar inn í ævintýraheim myndanna minna. Ég tek viðtöl og fræðist um það og áhugamálin. Þý svo til persónulegar myndasögur þar sem ég nýti myndir úr fjölskyldubúminu. Ég gerði til dæmis 2x3 metra listaverk fyrir efnuð hjón í Danmörku sem fjallaði um þau og landið þeirra, sögu og fortíð. Þetta er heilmikið ferli en það er rosalega gaman að vinna slík verk.“

Byrjaði í rafeindatekni

En nú vil ég vita um upprunann. „Já, mamma heitir Matthildur Magnúsdóttir, hún fór til London og kynntist þar föður mínum, Norman Roy Williams. Þau voru nú ekki lengi samvistum en eignuðust þó mig og bróður minn, Jón Valgeir. En pabbi dó í köfunarslysi þegar ég var þrjú ára svo ég hafði lítið af honum að segja. Síðan flutti mamma með okkur hingað heim svo ég ólst hér upp frá því ég var tveggja ára til tvítugs. Við vorum á Seltjarnarnesinu og ég fór í Valhúsaskóla. Mér gekk ekki vel í skólanum enda með staf-



ÉG FÉKK ALLTAF GOTT

FYRIR TEIKNINGU Í VAL-

HÚSASKÓLANUM EN

SKILDI EKKI AF HVERJU

ÉG GAT EKKI LESIÐ.

blindu en það uppgötvaðist ekki nærri strax. Ég vissi ekkert fyrst hvað ég vildi læra eftir að grunnskólanum lauk en fór í Iðnskólann í rafeindatekni. Ég var hrifin af öllu smáu og lituðu og fannst gaman að búa til eigin rafeindaslóðir.“

Kristjana kveðst hafa heimsótt ömmu sína í Englandi öðru hverju þegar hún var unglingur og ensku ræturnar hafi togað í hana. „Ég fékk alltaf gott fyrir teikningu í Valhúsaskólanum en skildi ekki af hverju ég gat ekki lesið. Það var ekki fyrr en ég var orðin 25 ára og komin í listaháskólann sem ég áttaði mig á því. Þar voru 75 prósent nemendanna

með lesblindu, það er svo sterkt samhengi þarna á milli. Ég var sett í greiningu þar og það var gott. Menntakerfið í Englandi er samt frekar gamaldags í þessu tilliti enn þá. Þar eiga allir að fara upp sama tréð. Ég finn það í sambandi við drenginn minn, sé mikið af mér í honum. Núna veit ég að þegar hann verður eldri getum við stýrt honum í rétta átt.“

Í framhaldi af þessari frásögn sýnir hún mér mynd í tölvunni sem hún rekur til Einsteins. Ólík dýr sitja þar í röð og horfa upp eftir stóru tré sem þeim er skipað að klifra upp, jafnvel fiskinum.

En Kristjana komst ekki beina leið í listaháskólann þegar hún hætti í Iðnskólanum. Leiðin lá til Ameríku, þar sem hún dvaldi í ár og eftir það hélt hún til Englands og hóf að safna sér pening fyrir skólagöngu þar. „Ég fór að vinna hjá byggingafyrirtæki. Með mína kunnáttu í rafeindatekni gat ég með sérstöku tæki mælt steypuskemmdir, hversu þykkt stálið var bak við steypuna og ýmislegt í þeim dúr. Svo fór ég að læra myndlist á kvöldin með vinnunni og þannig var það í tvö ár þar til ég komst inn í Central Saint Martins, aðallistaskólann í Englandi, þá orðin 25 ára. Ég var að

HELGARSTEIKIN Á FLOTTU TILBOÐSVERÐI



GOÐA HRYGGUR
FROSINN

Verð aðeins

1.699

Verð áður
1.999 kr. kg

Kr. kg.

GOÐI

SS LÆRI
FROSÍÐ

Verð aðeins

1.199


Kr. kg.

NAUTALUNDIR
ERLENDAR

Verð aðeins

3.999

Kr. kg.



Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



Ljósasýning með listaverki Kristjónu var á framhlið hótelsins Belmont Copacabana Palace meðan á Ólympíuleikunum 2016 stóð.



Tilkomumikil prentverk prýddu líka móttöku hótelsins.

verða þrítug þegar ég útskrifaðist.“

Næsta skref var að stofna búðina Beyond Valley í London ásamt tveimur stelpum úr skólanum. „Beyond Valley var svona „pop-up“ verslun þar sem varan fer beint frá hönnuði til neytandans. Þar seldum við fyrir marga listamenn. Vorum aðallega sjálfar með fatahönnun og ég var með prent- og textíl sem alltaf tók á sig meiri og meiri sögulegan blæ. Út frá því urðu til flíkur sem voru seldar í galleríum. Fötin hafa alltaf heillað mig en að skapa ævintýraheima er númer eitt, tvö og þrjú.“

Búðin var aldrei gróðafyrirtæki, að sögn Kristjónu en vinkonurnar voru með hana í sjó ár og í gegnum hana þróaðist framleiðslan. „Við fengum alls konar viðurkenningar frá fyrirtækjum og samtökum í Englandi og Apple kom með starfsfólkið í heimsókn til að fá hugmyndir. En við vorum ekkert að selja fullt, þetta var hugsjónastarfsemi fyrst og fremst.“

Eigið stúdíó á eldhúsbordinu

Eftir að ég eignaðist barn númer tvö fannst mér tími til kominn að leggja verslunarreksturinn á hilluna. Þá fór ég fljótlega að setja upp eigið stúdíó. Það var bara á eldhúsbordinu til að byrja með en svo fékk ég



**SVÖRTU, STERKU LÍN-
URNAR ERU GRUNNURINN
AÐ ÖLLU Í MÍNUM TEIKN-
INGUM, HANN ER FRÁ
VERU MINNI Á ÍSLANDI Í
UPPVEXTINUM OG SVO ER
ÆVINTÝRAHEIMURINN
LENGRA Í BURTU.**

húsnæði fyrir það í risaverksmiðju með mörgum öðrum stúdíóum. Þar er fimm metra lofthæð sem er æðislegt. Stúlkurnar sem vinna með mér eru duglegar að hanna en saumaskapurinn fer allur fram í Kína og þar fann ég besta silkið. Ég hef líka keypt efni í Svíþjóð og veggfóðrið er gert í Englandi. Fyrirtækið virðist komið á traustan grunn.

Svo lengi sem maður er að gera hluti alveg svakalega vel og á vandaðan hátt, er ekki með fjöldafram-



Svo lengi sem maður er að gera hluti alveg svakalega vel og á vandaðan hátt, er ekki með fjöldaframleiðslu og velur bestu búðirnar og söfnin þá smellur allt saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

leiðslu og velur bestu búðirnar og söfnin til að selja í þá smellur allt saman.“

Í Englandi kveðst Kristjana selja tiskuvörurnar í virtum vöruhúsum í Englandi. Engir tveir kjólar eru eins og engir tveir púðar eins. „Reyndar er varan mín komin mjög víða,“ segir hún og telur upp Frakkland, Holland, Þýskaland, Austurástralíu, Brasilíu, Bandaríkin, Kanada, Kína, Taíland, Sri Lanka og Singapúr. „Nú eru prentverkin farin að hækka í verði og fólk er byrjað að safna þeim. Þau eru líka á nógu mörgum stöðum til að fólk þekki þau.“

Adam, eiginmaður Kristjónu, fæst við upptökur og hljóðblöndun í eigin fyrirtæki. Skyldu börnin þeirra ekki vera listfeng?

„Sonur okkar, Eíðar, er mikill vísindamaður. Þælir í himingimnum og öllu mögulegu. Teiknaði handa mér mynd af eitlunum í líkamanum og benti á þá með litlum örvum. Ísól er bara litill jarðdýta sem vill gera allt!“

Ég hafði alltaf áhyggjur af því að eignast börn og hélt að það gæti ekki samrýmt listinni. Ímyndaði mér að börnin myndu stoppa allt en hjá mér gerðist þveröfugt. Ég varð enn þá frjórri í hugsun eftir að ég eignaðist þau, skynjunin dýpkadi og heimurinn stækkaði. En ég tek fram að hún mamma er búsett úti í London og án hennar hefði ég ekki gert helmínginn af því sem ég hef gert. Hún er búin að hjálpa mér alveg svakalega mikið með börnin og hefur gert mér kleift að vinna fimm daga vikunnar.“

Kristjana kveðst stundum koma með með Adam og börnin til Íslands. „Mér finnst dýrmætt að

geta komið heim. Svörtu, sterku línurnar eru grunnurinn að öllu í mínum teikningum, hann er frá veru minni á Íslandi í uppvextinum og svo er ævintýraheimurinn lengra í burtu. Ég kenni börnunum mínum íslensku og við Adam erum að hugsa um að gifta okkur á Íslandi einhvern tíma.“

En leita Íslendingar lítið til þín sem listamanns? „Ég hef náttúrulega ekki verið mikið að koma mér á framfæri hér á landi þó fatnaðurinn minn sé fánlegur hér og sum prentverkin. Fólk hefur kannski séð eitthvað eftir mig í tölvunum sínum en allt verður frekar flatt þegar það er skoðað í tölvum. Það er ekki fyrir en það sér smáatriðin í þessari vinnu minni sem það áttar sig á því í hverju listin felst. Vissulega nota ég tölvuna við vinnu mína, en það er mjög mikil grunnvinna unnin áður í höndunum.“

Oft kveðst Kristjana hafa tekið þátt í stórum sýningum í Englandi með öðrum. Ein af sýningum hennar var í Singapúr. „Í verkum sem ég sýndi í Singapúr lét ég háu byggingarnar í borginni koma inn í myndirnar mínar því ég er með rosa mikinn áhuga á arkitektúr líka,“ lýsir hún og næst fljúgum við til Ríó!

Gladdi gesti Ólympíuleikanna

„Brasilíumenn vildu nota mína list á Ólympíuleikunum í ágúst. Þeir vörpuðu risastórri mynd eftir mig á framhlið Belmont Copacabana Palace, eitt þekktasta hótelið í borginni, auk þess sem bakhliðin var skreytt myndum og nokkrar voru líka hengdar upp innan dyra.

Þetta var vel borgað verkefni en tíminn til að vinna það var rosalega stuttur, bara þrjú mánuðir. Í myndunum eru alls konar tákni, til dæmis byggingar í öllum borgunum sem hafa haldið Ólympíuleikana áður. Síðan gerði ég stórt kort sem allir staðirnir voru merktir inn á, Barselóna, Aþena, Sidney, Peking, London, Ríó, Tókýó.

Við sem unnum að þessu verki vildum líka gera eitthvað sem heimamenn og gestir gætu fylgst með og verið þátttakendur í. Því vorum við með stafrænar sýningar utan við hótelið á hverju kvöldi klukkan sjö og þar safnaðist mikill mannföldi saman. Við slepptum til dæmis út stafrænum fíðildum sem svifu um og voru með fána frá öllum þjóðum heims á bakinu. Þeirri sýningu var deilt 2,6 milljón sinnum í tölvunni. Þegar England hafði unnið Ólympíumedalíu vorum við þar með stóra Parísarhjólið sem einkennir London. Þetta fékk svakalega mikla birtingu úti um allan heim og Frakkar byrjuðu að vera með beinar útsendingar frá þessum kvöldstundum.“

Ímyndunarafli Kristjónu virðast engin takmörk sett. Hún segir eina hugmynd kvikna af annarri. „Bara það að vera með sýningar og fá viðbrögð fólks við þeim færir af sér nýjar hugmyndir og líka það að vinna með kláru fólki. Ég er líka alltaf að skoða bækur, mynstur, liti, er voða mikið að klippa út og setja saman og búa þannig til ný mynstur og nýja hluti. Ég hef mestar áhyggjur af að ég hafi ekki nógu mikinn tíma í lífinu til að koma því öllu frá mér sem er í hausnum á mér. Þar bætist stöðugt við.“

merking
....framleiðir

Smyrlabjörg
Nóntorg
Bjarkaland
Höfnin

Umferðarmerki og skilti...
Viðarhöfða 4 www.merking.is Sími: 562-7044

TRÚIR VARLA HVE VEL ÞAÐ VIRKAR

Icecare kynnr Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland. Júlíus Jóhannsson finnur mikinn mun á sér eftir að hann fór að nota Amínó® Liði. Snorri Snorrason hefur sömu sögu að segja.

Júlíus Jóhannsson er mikill fjallgöngugarpur og hjólréiðamaður. Hann var farinn að finna fyrir slæmum verkjum og óþægindum í liðum, sérstaklega í hnjúnum, rétt rúmlega fertugur að aldri. „Ég fann helst fyrir miklum óþægindum daginn eftir fjallgöngu eða hjólatúr, sem hömluðu mér því ég varð stírdur strax að morgni,“ útskýrir Júlíus.

Hann var farinn að finna fyrir því að hann var ekki eins ferskur og áður og áttaði sig á að einhverjar breytingar væru að eiga sér stað í líkamanum. „Fjallgöngurnar reyndu sérstaklega á hnén og þetta var orðið hvítleitt vanda-mál hjá mér.“

Júlíus segist ekki hafa haft mikla trú á fæðubótarefnum í gegnum tíðina en ákvað þó að prófa Amino Liði. „Ég sá að það er framlétt úr íslenskum sæbjúgum og íslensku fiskpróteini og fannst það áhugavert. Ég trúði því ekki þegar ég fór að finna fyrir áhrifum af Amino Liðum, því eftir að-eins fimm daga fann ég ótrúlega góð áhrif. Ég átti erfitt með að trúa þessu, því að ég var alltaf að bíða eftir því að verða slæmur eftir fjallgöngur eða hjólatúra.

Ég ætla klárlega að halda áfram að nota Amino Liði, því það virkar mjög vel fyrir mig,“ segir Júlíus glaður í bragði.

GÓÐ REYNSLA AF AMÍNÓ® LIÐUM

Snorri Snorrason vélamaður hefur notað Amínó® Liði með góðum árangri en fyrir rúmu einu ári fór að bera á miklum stírdleika í liðum hjá honum. „Ég hef ekki fengið neina nákvæma skýringu á hvað hrjáði mig, hugsanlega þetta og hugsanlega hitt. Síðan tóku liðir upp á því að bólga mikið og kom sá tími að ég gat ekki stigið í fæturna vegna stírdleika og bólgu. Ég hef prófað ýmislegt en ekkert hefur virkað og slegið almennilega á þessi einkenni,“ segir Snorri og útskýrir að konan hans



Snorri hafði prófað ýmislegt við stírdleika í liðum en ekkert virkaði og sló almennilega á einkenni fyrir en hann prófaði Amino Liði.



Júlíus segist ekki hafa trúað því þegar hann fór að finna fyrir áhrifum af Amino Liðum eftir aðeins fimm daga. MYND/ERNIR



„Ég trúði ekki þegar ég fór að finna fyrir áhrifum af Amino Liðum, því eftir aðeins fimm daga fann ég ótrúlega góð áhrif. Ég var alltaf að bíða eftir því að verða slæmur eftir fjallgöngur eða hjólatúra.“

Júlíus Jóhannsson

hafi heyrt af undraefninu Amínó® Liðum og sett honum fyrir að taka það reglulega í um einn mánuð og sjá hvort hann myndi finna mun. „Það vantaði ekki virknina! Ég var farinn að finna mun á rúmri viku, allt í einu gat ég bara stigið óhikað í fæturna. Í dag er enginn stírdleiki og ég tek bara Amínó Liði inn. Þetta allavega svínvirkar á mig og gerir mér gott. Ég finn ekki fyrir stírdleika í ökkla og úlnið og vil ég þakka það Amínó Liðum, engin spurning.“

FÆÐUBÓT ÚR FISKPRÓTÍNI

Amínó® Liðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein, íslensku sprotafyrirtæki á Sauðárkróki. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorsprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsuþættandi virkni þorskeptíða.

Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum

efnum úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúgu (Cucumaria frondosa) og IceProteins® (vatnsrofin þorsprótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efni chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski. Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgnaextraktið ríkt af sinki, jöði og járn sem og bólguefjandi efnum sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins® inniheldur Amínó® Liðir túrmerik, D-vítamín, C-vítamín og mangan. Kollagen, chondroitin sulphate, D-vítamín, C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu.

SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is



Hamingjan kemur innan frá. Bio-Kult góðgerlar styrkja meltinguna - Öflug melting og betra jafnvægi -

Bio-Kult Candéa

Góðgerlar sem styrkja meltinguna og vinna gegn fjölgun Candida sveppsins í meltingarvegi.

Inniheldur: Góðgerlablöndu af 7 sýrupolnum gerlastrengjum, hvíttlauk og grape seed extract.



Bio-Kult Original

Öflug blanda góðgerla sem byggir upp þarmaflóruna og styrkir varnir líkamans.

Inniheldur: Góðgerlablöndu af 14 sýrupolnum gerlastrengjum.



Bio-Kult Pro-Cyan

Styrkir þvagrásina og virkar sem öflug vörn gegn þvagrásarvandæðum.

Inniheldur: Góðgerlablöndu af 2 sýrupolnum gerlastrengjum, trónuberjabykkni og A-vítamín.



Bio-Kult Infantis

Góðgerlar fyrir börn á öllum aldri. Eflir þarmaflóruna, án allra aukaefna og er bragðlaust.

Inniheldur: Góðgerlablöndu af 7 sýrupolnum gerlastrengjum, Omega 3 og D3-vítamín.



Veldu það besta fyrir þína meltingu. Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar á www.icecare.is

SNILLINGAR MEÐ REYKJAVÍKURLÖG

Áhugaverðir tónleikar verða í Silfurbergi í Hörpu á morgun kl. 17. Þar tekur Stórsveit Reykjavíkur öll völd í sínar hendur ásamt fremstu söngvurum þjóðarinnar og flytur vinsæl Reykjavíkurlög. Stjórnandi er Veigar Margeirsson tónskáld

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Árið 2003 gerði Stórsveitin mjög vinsæla plötu, Í Reykjavíkurborg, sem hefur lengi verið ófáanleg. Nú er verið að endurútgefa plötuna og tónleikagestir geta fjárfest í henni á tónleikunum. Veigar Margeirsson, trompetleikari og tónskáld, er einn af stofnmeðlimum Stórsveitarinnar. Hann flutti hins vegar til Bandaríkjanna 1993 þar sem hann stundaði nám og ílengdist þar til ársins 2014. Veigar útsetti Reykjavíkurlögin á sínum tíma en meðal söngvara á plötunni voru Ragnar Bjarnason, Björgvin Halldórsson, Kristjana Stefánsdóttir, Andrea Gylfadóttir, Egill Ólafsson, Páll Óskar Hjálmtýsson og Páll Rósinkrans. „Núna ætluum við flytja öll þessi sömu lög auk eins nýs lags með yngri kynslóð söngvara, þeim Sólku Sól, Valdimar Guðmundssyni og Sigurði Guðmundssyni. Þetta eru tólf perlu sem allar fjalla um Reykjavíkurborg. Má nefna Fröken Reykjavík, Gaggó Vest, Við Reykjavíkurtjörn, Ó borg mín borg og mörg fleiri,“ segir Veigar sem stjórnar hljómsveitinni og útsetti tónlistina í djasstíl.

HÖRÐ LENDING

Eftir nám í Bandaríkjunum, í Berklee College of Music í Boston og síðan í University of Miami, hélt Veigar til Los Angeles þar sem hann samdi tónlist fyrir kynningarmyndbönd kvikmynda, svokallaðar stiklur. Hann rekur fyrirtækið, sem nefnist Pitch Hammer Musicá, samt fleirum í Los Angeles en starfar aðallega frá Íslandi. Fyrirtækið er sérhæft í tónlist fyrir stiklur. „Ég starfa mestmegnis erlendis þótt ég bý á Íslandi,“ segir hann. „Ísland tog-



Veigar Margeirsson tónskáld segir að gestir sem komi á tónleika Stórsveitar Reykjavíkur í Hörpu á morgun eigi skemmtilega stund í vændum. MYND/ERNIR

aði í okkur hjónin eftir langa búsetu erlendis og dóttir okkar var komin á menntaskólaaldur. Hún fluttist hingað 2012 til að prófa að fara í menntaskóla og finnst æðislegt að vera hér. Það leið því ekki á löngu þar til við hjónin og litli bróðir fylgdu henni eftir. Það er ekki eins erfitt að búa á Íslandi núna og var fyrir 15 árum. Alþjóðleg samskipti eru auðveld í gegnum tölvuna og samgöngur milli landa allt aðrar en þær voru. Ég notaðist til dæmis við faxtæki þegar ég var í Miami,“ segir Veigar.

Þegar hann er spurður hvort hann sakni ekki góða veðursins í L.A. svarar hann: „Ég hef nú allt-

“ Kalifornía er opið samfélag á alla vegu, hvort sem það varðar trúarbrögð eða kynþætti. Þar búa allir í sátt og samlyndi þótt ólíkir séu.

Veigar Margeirsson

af verið meira fyrir rok og rigningu. Hins vegar var veturinn 2014 þegar við komum heim ótrúlega harður og snjóþungur. Svolftið hörð lending að koma frá Kaliforníu til Kópavogs. Það er afskaplega skemmtilegt að geta nýtt sér alþjóðavæðingu í gegnum vinnuna en krefst auðvitað talsverðra ferðalaga. Margt hefur breyst á Íslandi, til dæmis með auknum ferðamannastraumi, einangrunin er eiginlega alveg horfin,“ segir hann.

STJÓRNAR Í ABBEY ROAD

Þar sem umdeildar forsetakosningar eru nýlega afstaðnar í Bandaríkjunum var ekki úr vegi

að spyrja Veigar út í þær. „Ég er ekki mjög pólitískur maður en mér líst ekkert sérstaklega vel á þær. Bandaríkin eru mesta fjölmenningsamfélag í heimi en miðríkin eru mjög ólík vestur- og austurströndinni. Kalifornía er opið samfélag á alla vegu, hvort sem það varðar trúarbrögð eða kynþætti. Þar búa allir í sátt og samlyndi þótt ólíkir séu. Úr því menn gátu búið við Bush yngri í átta ár ættu þeir að standa þetta af sér,“ segir hann og hlær. „En ég á marga áhyggjufulla vini í Kaliforníu núna.“

Veigar samdi konsertinn Rætur fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sigurð Flosason árið 2007 og það er nóg að gera hjá honum um þessar mundir. Alltaf eitthvað nýtt á döfinni. Eftir helgi heldur hann til London þar sem hann ætlar að stjórna í Abbey Road-stúdíóinu í fyrsta skipti og hlakkar mikið til að komast í svo sögufrægt stúdíó. „Birgir Hilmarsson tónlistarmaður samdi tónlist í auglýsingu fyrir breskt fyrirtæki og við ætluum að taka hana upp ásamt 55 manna hljómsveit. Svo eru næg verkefni á næstunni í fyrirtækinu mínu. Heiminn vantar alltaf afþreyingu þótt nýr forseti komist til valda.“

Veigar á von á því að tónleikarnir á morgun verði skemmtilegir og muni skapa góðan anda. „Þetta er aðgengileg dagskrá með lögum sem allir þekkja og geta raulað með. Svo er upplagt að eiga gott sunddagseftirmiðdegi með stuði og skemmtilegri dagskrá og fara svo út að borða á eftir,“ segir hann.

Pitch Hammer Music og Veigar hafa unnið tónlist fyrir markaðsherferðir í tengslum við nokkrar nýlegar kvikmyndir, til dæmis:

- War Dogs
- Star Trek: Beyond
- BFG
- Inferno
- Captain America: Civil War

CC FLAX

Frábært til að bæta hormónajafnvægi fyrir konur á öllum aldri

Mulin hörfræ - rík af Lignans
Tröuberjafrae
Kalk úr hafþörungum

Heilbrigðari og grennri

Rannsókn sýna að konur sem hafa mikið lignans í blóðinu eru að meðaltali með 8,5 kg minni fitumassa en þær konur sem skortir eða hafa lítið af Lignans. **

* Howel AB Journal of the American Medical Association june 2002 287:3082
** British Journal of Nutrition(2009), 102: 195-200 Cambridge University.



NÝJAR
UMBÚÐIR

- Regluleg inntaka stuðlar að kjörþyngd
- Omega 3- ALA
- Fjölbreyttar trefjar

1 kúfuð teskeið á dag - 40 daga skammtur

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.



lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna



Það er ljúft að njóta lífsins á Kanarí yfir jólin.

JÓL Á KANARÍ

Fyrir jólin streyma þúsundir Íslendinga til Kanaríeyjanna til að ná sér í sól í kroppinn í jólafríinu. Flestir fara til Gran Canaria og Tenerife. Auðvelt er að finna afþreyingu á eyjunum fyrir alla fjölskylduna. Lúxushótel hafa sprottandi upp, mörg hver sem bjóða upp á heilsulindir.

Margt er til skemmtunar. Á Kanaríeyjum (Gran Canaria) er Grancanaríeyjum þar sem hægt er að fara í alls konar klifur. Sioux City þar sem boðið er upp á vestrasýningar með kúrekum og kántrímúsík. Palmitos Park þar sem hægt er að skoða óteljandi fuglategundir og stærsta orkídeusafn á Kanaríeyjunum. Cocodrilo Park þar sem skoða má krókódíla en það er stærsti slíkur garður í Evrópu. Ho-

liday World er skemmtilegur tívolígarður og síðan Aqualand sem er nýr vatnsgarður í Maspalomas. Ekki má gleyma Andry Birds skemmtigarðinum fyrir börn.

Á Tenerife er hinn stórkostlegi Siam Park sem bæði börn og fullorðnir elska. Loro Parque, dýrargarður þar sem eru páfuglar, gófillur, háhyrningar og mörgæsir. Jungle Park er sömuleiðis dýrargarður með hvítum ljónum, hléborðum og krókódílum. Aqualand er vinsæll vatnsgarður og er talinn eins sá besti í heimi.

Á mörgum hótélum er boðið upp á sundleikfimi, zumba eða aðra líkamsrækt utandyra. Margir góðir veitingastaðir eru á Kanaríeyjum og hagstætt er að versla þar.

Jólaævintýri Marentzu

Einstakt jólahlaðborð í Flórunni Grasagarðinum.
Úrval skandinavískra jólarétta að hætti Marentzu Poulsen.
Hörpuleikarinn Monika Abendroth leikur fyrir matargesti.
Borðapantanir í síma 553 8872 og tölvupósti info@floran.is.
Frekari upplýsingar og matseðil má finna á www.floran.is

FLÓRAN
CAFÉ / BÍSTRÓ

Tilda

Cellini

TWININGS
OF LONDON



Færst hefur í vöxt að fólk fjárfesti í húsbílum á haustin enda mun meira framboð þá en yfir sumartímann.



Á sýningunni verða ellefu mismunandi útfærslur af húsbílum til sýnis.

NÚ ER TÍMINN TIL AÐ GERA GÓÐ HÚSBÍLAKAUP

P. Karlsson heldur húsbílasýningu að Smiðjuvöllum 5a í Reykjanesbæ um helgina. Þeir sem hafa í hyggju að fjárfesta í húsbíl ættu ekki að láta sýninguna fram hjá sér fara enda úrval leigutækja gott og á verði sem kemur á óvart.

P. Karlsson ehf. hefur um langt skeið rekið ferðavagnasölu en árið 2013 gekk fyrirtækið til samstarfs við stærstu húsbíllaleigu Evrópu, þýska fyrirtækið McRent sem rekur 69 leigustöðvar víðsvegar í Evrópu. Fyrirtækin stofnuðu í sameiningu félagið McRent Iceland sem er í eigu beggja aðila og heldur úti einni stærstu einstöku húsbíllaleigu landsins.

„Í þessi fjögur ár höfum við sérhæft okkur í leigu og sölu á húsbílum og telur leigubílafloti okkar nú 85 húsbíla. Þeim mun fjölga jafnt og þétt á komandi árum en við áætluðum að bílafloti í útleigu muni samanstanda af 98 bílum næsta sumar. Af þeim verða 49 nýir,“ segir Geir Bachmann, annar eigenda P. Karlsson. Þrúðmar Karlsson, meðeigandi hans, bendir á að allt árið um kring sé einnig fjöldi bifreiða til sölu og sýnis en markmið fyrirtækisins sé að geta boðið viðskiptavinum nýlega húsbíla til sölu á mjög góðu verði. „Bílarir okkar eru allir frá framleiðendum hjá Erwin Hymer Group en undir hatti fyrirtækisins eru framleidd hin vel þekktu vörumerki Dethleffs og Sunlight sem eru uppistaðan í okkar flota.“ P. Karlsson nýtur að sögn Þrúðmars góðs af því að vera í samstarfi við þetta stóra þýska fyrirtæki sem endurspeglar í endursöluverði bifreiðanna. „Við erum að kaupa inn allt að 50 bíla í einu og fáum þar af leiðandi allt önnur verð en almennt þekkt. Viðskiptavinir okkar njóta góðs af því.“

MIKIÐ LAGT UPP ÚR GÓÐRI ÞJÓNUSTU

Þeir Geir og Þrúðmar segja að sambland af húsbíllaleigu og sölu hafi gefist afskaplega vel. „Leigustöð McRent Iceland er þegar orðin með stærri leigum McRent-keðjunnar. Salan hefur auk þess tekið verulega við sér á síðustu árum, en í ár seldust 33 bílar.“ Að sögn Geirs er mikið lagt upp úr góðri þjónustu og góðri vöru á hvorum tveggja vígstöðvum.

„Við viðhöldum og þjónustum



Þeir Þrúðmar og Geir hlakka til að taka á móti gestum um helgina.

Salan á tækjunum sjálfum hefur tekið talsverðan kipp á síðustu árum og því ljóst að það eru ekki bara erlendir ferðamenn sem hafa áhuga á því að skoða landið og upplifa frelsið og þægindin sem fylgja því að ferðast um í húsbíl á Íslandi.

Þrúðmar Karlsson

stóran flota af bílum sem eru í útleigu og við leggjum gríðarlega mikla áherslu á gott viðhald tækjanna. Þeir sem kaupa bílana geta svo að sjálfsögðu sótt alla þjónustu er viðkemur húsunum til okkar enda höldum við úti stórum varahlutalager og eigum yfirleitt þá varahluti sem vantar, ef eitthvað kemur upp á,“ segir Geir.

SALAN TEKUR KIPP

Húsbíllaleiga er í blóma enda hefur ferðamannastraumurinn til landsins stórkostlega vegna sívaxandi áhuga á Íslandi. Húsbíllainnflutningur dróst verulega saman eftir hrún en nú hefur orðið mikil endurnýjun í flotanum. „Salan á tækjunum sjálfum hefur tekið talsverðan kipp á síðustu árum og því ljóst að það eru ekki bara erlendir ferðamenn sem hafa áhuga á því að skoða landið og upplifa

frelsið og þægindin sem fylgja því að ferðast um í húsbíl á Íslandi,“ segir Þrúðmar.

Geir og Þrúðmar segja gríðarlega vinnu hafa fylgt því að koma á fót fyrirtæki sem standi þeim stærstu og bestu í Evrópu fyllilega á sporði en sérhæfingin hjálpi þar mikið til og ekki síst gott starfsfólk. „Það að sérhæfa sig í ákveðinni vöru hefur tvímælaust þann kost að við þekkjum það sem við bjóðum upp á mjög vel. Þessir bílar verða eins og börnin manns. Við búum að mjög langri reynslu í bæði leigu og sölu á þessum tækjum og vitum nákvæmlega hvað þarf til að ná árangri. Eins höfum við verið afskaplega lánsamir með starfsfólk. Það er viðskiptavinurinn sem skiptir mestu máli og leggjja starfsmenn okkar allan metnað í að þjónusta alla okkar kúnna eins og best verður á kosið.“



Þægindin eru í fyrirrúmi.



Bílarir eru allir mjög vel útbúnir

STÓRSÝNING UM HELGINA

Um helgina verður stórsýning á húsbílum P. Karlsson ehf. en hún er jafnan mjög vel sótt. „Við verðum með 11 mismunandi útfærslur til sýnis og hlökkum til að fá til okkar fólk í heimsókn að skoða. Þeir eru allir mjög vel útbúnir og þægindin í fyrirrúmi. Við vorum með 31 bíl á sölulista en sjö eru þegar seldir og það einungis af afspurn,“ segir Þrúðmar. Hann og Geir benda á að það hafi færst mikið í vöxt að fólk fjárfesti í húsbílum á haustin enda mun meira framboð þá en yfir sumartímann. „Við munum hins vegar hafa til sýnis gott úrval af tækjum sem eru ekki í leigunni allt árið.“ Aðspurðir segja þeir Þrúðmar og Geir að þrátt fyrir að mesta salan sé í notuðum tækjum þá sé ekkert mál að flytja inn nýja bíla fyrir þá sem það vilja.

Á sýningunni nú um helgina

verða tæki úr leigunni til sölu. Opið er laugardaginn 12. nóvember frá kl. 10-16 og sunnudaginn 13. nóvember frá kl. 11-16. „Við skulum auðvitað ekkert í lás eftir það. Hér er opið alla virka daga og allir að sjálfsögðu velkomnir til okkar eftir helgina.“

Nánari upplýsingar má finna á www.pkarlsson.is

McRent



P. KARLSSON ehf.

Stórsýning á húsbílum um helgina

- Sýnum ellefu mismunandi útfærslur -

Sjón er sögu ríkari



P.Karlsson ehf. – fimm stjörnu ferðafrelsi


Opnunartíminn er:

Sýningarhelgin:

Laugardagur 12. nóvember: 10-16.
Sunnudagur 13. nóvember: 11-16.

Virkir dagar:

Mánudaga til fimmtudaga: 10-17.
Föstudaga frá kl. 10-16.



Sunlight

Dethleffs

McRent

P Karlsson ehf | Smiðjuvöllum 5a, 230 Reykjanesbæ | 517 5200 | www.pkarlsson.is



FERÐAST UM HEIMINN MEÐ SÍMA

Íslendingar búsettir um allan heim hafa undanfarna mánuði sýnt frá lífi sínu á hópsnappinu Íslendingar í útlöndum. Færri komast að en vilja en á næstunni verður m.a. sýnt frá lífi Íslendinga í Suður-Afríku, Óman, Tansaníu og Taílandi.



Edda Ósk fékk hugmyndina góðu.

erlendis.

Upphafsmáður þess er Edda Ósk Ólafsdóttir sem hefur búið í Kanada síðan 2009. Sjálf var hún búin að fylgjast með hópsnappinu Íslensk vefhönnun um tíma þar sem fyrirtæki í vefbransanum skiptust á að snappa um ýmislegt sem tengist vefhönnun. Edda Ósk er meðlimur í Facebook-hópnum Íslendingar í útlöndum og einn daginn á leið til vinnu datt henni í hug að það gæti verið gaman ef meðlimir hópsins myndu skiptast á að sýna frá þeim borgum þar sem þeir búa.

„Ég deildi hugmyndinni og fékk strax mjög góðar undirtektir meðal meðlima hópsins.“

Fyrirkomulagið er einfalt að hennar sögn. „Þeir sem vilja taka þátt skrá nafn og staðsetningu í sérstakt Excel-skjal. Hver fær snappið í þrjú daga og sýnir frá lífi sínu í borginni eða þar sem viðkomandi býr.“

Viðfangsefni hvers og eins er misjafnt að sögn Eddu. „Sumir einblína mest á daglegt líf, sýna frá skóla eða vinnu og þeim stöðum sem heimsóttir eru reglulega. Aðrir sýna

Hópsnappið Íslendingar í útlöndum (is-
lendingaruti á
Snapchat) nýtur
tölverðra vinsælda en þar
skiptast Íslendingar,
sem eru búsettir erlendis,
á að sýna áhugasömum
fylgjendum brot úr lífi sínu er-



Karen Ósk og Eyþór eru í Kína.

Þannig fórum við á vinsæla túristastaði sem innihéldu t.d. hof, fjallgöngu, siglingu, ljósadýrð í miðborginni og góðan mat.

Karen Ósk Kristínardóttir

meira frá ólíkum stöðum í borginni og gera sér jafnvel ferð til að sýna eitthvað sérstakt. Svo er hægt að spyrja viðkomandi snappara ýmissa spurninga. Þannig hafa þeir margir fengið spurningar um hvernig sé að búa á viðkomandi stað, hvort flóki sé að flytja þangað, hvernig háttað sé með nám og störf og fleira.“

ÍSLENDINGAR ERU VIÐA

Snappið byrjaði í vor og spurðist hratt út meðal meðlima Facebook-hópsins og fjöldi annarra reyndar



Kristín Þorvaldsdóttir er í Níkaragva.

Þar sem engu vinnu er að fá hér og landið langt í burtu ákvað ég að sýna meira frá mínu persónulega lífi.

Kristín Þorvaldsdóttir

líka. „Strax frá byrjun voru nokkur hundruð manns að fylgjast með en áhorfendafjöldinn hefur rúmlega tvöfaldast síðan. Í dag eru snöppin að fá um 2.000 áhorf.“

Hún segir mjög gaman að fá inn-sýn í líf annarra Íslendinga sem búa erlendis, hvort sem það er í Evrópu eða á meira framan stöðum eins og Asíu eða Afríku. „Við höfum verið með snappara úti um allan heim því Íslendingar leynast víða. Sem dæmi má nefna Kína, Mósambík, Ungverjaland, Japan, Kan-



Dagný Sýlvía er í Danmörku.

Ég vildi hafa snappið óhefðbundið. Því fékk ég vinkonu mína, Ágústu Ásbjörnsdóttur í lið með mér.

Dagný Sýlvía Sævarsdóttir

ada, Níkaragva, Singapúr, Möltu og hinar ýmsu borgir í Bandaríkjunum og Evrópu.“

Og færri komast að en vilja að sögn Eddu. „Það hefur verið fullbókað frá byrjun og alveg fram í miðjan janúar á næsta ári. Það lítur út fyrir áhugaverða dagskrá á næstunni þar sem fólk er búin að skrá sig frá Suður-Afríku, Óman, Tansaníu og Taílandi.“

Hægt er að fylgjast með á Snapchat undir íslendingaruti.

Nokkrir snapparar sem tóku þátt:

KAREN ÓSK KRISTÍNARDÓTTIR, NANJING Í KÍNA

Það er svo margt fallegt að sjá í Nanjing þar sem við búum. Ég og Eyþór, maðurinn minn, þurftum að velja á milli staða til að fara á og völdum þá sem heilluðu okkur upp úr skónum þegar við skoðum þá sjálf fyrst. Þannig fórum við á vinsæla túristastaði sem innihéldu t.d. hof, fjallgöngu, siglingu, ljósadýrð í miðborginni og góðan mat svo eitthvað sé nefnt. Áhugasamir geta fylgt okkur á snapchat (karenoskk og eythor90bjo).

KRISTÍN ÞORVALDSDÓTTIR, MANAGUA Í NÍKARAGVA

Þar sem engu vinnu er að fá hér og landið langt í burtu ákvað ég að sýna meira frá mínu persónulega lífi. Ég var hins vegar frekar slöpp á fyrsta degi þannig að ég var bara heima og kynnti sjálfa mig, sýndi húsið og nærumhverfið og sagði sögur frá Níkaragva. Daginn eftir tók ég rúnt um hverfið mitt sem er frekar fínt en þetta eru mínir heimahagar. Á lokadeginum fór ég smá landsbyggðarrúnt vegna vinnunnar norður í land.

DAGNÝ SYLVÍA SÆVARSDÓTTIR, SØNDERBORG Í DANMÖRKU

Ég vildi hafa snappið óhefðbundið og skemmtilegt. Því fékk ég vinkonu mína, Ágústu Ásbjörnsdóttur, í lið með mér. Við klæddum okkur upp í ýmis dulargervi, sýndum Sønderborg frá sjúkrahúspakinu sem er kolólöglegt, gerðum grín að ást Íslendinga á H&M og stunduðum sjóræningja- og hafmeyjusjósund. Þetta krafðist ekki mikils undirbúnings en talsverðs tíma þar sem við eyddum næstum heilri helgi í þetta sprell. Ég reyndi að flétta líf okkar inn í þetta, t.d. atvinnu, heimilis-hagi, afþreyingu og sögu bæjarins.

Ferðin byrjar hér

Við leitum að metnaðarfullum og skemmtilegum ferðafélögum í hópinn.

Í boði eru fjölbreytt og krefjandi störf hjá öflugum ferðaþjónustufyrirtæki í stöðugum vexti.

Komdu með!

VÖRUSTJÓRI DAGSFERÐIR & FLUGRÚTA

STARFSSVIÐ

- Rekstur dagsferða og umsjón með áætlun Flugrúttunnar og Bláa Lónsins.
- Samskipti og samningar við birgja og samstarfsaðila.
- Þróun á vöruframboði.
- Verðlagning og framlegðargreining á vörum.
- Teymisvinna og samstarf þvert á deildir.

MENNTUNAR- & HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sambærilegu starfi og ferðaþjónustu er æskileg.
- Viðtæk þekking á staðhættum á Íslandi ásamt framboði á þjónustu/afþreyingu.
- Mjög góð skipulags- og samstarfshæfni.

Nánari upplýsingar veitir Einar Bárðarson, rekstrarstjóri Ferðaskrifstofu Kynnisferða, á netfanginu einarb@re.is.

VÖRUSTJÓRI ICELAND ON YOUR OWN

STARFSSVIÐ

- Rekstur og umsjón með Iceland on Your own.
- Samskipti og samningar við birgja og samstarfsaðila.
- Þróun á áætlun og vöruframboði Iceland on Your own.
- Verðlagning og framlegðargreining á vörum.
- Teymisvinna og samstarf þvert á deildir.

MENNTUNAR- & HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sambærilegu starfi og ferðaþjónustu er æskileg.
- Viðtæk þekking á staðhættum á Íslandi ásamt framboði á þjónustu/afþreyingu.
- Mjög góð skipulags- og samstarfshæfni.

Nánari upplýsingar veitir Einar Bárðarson, rekstrarstjóri Ferðaskrifstofu Kynnisferða, á netfanginu einarb@re.is.

SÉRFRÆÐINGUR Í STAFRÆNNI MARKAÐSSETNINGU

STARFSSVIÐ

- Stafræn markaðssetning og markaðsherferðir.
- Efni fyrir vef og samfélagsmiðla.
- Notendaviðmót og virkni á stafrænum miðlum.
- Stefnumótun og áætlanagerð fyrir stafræna markaðssetningu.
- Vöktun, mælingar og skýrslugerð.
- Teymisvinna og samstarf þvert á deildir.

MENNTUNAR- & HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af stafrænni markaðssetningu og markaðsherferðum.
- Þekking á samfélagsmiðlum, efnis- markaðssetningu og markaðsherferðum.
- Þekking og reynsla á samfélagsmiðlum, leitarvélabestun (SEO/SMO) og Google Analytics.
- Mjög góð skipulags- og samstarfshæfni.

Nánari upplýsingar veitir Þóririnn Þór, forstöðumaður markaðs- og viðskipta- þróunar, á netfanginu thor@re.is.

SÖLUFULLTRÚI

STARFSSVIÐ

- Tilboðsgerð og bókanir.
- Sala og upplýsingagjöf til viðskiptavina.
- Undirbúningur, framkvæmd og úrvinnsla ferða.
- Önnur tilfallandi verkefni.

MENNTUNAR- & HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða ferðamálafræði.
- Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli er skilyrði.
- Önnur tungumálakunnátta er æskileg.
- Viðtæk þekking á staðhættum á Íslandi ásamt framboði á þjónustu/afþreyingu.
- Mjög góð skipulags- og samstarfshæfni.

Nánari upplýsingar veitir Inga Dís Richter, sölustjóri, á netfanginu ingadis@re.is.

TENGILIÐUR VIÐ GISTISTAÐI & UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐVAR

STARFSSVIÐ

- Samskipti við hótél, gistiheimili og upplýsingamiðstöðvar.
- Upplýsingagjöf og kynning á vörum og þjónustu.
- Dreifing á bæklingum og kynningarefni.
- Önnur tilfallandi verkefni.

MENNTUNAR- & HÆFNISKRÖFUR

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í töluðu og rituðu máli.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Inga Dís Richter, sölustjóri, á netfanginu ingadis@re.is.

LEIÐSÖGUMAÐUR Í NORÐURLJÓSAFERÐIR

STARFSSVIÐ

- Leiðsögn í skipulögðum norðurljósaferðum.
- Vinna eftir umhverfis-, öryggis- og gæðastöðlum fyrirtækisins.

MENNTUNAR- & HÆFNISKRÖFUR

- Fagmenntun úr viðurkenndu leiðsögunámi.
- Mjög góð enskukunnátta.
- Önnur tungumálakunnátta er kostur.
- Fagleg þekking á staðhættum á Íslandi.
- Rík þjónustulund og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Ingigerður Einarsdóttir, starfsmannafulltrúi, á netfanginu ingigerdure@re.is.

Tekið er á móti umsóknum rafrænt á jobs.re.is ásamt ferilskrá, kynningarbréfi og mynd. Nánari hæfniskröfur starfa er að finna á umsóknarsíðu. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík Excursions-Kynnisferðir er vaxandi ferðaþjónustufyrirtæki með um 400 starfsmenn. Við erum leiðandi í skipulagningu og rekstri dagsferða með erlenda og innlenda ferðamenn um Ísland. Hjá okkur starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram við að veita framúrskarandi þjónustu.

Við leggjum ríka áherslu á skapa vinnustað þar sem öryggi og heilsa starfsmanna og viðskiptavina er í fyrirrúmi. Reykjavík Excursions - Kynnisferðir er með vottað umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO 14001 og gullmerki Vakans, gæðakerfi íslenskrar ferðaþjónustu.

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL
& MEÐ 23. NÓVEMBER 2016.

Skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna sf.

Auglýst er laust til umsóknar starf skipulagsfulltrúa Faxaflóahafna sf.

Starfið er fjölbreytt og krefjandi og gerir kröfur til faglegrar hæfni, samskipta og kunnáttu umsækjanda.

Í starfinu felst m.a.:

- Umsjón og eftirlit með gerð og breytingu allra skipulagsuppdráttanna fyrir Faxaflóahafnir sf. og mæliblaða.
- Áætlanagerð vegna skipulags-, umhverfis- og lóðarmála.
- Vinna við mótun framtíðarsýnar skipulagsmála Faxaflóahafna sf.
- Eftirlit og umsjón með gerð lóðarleigusamninga á landi Faxaflóahafna sf.
- Umsjón og eftirlit með landupplýsingum, skráningu landeigna og fasteigna Faxaflóahafna sf.
- Samstarf við skipulags- og byggingafræðingafélaga á starfssvæði Faxaflóahafna sf.
- Samstarf og samráð við íbúa, lóðarhafa og aðra hagsmunaaðila.

Leitað er eftir hæfileikaríkum og áhugasömum starfsmanni sem hefur eftirfarandi til að bera:

- Tæknimenntun á háskólastigi, sem nýtist í starfi.
- Reynsla af skipulagsmálum og þekkingu á ákvæðum skipulagslaga.
- Færni í mannlegum samskiptum við fólk og fyrirtæki.
- Góða hæfni til að tjá sig á íslensku og ensku, í ræðu og riti.
- Góð almenn tölvukunnátta sem nýtist í starfinu.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Forstöðumaður tæknideildar Faxaflóahafna sf. er næsti yfirmaður skipulagsfulltrúa. Nánari upplýsingar um starfið veitir **forstöðumaður tæknideildar** í síma 5258900.

Umsókn, ásamt ferilskrá með nöfnum umsagnaraðila sendist til Faxaflóahafna sf., á netfangið lilja@faxi.is, eigi síðar en miðvikudaginn 16. nóvember n.k.

Hafnarstjóri Faxaflóahafna sf.



Blikksmiður / Járníðnaðarmaður

Blikksmiðja Ágústar Guðjónssonar ehf. í Reykjanesbæ óskar að ráða blikksmið eða starfsmann vana járníðnaði.

Upplýsingar í síma: 421-2430 eða agblikk@simnet.is
Blikksmiðja Ágústar Guðjónssonar ehf. Vesturbraut 14,
230 Reykjanesbæ

Læknisfræðileg myndgreining (Röntgen Domus) auglýsir stöðu læknaritara lausa til umsóknar

Um er að ræða 50-70% starf á líflegum og skemmtilegum vinnustað þar sem samheldinn og þéttur hópur starfsmanna vinnur að sameiginlegu markmiði. Reynsla af læknaritun og löggilding læknaritara er kostur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi.

Umsókn og frekari upplýsingar sendist á á netfangið ragga@rd.is. **Umsóknarfrestur er til og með 22. nóv. nk.**

Röntgen Domus | Sími 551-9333 – www.rd.is

Embassy of India in Reykjavik requires a Clerk

The Embassy of India immediately seeks to employ an Office Assistant on regular basis against the vacancy of a Clerk. Candidates should be in possession of necessary qualifications and knowledge in handling the commercial and trade related work, besides having sufficient knowledge in Book Keeping and related accounts work. Candidates should be proficient in computer skills-MS Office, and should be fluent in both **English** and **Icelandic** (read, write & speak) language.

The consolidated salary presently payable is **EURO 3000/-** per month with annual increment, as per Government of India rules.

Interested candidates may send in their CVs in **English** along with their photographs at the following e-mail ID, latest by **Monday, the 21st November 2016** : hoc@indianembassy.is



STAÐA ÞJÓÐGARÐSVARÐAR Á VESTURSVÆÐI VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐS

MEÐ STARFSSTÖÐ Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI ER LAUS TIL UMSÓKNAR

Vatnajökulspjóðgarður skiptist í fjögur rekstrarsvæði: norðursvæði, austursvæði, suðursvæði og vestursvæði. Á vestursvæði er meginstarfsstöðin á Kirkjubæjarklaustri (*samkvæmt lögum nr. 60/2016, með síðari breytingum og reglugerð nr. 608/2008*).

HELSTU VERKEFNI:

- Framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins.
- Umsjón með daglegum rekstri á rekstrarsvæðinu og ábyrgð á að hann sé innan heimilda.
- Yfirumsjón með rekstri gestastofu og tjaldsvæða.
- Samskipti við hagsmunaaðila.
- Samvinna við atvinnulíf, sveitarfélög, skóla og íbúa á nærsvæði við Kirkjubæjarklaustur.
- Leiða starf í faglegri umsýslu landvörslu og fræðslu.
- Þátttaka í stefnumótun þjóðgarðsins.
- Almenn stjórnisýsla og leyfisútgáfa fyrir vestursvæði Vatnajökulspjóðgarðs.

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af umhverfismálum og náttúruvernd.
- Frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í starfi.
- Skipulagshæfileikar og þjónustulund.
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af almennum rekstri og mannaforráðum.
- Þekking og/eða reynsla af fræðslu til mismunandi hópa. Þekking á náttúrutúlkun og landvörslu er kostur.
- Reynsla og þekking af öryggismálum ferðamanna er kostur.
- Reynsla af opinberri stjórnisýslu er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, frekari tungumálakunnátta er kostur.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutadeigandi stéttarfélags.

Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir um ofangreint starf skulu hafa borist Vatnajökulspjóðgarði Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík, eigi síðar en 5. desember nk.

Upplýsingar um starfið veitir Þórhur H. Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs, thordur@vjp.is eða í síma 575 8400.

LIND FASTEIGNASALA

Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.

Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.

Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is



FASTEIGNASALA Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Spennandi starf

Yfirmaður innkaupa

Vaxandi leigufélag með atvinnutæki og atvinnubíla óskar eftir að ráða til starfa yfirmann innkaupa. Viðkomandi fær tækifæri til að hafa mótandi áhrif á stefnu fyrirtækis í uppbyggingu.

Umsóknarfrestur

21. nóvember**Starfssvið**

- Innkaup og birgðastýring.
- Samningagerð og samskipti við birgja og viðskiptavini.
- Áætlanagerð.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/4113**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg.
- Reynsla af samningagerð.
- Mjög góð íslensku og enskukunnátta.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum ásamt hæfni í mannlegum samskiptum.

Fyrirtækið er staðsett á höfuðborgarsvæðinu.

Kennarasamband Íslands

Þjónustufulltrúi

KÍ óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa í 100% starf á kjara- og réttindasvið. Við leitum að áhugasömum og úrræðagóðum einstaklingi.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um laun fer skv. kjarasamningi SÍ/SNS.

Umsóknarfrestur

27. nóvember 2016**Starfssvið**

- Upplýsingagjöf um réttindi félagsmanna; svara fyrirspurnum um veikindarétt, ráðningamál, fæðingarorlof, launamál og allt sem tengist kjarasamningum aðildarfélaga.
- Samstarf við aðra þjónustufulltrúa, formenn aðildarfélaga, sérfræðinga og forystu KÍ.
- Önnur störf sem til falla.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/4099**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking af sambærilegum störfum og opinberri stjórnýslu er kostur
- Góð íslenskukunnátta og almenn málakunnátta.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Talnagleggni og skipulögð vinnubrögð.
- Þekking á tölvuvinnslu.



Kennarasamband Íslands tók til starfa í janúar 2000. Að Kennarasambandinu standa átta félög þ.e. Félag grunnskólakennara, Félag framhaldsskólakennara, Félag leikskólakennara, Félag tónlistarskólakennara, Skólastjórafélag Íslands, Félag stjórnenda í framhaldsskólum, Félag stjórnenda leikskóla og Félag kennara á eftirlaunum.

Í Kennarahúsinu eru skrifstofur Kennarasambandsins og félaga innan þess og einnig skrifstofur orlofsfjórðs KÍ, sjúkrasjóðs KÍ auk endurmenntunarsjóða félaganna. Félagsmenn eru nú rúmlega 10.000. Sjá nánar á www.ki.is.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

SORPA bs.

Skrifstofustjóri

SORPA bs. óskar eftir að ráða skrifstofustjóra til starfa. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi til krefjandi verkefna í lifandi umhverfi.

Umsóknarfrestur

28. nóvember**Starfssvið**

- Daglegur rekstur og stjórnun skrifstofu.
- Yfirumsjón og ábyrgð á bókhaldi og uppgjörum.
- Gerð rekstraráætlunar og eftirfylgni.
- Markmiðasetning, eftirfylgni með þjónustuferlum og umsjón með umbótaferlum.
- Umsjón með launavinnslu.
- Umsjón með sértækum hugbúnaði innan fyrirtækisins.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/4114**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólaþróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af rekstri og stjórnun.
- Reynsla af bókhaldi og uppgjörum.
- Reynsla af áætlanagerð.
- Þekking á kjarasamningum.
- Færni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.
- Gott vald á íslensku og ensku, kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg.

Endurvinnslustöðvar SORPU eru sex talsins og reknar samkvæmt samningi milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og SORPU bs.

SORPA hefur hlotið vottun ISO 9001 og umhverfsvottun ISO 14001. Einnig hefur SORPA fengið jafnlaunavottun VR.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi til krefjandi verkefna í lifandi umhverfi.

Nánari upplýsingar um SORPU á www.sorpa.is.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent



ARNARLAX

Fiskeldisfyrirtækið Arnarlax er staðsett á Bíldudal og þar vinna ríflega 100 starfsmenn. Fyrirtækið er í örur vexti og hefur leyfi til að framleiða 14.500 tonn af eldisfiski. Fyrirtækið gerir upp í evrum. Staða sérfræðings á fjármálasviði heyrir undir fjármálastjóra.



Sérfræðingur á fjármálasviði

Arnarlax leitar að sérfræðingi á fjármálasviði.

Helstu verkefni

- Umsjón með mánaðarlegum afstemmingum innan samstæðu
- Greining og kynning á fjárhagstölum vegna uppgjöra
- Aðstoð við úrbætur á ferlum og innleiðingu á kerfum
- Veita leiðbeiningar og ráðgjöf til stjórnenda við mánaðarleg uppgjör og ársfjórðungslegar fjárhagsáætlanir verkefna
- Halda utan um mánaðarlegar lykiltölur verkefna og taka saman skýringar og frávikagreiningu með stjórnendum
- Önnur verkefni á fjármálasviði í samráði við fjármálastjóra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af bókhalds- og/eða uppgjörsvinnu og skýrslugerð
- Þekking á Navision kostur
- Mjög góð kunnátta á Excel og Power Point
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni og frumkvæði í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta



Upplýsingar veitir:

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 20. nóv. nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Reginn er öflugt fasteignafélag sem á og fjárfestir í fasteignum og starfar á sviði rekstrar og umsýslu fasteigna. Félagið er staðsett í Hagasmára 1, Kópavogi.

Innheimtufulltrúi / gjaldkeri

Reginn hf. óskar eftir að ráða innheimtufulltrúa / gjaldkera til þess að sinna fjölbreyttum verkefnum á fjármálasviði félagsins.

Starfssvið

- Hefur umsjón með innheimtu tekna og greiðslu reikninga
- Kemur að gerð greiðsluáætlana og ávöxtun lausafjár
- Hefur umsjón með tengdri skýrslugerð og skjölun

Hæfniskröfur

- Reynsla af innheimtu er skilyrði
- Reynsla af gjaldkerastörfum æskileg.
- Menntun sem nýtist í starfi
- Kunnátta í MS Office. Þekking á Navision fjárhagskerfi æskileg
- Góð samskipta- og skipulagshæfni



Upplýsingar veitir:

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 22. nóv. nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

RARIK ohf. er þjónustudrifið hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.

Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.

Öryggi og heilsa starfsmanna og almennings skal ávallt vera í fyrirrúmi. RARIK leggur áherslu á að þjálfa starfsmenn til að sinna störfum á öruggan hátt og að búnaður, aðstaða og tæki uppfylli ströngustu öryggiskröfur hverju sinni.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.rarik.is

Öryggisstjóri

RARIK auglýsir lausa stöðu öryggisstjóra. Staðan felur í sér ábyrgð á öryggisstjórnun og öryggismálum fyrirtækisins ásamt þátttöku í neyðarstjórnun. Öryggisstjóri heyrir beint undir forstjóra.

Starfssvið og ábyrgð:

- Ábyrgð og umsjón með öryggisstjórnunarkerfi
- Áhættumat og þátttaka í neyðarstjórnun
- Umsjón með framfylgd laga og reglugerða
- Úrvinnsla ábendinga um öryggismál
- Umsjón með öryggisnefnd fyrirtækisins
- Umsjón með skráningu og ástandi verkfæra og tækja
- Umsjón með fræðslustefnu og námskeiðum
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Önnur tengd verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tækni- eða verkfræði
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Þekking á stjórnun öryggismála í krefjandi umhverfi
- Þekking á lögum og reglugerðum um öryggismál
- Stjórnunarhæfileikar
- Nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og ríkir samstarfshæfileikar
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember 2016. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferlskrá og kynningarbréf.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík



Útibússtjóri í Reykjanesbæ

Landsbankinn auglýsir starf útibússtjóra í Reykjanesbæ laust til umsóknar. Leitað er að kraftmiklum og drífandi einstaklingi með góða þekkingu á fjármálamörkuðum og mikla reynslu af stjórnun til að leiða starfsemi útibúsins.

Helstu verkefni

- » Yfirumsjón með öllum rekstri útibúsins
- » Yfirumsjón með þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina
- » Fjármálaráðgjöf til einstaklinga, félaga og fyrirtækja
- » Virk þátttaka í markaðsstarfi og öflun nýrra viðskipta
- » Eftirlit og ábyrgð á arðsemi, áhættu og vanskilum

Hæfnis- og menntunarkröfur

- » Háskólamenntun og yfirgripsmikil reynsla sem nýtist í starfi
- » Góð þekking á starfsemi fjármálafyrirtækja
- » Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- » Frumkvæði og fagmennska í starfi
- » Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Baldur G. Jónsson, mannauðsstjóri, í síma 410 7904 eða baldur.g.jonsson@landsbankinn.is og Helgi Teitur Helgason, framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs, í síma 410 5601 eða helgi.t.helgason@landsbankinn.is.

Umsókn merkt **Útibússtjóri í Reykjanesbæ** fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk.



Jafnlaunaúttekt
PwC

UPPLÝSINGATÆKNISTJÓRI

Öflugt fyrirtæki í fjölbreyttum rekstri hér á landi óskar eftir að ráða upplýsingatæknistjóra til að stýra upplýsingatæknideild sem sér m.a. um rekstur grunnkerfa og þjónustu til innri og ytri viðskiptavina. Starf upplýsingatæknistjóra heyrir beint undir forstjóra fyrirtækisins.

HELSTU VERKEFNI

- Fylgja eftir stefnumótun í upplýsingatæknimálum
- Daglegur rekstur deildarinnar
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Gæða- og umbótaverkefni
- Tryggja að starfsemi deildarinnar sé í samræmi við gæða- og öryggisstefnu
- Tryggja rekstur grunnkerfa
- Aðkoma að rafvæðingu markaðsmála
- Sjálfvirknivæðing ferla og samskipta
- Þátttaka í stefnumótun og þróun upplýsingakerfis í nánu samstarfi við stjórnendur
- Önnur verkefni

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af stjórnun og rekstri UT einingar/deildar
- Reynsla af reglugerðarumhverfi er kostur
- Góð færni í samskiptum og gott vald á íslenski og enski tungu
- Frumkvæði og metnaður
- Þjónustulund

SÆKJA UM

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigr. Björnsdóttir hjá Ráðum ráðningarstofu agla@radum.is. Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að sækja um á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

Upplýsingatækni

1912 óskar eftir öflugum starfsmanni til að sjá um upplýsingatæknimál samstæðunnar.

HELSTU VERKEFNI:

- Daglegt eftirlit og rekstur net- og öryggiskerfa fyrirtækisins
- Samskipti við sölu- og þjónustuaðila tölvukerfa
- Almenn þjónusta við notendur
- Eftirlit með fjarskiptabúnaði
- Þátttaka í stefnumótun og þróun upplýsingakerfis
- Önnur verkefni sem tengjast tæknikerfum fyrirtækisins

HÆFNISKRÖFUR:

- Tölvunarfræði/kerfisfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegum verkefnum
- Góð færni í samskiptum
- Þjónustulund, áreiðanleiki og skipulagni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og drifkraftur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigr. Björnsdóttir hjá Ráðum ráðningarstofu agla@radum.is.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að sækja um á heimasíðu Ráðum www.radum.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk.

1912
Klettagarðar 19 | 104 Reykjavík | +354 530 8400 | www.1912.is

ráðum
ráðningarstofa



1912 er traust fyrirtæki í heildverslun með dagvöru. Í gegnum dótturfélög sín, Nathan & Olsen og Ekruna, býr félagið yfir öflugum dreifileiðum til smásöluaðila, stóreldhúsa, iðnaðar og fríværslunar með kost. Starfsfólk samstæðunnar er í kringum 100 talsins. Það býr við glæsilega aðstöðu í höfuðstöðvum fyrirtækisins að Klettagörðum í Reykjavík. Fyrirtækið er einnig með starfsstöð á Akureyri.



ráðum
ráðningarstofa

Ertu að leita að starfi?

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is



Þau Maren og Jón Kolbeinn hafa fengist við verkfræðistörf hjá Isavia í tæp 4 ár og á þeim tíma unnið að uppbyggingu á Keflavíkurlugvelli. Þannig eru þau hluti af góðu ferðalagi.

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

VERKEFNASTJÓRI ÞRÓUNAR- OG UPPBYGGINGAR- VERKEFNA Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Meginhlutverk verkefnastjóra er að halda utan um þróunar- og uppbyggingaráætlun Keflavíkurlugvallar. Verkefnastjóri sér um að móta verklag, innleiða áætlanir og eiga samskipti við hagsmunaaðila flugvallarins. Verkefnastjórinn tekur þátt í áætlanagerð og greiningu verkefna og öðrum tilfallandi verkefnum í samráði við yfirmann.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Verkefnastjórnarmenntun er kostur
- Reynsla og þekking á verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Reynsla af samráði og samskiptum við hagsmunaaðila er kostur

HÖNNUÐUR/ARKITEKT ÞRÓUNAR- OG UPP- BYGGINGARVERKEFNA Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Meginhlutverk hönnuðar er að vinna með frumhugmyndir og þróunarverkefni flugvallarins. Starfsmaður tekur þátt í hugmyndavinnu og sinnir uppbyggingarverkefnum í samræmi við þróunaráætlun. Starfið felur í sér rýni á tillögum, frumhönnun, flæðisgreiningu og önnur tilfallandi verkefni í samráði við yfirmann.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. arkitektúr eða verkfræði
- Reynsla og þekking á hönnun bygginga
- Reynsla og þekking á umhverfi hönnunarsamkeppna
- Reynsla af samráði og samskiptum við hagsmunaaðila er kostur

Umsækjendur þurfa að standast bakgrunnsskoðun ríkislögreglustjóra vegna aðgangs að haftasvæði flugverndar.



Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunáttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.

STARFSSTÖÐVAR:
REYKJAVÍK/KEFLAVÍK

UMSÓKNARFRESTUR:
27. NÓVEMBER 2016

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA



ISAVIA

Umsjón fasteigna og framkvæmda

Leitum að verk- eða byggingatæknifræðingi í umfangsmikið starf. Meginverkefni lúta að umsjón með fasteignum, nýframkvæmdum og stærri viðhaldsverkefnum. Viðkomandi er verkefnastjóri stærri verkefna og starfsmaður bygginganefndar vegna nýbygginga.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Sjá nánari upplýsingar á www.intellecta.is

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is



Reykjavíkurborg

Skrifstofa þjónustu og reksturs

Verkefnastjórar rafrænnar þjónustumiðstöðvar

Reykjavíkurborg auglýsir þrjár stöður verkefnastjóra í rafrænni þjónustumiðstöð

Reykjavíkurborg hefur sett á stofn rafræna þjónustumiðstöð sem hefur þann megintilgang að þróa og breyta framlínubjónustu borgarinnar. Einingunni er ætlað að bæta þjónustu Reykjavíkur og gera hana aðgengilegri. Horft verður til þjónustuhönnunar og hvers kyns tæknilausna til þess að veita framúrskarandi þjónustu.

Skrifstofa þjónustu og reksturs leitar eftir verkefnastjórum rafrænnar þjónustumiðstöðvar. Um er að ræða þrjú störf með ólíkri nálgun, verkefnastjóri sem ber ábyrgð á framsetningu og viðmóti, verkefnastjóri ferla og réttinda og verkefnastjóri tækni og nýjunga. Verkefnastjóranir heyra undir deildarstjóra rafrænnar þjónustumiðstöðvar.

Skrifstofa þjónustu og reksturs hefur yfirumsjón með og annast samræmingu á þjónustu borgarinnar, sérstaklega rafrænni þjónustu og þjónustu í framlínu borgarinnar. Skrifstofan ber ábyrgð á rekstri þjónustuvera, undir hana heyra skjalasafn Ráðhúss og Skjalaver á Höfðatorgi sem og upplýsingatæknimál borgarinnar með tilheyrandi rekstri tölvubúnaðar, tæknilegu þróunarstarfi og hugbúnaðarþróun. Skrifstofan ber ennfremur ábyrgð á rekstri Ráðhúss, Höfðatorgs, Höfða sem og mötuneyta Ráðhúss og Höfðatorgs.

Helstu verkefni:

- Stýring verkefna rafrænnar þjónustumiðstöðvar
- Vinna að framþróun rafrænnar þjónustu
- Samráð og samskipti við stjórnendur og starfsmenn sviða/skrifstofa borgarinnar um rafræna þjónustuveitingu
- Umsjón með fræðslu og kynningarmálum rafrænnar þjónustumiðstöðvar
- Þátttaka í ýmsu samstarfi innan og utan borgarinnar
- Þróun og skipulagning á verklagi við þjónustuveitingu
- Önnur tilfallandi verkefni

Starfshlutfall hvernar stöðu 100%.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Reykjavíkurborg.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri í tölvupósti, netfang oskarj.sandholt@reykjavik.is

Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember.
Umsækjendur skulu sækja um á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/laus-storf.

Verkefnastjóri framsetningar og viðmóts þekkingar- og hæfniskröfur:

- Lönhönnun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun á háskólastigi er kostur
- Þekking og/eða reynsla af verkefnastjórnun
- Þekking og/eða reynsla af þjónustuveitingu eða þjónustuhönnun er kostur
- Þekking og/eða reynsla af breytingaverkefnum er kostur
- Brennandi áhugi á upplýsingatækni
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Verkefnastjóri ferla og réttinda þekkingar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði lögfræði, stjórnsýslu eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun á háskólastigi er kostur
- Þekking og/eða reynsla af verkefnastjórnun
- Þekking og/eða reynsla af opinberri stjórnsýslu
- Þekking á Lean aðferðarfræði eða sambærilegum aðferðum er kostur
- Brennandi áhugi á upplýsingatækni
- Þekking og/eða reynsla af breytingaverkefnum er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Verkefnastjóri tækni og nýjunga þekkingar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði upplýsingatækni eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun á háskólastigi er kostur
- Þekking og/eða reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af þjónustuveitingu og/eða þjónustuhönnun
- Haldgóð þekking á tækni og nýsköpun
- Reynsla af uppsetningu þjónustuvefja
- Þekking og/eða reynsla af breytingaverkefnum er kostur
- Brennandi áhugi á upplýsingatækni
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA



SPENNANDI TÆKIFÆRI HJÁ HÚSASMIÐJUNNI

Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar rís í Kjalarvogi

Vilt þú taka þátt í að móta nýja tíma með okkur?

Spennandi tímar eru framundan hjá Húsasmiðjunni en framkvæmdir eru hafnar á nýrri fagmannaverslun og timbursölu í Kjalarvogi.

Árið 2017 mun Húsasmiðjan opna nýja og glæsilega verslun, sérsniðna að þörfum fagmannsins.

Húsasmiðjan er hluti af dönsku byggingavörukeðjunni Bygma sem er með starfsemi í Danmörku, Svíþjóð, Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi.

Vilt þú vera með okkur í liði?

Við leitum eftir fólki sem hefur mikla þjónustulund og frumkvæði í starfi, er lausnamiðað og hefur góða samskiptahæfni. Æskilegt er að umsækjendur búi yfir haldgóðri þekkingu á byggingavörum.

Húsasmiðjuna einkennir góður starfsandi og gott og öruggt starfsumhverfi.

Rekstrarstjóri fagmannaverslunar

Leitum að metnaðarfullum aðila í nýtt krefjandi og spennandi stjórnunarstarf.

Ábyrgðarsvið

- Rekstur og stjórnun nýrrar fagmannaverslunar
- Að framfylgja stefnu fyrirtækisins
- Ráðgjöf, tilboðsgerð, þjónusta og sala til viðskiptavina

Rekstrarstjóri mun leiða öflugan hóp starfsmanna í nýrri fagmannaverslun.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af rekstri og stjórnun og búi að menntun sem nýtist í starfi.

Rekstrarstjóri tilheyrir fagsölusviði Húsasmiðjunnar og er í hópi lykilstjórnenda fyrirtækisins.

Sölu- og vörustjóri múrefna

Leitum að öflugum liðsmanni með góða fagþekkingu á múrefnum.

Ábyrgðarsvið

- Sala, innkaup og birgðastjórnun á múrefnum
- Kynningar, ráðgjöf og tilboðsgerð til viðskiptavina
- Þjálfun starfsmanna í múrefnum
- Útlit og framsetning í múrdeildum Húsasmiðjunnar
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu og/eða fagþekkingu á múrefnum og góða samskiptahæfni.

Sölu- og vörustjóri tilheyrir fagsölusviði Húsasmiðjunnar.

Sölumaður á fagsölusviði byggingavörur

Leitum að öflugum sölumanni í krefjandi og spennandi starf, æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu/þekkingu á byggingamarkaði.

Ábyrgðarsvið

- Heimsóknir til fagaðila á byggingastaði
- Ráðgjöf, tilboðsgerð, þjónusta og sala til viðskiptavina

Sölumaður á fagsölusviði fittings og hreinlætistæki

Leitum að metnaðarfullum aðilum í krefjandi og spennandi starf, æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu/þekkingu á lagnavörum.

Ábyrgðarsvið

- Heimsóknir til fagaðila á byggingastaði
- Ráðgjöf, tilboðsgerð, þjónusta og sala til viðskiptavina

Umsóknir berist fyrir 24. nóvember í netfangið atvinna@husa.is

Vinsamlega takið fram hvaða starf sótt er um.

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

Metnaður • Þjónustulund • Sérþekking



Byggjum á betra verði

www.husa.is

Vörustjóri á Heilbrigðissviði

Leitum að sóknarmanni í öflugt teymi

Við leitum að öflugum vörustjóra í sóknarsölu á vörum fyrir heilbrigðisstofnanir og læknastofur

Starfssvið

- Sala og ráðgjöf fyrir heilbrigðisstofnanir og fagfólk
- Leita nýrra leiða til kynninga og sölu á vörum og búnaði
- Ábyrgð á vörumerkjum og samskipti við erlenda birgja
- Tilboðsgerð skv. útboðslýsingum

Eiginleikar og hæfniskröfur

- Góð reynsla af sölumennsku á vörum og búnaði
- Á gott með að koma fram og kynna vörur og eiginleika þeirra
- Hefur hæfileika til að sjá ný tækifæri og skipuleggja sókn í sölu
- Á auðvelt með mannleg samskipti
- Menntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku

Áhugasamir, sem vilja starfa hjá framsæknu fyrirtæki í góðum hópi og í skemmtilegu umhverfi, sendi umsókn með starfsferilsskrá og mynd á atvinna@eirberg.is merkt Vörustjóri. – Umsóknarfrestur er til 22. nóvember 2016. Eirberg er reyklaus vinnustaður.

Eirberg ehf. er framsækið innflutnings- og þjónustufyrirtæki, sem byggir á traustum faglegum grunni og áratuga reynslu. Hjá okkur starfa um 30 manns, þar af heilbrigðismenntað fagfólk. Eirberg starfrækir 3 verslanir auk heilbrigðissviðs og heilðsólusviðs. Markmið okkar eru að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf, stuðla að vinnuvernd og hagræði.



CCP IS HIRING

ASSOCIATE BRAND MANAGER

RESPONSIBILITIES INCLUDE

Maintaining, iterating and improving the EVE merchandise online store and the EVE Online mobile companion app.

The Associate Brand Manager will join the marketing team and work closely with teams across both the Customer and Development organization.

More information on our site
www.ccpgames.com/careers



HRAFNISTA REYKJAVÍK

Viltu vinna með okkur?

Aðstoðardeildarstjóri á hjúkrunar- og hvíldarinnlagnardeild

Hrafnista í Reykjavík leitar að metnaðarfullum aðstoðardeildarstjóra með áhuga á öldrunarhjúkrun og stjórnun. Aðstoðardeildarstjóri er staðgengill deildarstjóra í fjarveru hans og aðstoðar hann að jafnaði með ýms verkefni tengd rekstri og stjórnun deildarinnar. Um er að ræða 100% starf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Góð þekking og reynsla af Rai mælitækinu kostur
- Starfsreynsla í hjúkrun
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Viðbótarnám er kostur
- Jákvæðni og framúrskarandi samskiptahæfileikar

Hjúkrunarfræðingar og hjúkrunarnemar

Getum bætt við hjúkrunarfræðingum og hjúkrunarnemum í okkar frábæra starfsmannahóp, starfshlutfall samkomulag. Þekking, reynsla, frumkvæði og ánægja starfsmanna Hrafnistuheimilanna tryggir gæði þeirrar þjónustu sem veitt er.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Jákvæðni og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Umsóknarfrestur til 24.11. 2016. Nánari upplýsingar veitir Sigrún Stefánsdóttir forstöðumaður Hrafnistu í Reykjavík í síma 693 9400 eða á netfanginu sigrun.stefansdottir@hrafnista.is. Umsóknum skal fylgja náms- og starfsferilsskrá.



Hirzlan

Við leitum að handlögnum og röskum einstaklingi í fullt starf við lagerstörf og útkeyrslu. Vinnutími er kl. 9–17 virka daga.

STARFSSVIÐ

- Útkeyrsla til viðskiptavina
- Vöruafhending
- Áfyllingar í verslun
- Samsetning og viðgerðir á vörum

HÆFNISKRÖFUR

- Bílpróf er skilyrði
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur
- Tölvukunnátta og smíðareynsla er kostur

Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og geta hafði störf sem fyrst.

Vinsamlega sendu umsókn á Leif Aðalsteinsson, leifur@hirzlan.is.

Hirzlan er húsgagnaverslun sem var stofnuð 1993. Fyrirtækið er með umboð fyrir hágæða vörumerki í húsgögnum fyrir bæði skrifstofur og heimili. Við erum með rúmgott og bjart verslunarhúsnæði að Siðumúla 37, opið mánudaga til fimmtudaga kl. 10.00–18.00 og föstudaga kl. 10.00–17.00.

☎ 564 5040

🌐 hirzlan.is

📍 Hirzlan



VERKEFNASTJÓRI - MARKAÐSMÁLA (PROJECT MANAGER MARKETING)

MEET in REYKJAVÍK (Ráðstefnuborgin Reykjavík) óskar eftir að ráða öflugan verkefnastjóra markaðsmála til að halda utan um kynningu og alþjóðlega markaðssetningu á Reykjavík/Íslandi sem áfangastað fyrir alþjóðlegar ráðstefnur, fundi, hvataferðir og viðburði. Markmið MEET in REYKJAVÍK er að auka vægi þessa markaðar á Íslandi fyrir hönd breiðs hóps aðildarfyrirtækja og er starfið mikilvægur hluti af starfseminni.

Í STARFINU FELST MEÐAL ANNARS:

- Yfirumsjón á vef, vefauglýsingum og leitarvélbestun
- Gerð áætlana, kynningar- og markaðsefnis
- Greinaskrif, fréttatilkynningar og auglýsingar
- Samskipti og móttaka erlendra blaðamanna og markaðsaðila
- Samstarf og stuðningur við aðildarfyrirtæki Meet in Reykjavík
- Ritstjórn á fréttabréfi á íslensku og ensku

HÆFNISKRÖFUR ERU:

- Háskólamenntun og starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Mikil færni í íslensku og framúrskarandi enskukunnátta í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta, þekking á vefumsjón og gerð kynningarefnis er nauðsynleg
- Mikil skipulagsfærni, geta til að vinna undir álagi og sinna mörgum viðfangsefnum samtímis
- Framtaksemi, sjálfstæði, hugmyndaauðgi og atorkusemi
- Reynsla af ráðstefnu, funda- og hvataferðabjónustu og þekking á viðburðahaldi er kostur

Athygli er vakin á að starfið er mjög fjölbreytt, krefst frumkvæðis, metnaðar, útsjónarsemi, og mögulega vinnuframlags utan hefðbundins vinnutíma.

Umsóknarfrestur er til og með 21. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda ítarlega starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið til Meet in Reykjavík á netfangið: info@meetinreykjavik.is

Á vefsíðu Meet in Reykjavík er að finna frekari upplýsingar um hlutverk og markmið starfseminnar undir „Our services“.

Nánari upplýsingar um starfið veitir

Þorsteinn Örn Guðmundsson framkvæmdastjóri í síma: 527 6666

eða gegnum netfangið thorsteinn@meetinreykjavik.is

Sóttún 26
105 Reykjavík
Sími: 527 6666

MEET IN REYKJAVÍK
Reykjavík Convention Bureau

Hagstofa Íslands



Sérfræðingur við framkvæmd launarannsóknar

Hagstofan óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa við launarannsókn Hagstofu Íslands. Um er að ræða krefjandi starf við greiningu gagna og samskipti við launagreiðendur á íslenskum vinnumarkaði. Í starfinu felst ábyrgð á gæðum og samræmingu upplýsinga sem launagreiðendur í úrtaki senda mánaðarlega beint úr launakerfum. Launarannsókn Hagstofu Íslands er grundvöllur opinberrar launatölfræði, þar með talin launavísitölu, og nær í dag til rúmlega 70 þúsund launamanna.

Hæfniskröfur:

- ✓ Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- ✓ Færni til að tileinka sér nýja þekkingu hratt og leysa úr flóknum viðfangsefnum
- ✓ Mikil færni í samskiptum, þjónustulund og sannfæringarkraftur
- ✓ Mikil greiningarhæfni
- ✓ Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- ✓ Góð almenn tölvukunnátta
- ✓ Þekking á launavinnslu, kjarasamningum og íslenskum vinnumarkaði er kostur
- ✓ Þekking og reynsla af gagnavinnslu er kostur

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutað-eigandi stéttarfélag. **Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember 2016** og skulu umsóknir berast til: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ólafur Arnar Þórðarson og Margrét Kristín Indriðadóttir í síma 5281000.

Sérfræðingur á efnahagssviði

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í deild þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála en deildin vinnur meðal annars tölur um landsframleiðslu og undirþætti hennar og afkomu hins opinbera.

Starfið felur í sér að sjá um úrvinnslu, greiningu og útgáfu talna um þjóðhagsreikninga og fjármál hins opinbera. Einnig fellur undir starfið þróun aðferða og framleiðsluferla. Viðfangsefni eru fjölbreytt og fela í sér mikil samskipti, bæði við gagnaveitendur og notendur.

Hæfniskröfur:

- ✓ Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði, stærðfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- ✓ Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga
- ✓ Þekking á vinnslu gagnagrunna (SQL/Access) er kostur
- ✓ Þekking á þjóðhagsreikningum og fjármálum hins opinbera er kostur
- ✓ Þekking á hagrannsóknnum er kostur
- ✓ Góð íslensku- og enskukunnátta
- ✓ Geta til að vinna sjálfstætt, skipulega og undir álagi
- ✓ Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutað-eigandi stéttarfélag. **Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember 2016** og skulu umsóknir berast til: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Hauksdóttir og Gunnar Axel Axelsson í síma 5281000.

Vegna fjölda nýrra og spennandi verkefna leitum við að klárum og skemmtilegum arkitektum og/eða byggingafræðingum. **Zepelin arkitektar** teikna öll sín verkefni í þrívíddarforritum og viðkomandi þarf því að kunna góð skil á Archicad eða Revit. Færni í photoshop og illustrator er mikill kostur.

Umsóknir ásamt ferilskrám skulu sendar á orri@zeppelin.is, frekari upplýsingar í síma 553 3640. Umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.



ZEPPELIN
ARKITEKTAR

Ríkisendurskoðun auglýsir laus störf til umsóknar:

Sérfræðingar á stjórnsýslusviði

Helstu verkefni og ábyrgð

Starf sérfræðings felst í úttektavinnu og skýrslugerð auk almennrar þátttöku í innra starfi sviðsins. Hann starfar sjálfstætt að verkefnum sínum í samræmi við gæðakröfur stjórnsýslusviðs og starfsáætlanir og þarf að geta leitt þau til lykta í samvinnu við sviðsstjóra / deildarstjóra.

Hæfnikröfur

- Háskólamenntun (meistarapróf) sem nýttist í starfi
- Reynsla af vinnu við úttektir / skýrslugerð
- Þekking á ríkisrekstri og opinberri stjórnsýslu
- Samviskusemi, frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun
- Færni í greiningu, úrvinnslu og miðlun tölulegra gagna
- Mjög góð kunnátta í íslensku og geta til að skrifa hnitmiðaðan, vandaðan og læsilegan texta
- Gott vald á Word og Excel og hæfileiki til að tileinka sér ný tölvukerfi
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 21.11.2016

Nánari upplýsingar veitir Þórir Óskarsson - thorir@rikisend.is

Löggiltur endurskoðandi á endurskoðunarsviði

Helstu verkefni og ábyrgð

- Endurskoðun reikningsskila ríkisaðila
- Endurskoðun reikningsskila félaga og sjóða í meirihlutaeigu ríkisins
- Endurskoðun á samstæðuuppgjöri ríkissjóðs
- Könnun á innra eftirliti stofnana og mat á virkni þess
- Aðrar úttektir á fjárhagsmálefnum ríkisstofnana
- Þátttaka í teymisvinnu og samstarf við ýmsa aðila
- Ábyrgð á afmörkuðum verkefnum

Hæfnikröfur

- Þekking á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum
- Þekking á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum
- Þekking á rekstri/fjármálastjórn opinberra aðila er kostur
- Góð greiningar- og ályktunarhæfni
- Góð hæfni í samskiptum og teymisvinnu
- Góð færni í ritun og framsetningu texta á íslensku
- Færni til að vinna sjálfstætt og sýna frumkvæði og metnað í starfi
- Viðtæk tölvukunnátta og reynsla af notkun fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er kostur

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 28.11.2016

Nánari upplýsingar veitir Ingi K. Magnússon - ingi@rikisend.is

Sérfræðingur á endurskoðunarsviði

Helstu verkefni og ábyrgð

- Endurskoðun reikningsskila ríkisaðila
- Könnun á innra eftirliti stofnana og mat á virkni þess
- Aðrar úttektir á fjárhagsmálefnum ríkisstofnana
- Þátttaka í teymisvinnu og samstarf við ýmsa aðila
- Ábyrgð á afmörkuðum verkefnum

Hæfnikröfur

- Háskólapróf, meistarapróf/cand. oecón á sviði endurskoðunar og reikningshalds
- Góð reynsla og/eða þekking á rekstri/fjármálastjórn opinberra aðila æskileg
- Góð greiningar- og ályktunarhæfni
- Góð hæfni í samskiptum og teymisvinnu
- Góð færni í ritun og framsetningu texta á íslensku.
- Færni til að vinna sjálfstætt og sýna frumkvæði og metnað í starfi
- Viðtæk tölvukunnátta og reynsla af notkun fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er kostur

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 28.11.2016

Nánari upplýsingar veitir Ingi K. Magnússon - ingi@rikisend.is

Frekari upplýsingar um störfin

Sótt skal um störfin í gegnum Starfatorg.is, þar sem nánari upplýsingar er að finna. Öllum umsóknnum verður svarað þegar tekin hefur verið ákvörðun um ráðningu. Umsókn getur gilt í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests. Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Ríkisendurskoðunar.

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð stofnun sem starfar á vegum Alþingis. Stofnunin endurskoðar ríkisreikning og reikninga ríkisaðila, hefur eftirlit með og stuðlar að umbótum á fjármála- stjórn ríkisins og nýtingu almannaþárr. Hún gerir grein fyrir niðurstöðum endurskoðunar og úttekta í skýrslum sem sendar eru Alþingi og birtar opinberlega. Ríkisendurskoðandi ræður starfsfólk stofnunarinnar. Ríkisendurskoðun er til húsa í Briartúni 7, 105 Reykjavík. Starfsmenn eru samtals 48.

Sjá nánar: www.rikisendurskodun.is

HEILSUGÆSLAN



Fagstjóri hjúkrunar Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Laus eru til umsóknar störf fagstjóra hjúkrunar við Heilsugæsluna Efstaleiti, Heilsugæsluna Hlíðum og Heilsugæsluna Efra-Breiðholti. Fagstjóri hjúkrunar ber ábyrgð á skipulagningu hjúkrunarþjónustu í samræði við svæðisstjóra. Mikil áhersla er lögð á samvinnu milli fagstétta innan stöðvanna og að þjónustuparfir skjólstæðinga séu ávallt í fyrirrúmi. Um er að ræða krefjandi störf sem reyna á frumkvæði, skipulagshæfileika og samskiptahæfni. Ráðið verður í starfið til 5 ára frá og með 1. desember nk. eða eftir nánara samkomulagi. Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember 2016.

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er í gangi breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að

bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfseminu og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Annast skipulag, verkstjórn og samhæfingu innan fagsviðs ásamt svæðisstjóra, í samræmi við stefnu og markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Er svæðisstjóra innan handar við daglegan rekstur stöðvar og er staðgengill hans
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi samhliða
- Innleiðir nýjungar og vinnur að breytingum á starfsemi til hagsbóta fyrir skjólstæðinga stöðvar
- Tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi
- Skipuleggur kennslu fyrir heilbrigðisstéttir í samræði við fagstjóra lækninga, kennslustjóra og lærimeistara

Hæfnikröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi er skilyrði
- Framhaldsmenntun í hjúkrun æskileg
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu
- Reynsla af starfi í heilsugæslu er kostur
- Nám og reynsla á sviði stjórnunar æskileg
Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, opnar ráðstefnu klukkan 13 í dag í Þjóðskjalasafninu að Laugavegi 162 um skjöl landsnefndarinnar fyrri. Að sögn Hrefnu Róbertsdóttur sagnfræðings er í þeim skjölum fjallað um allt sem snýr að íslensku samfélagi á seinni hluta 18. aldar, heilbrigðismál, vegi, hafnir, landbúnað, verslun, samskipti við kaupmenn og embættismenn, handverk og allt mögulegt.

„Þarna koma fram ábendingar og upplýsingar frá almenningi sem alla jafna hafði ekki rödd. Sumar eru skrifðar í orðastað vinnufólks og lýsa lélegum aðbúnaði þess,“ segir hún.

Ráðstefnan er haldin í tilefni af útkomu annars bindisins af sex í heildarútgáfu skjalanna, á vegum Sögufélags, Þjóðskjalasafnsins og Ríkisskjalasafns Danmerkur. Þær Hrefna og Jóhanna Guðmundsdóttir hjá Þjóðskjalasafninu hafa unnið að útgáfunni. Hrefna segir ekki hafa verið mikið fjallað um þessi skjöl áður en þeirra hafi verið aflað í upphafi af þriggja manna nefnd sem danski konungurinn sendi til Íslands. „Þessir menn dvöldu hér frá vorinu 1770 til haustsins 1771 og voru fyrstu íbúar tukthússins við Arnarhól sem nú hýsir Stjórnarráðið.“



Þær Hrefna og Jóhanna eru ritstjórar útgáfu á skjölum landsnefndarinnar fyrri. Nýlega kom út 2. bindið af sex. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

●● Þarna koma fram ábendingar og upplýsingar frá almenningi sem alla jafna hafði ekki rödd. Sumar eru skrifðar í orðastað vinnufólks og lýsa lélegum aðbúnaði þess.

Hrefna Róbertsdóttir, sagnfræðingur

Það sem þeir gerðu var að skrifa tilskipun sem lesa átti upp í öllum kirkjum og á öllum manntalsþingum þar sem óskað var eftir ábendingum og skrifum frá prestum og almenningi. Einnig skrifuðu þeir embættismönnum og lögðu fyrir þá spurningar.

Upp úr þessu kemur 4.000 síða heimildasafn. Það er skrifað með 18. aldar skrift og hefur verið frekar óaðgengilegt fyrir aðra en nokkra sagnfræðinga sem hafa getað lesið það.“ gun@frettabladid.is

Bréf:

Séra Jón Hannesson í Marteinstungu skrifar um húsaga og leiðir til viðreisnar landinu 11.5.1771.

„Það er hryggilegt að vita hvað mikið peningatjón og heilsuspilling brennivín gjörir íslenskum auk stórrar óvirðingar oftlega þar af rísandi. Ég vildi óska brennivín flyttist ei til Íslands nema af skornasta skammti og til öngra seljast utan lækna, er framvísa kunna rigtugu atteste að vit og leyfi hafi að höndla með læknisdóma. Síðst vildi ég brennivín mætti brúka til brúðlaupa og erfisdrykkju.“ (Landsnefndin fyrri II, Rvk. 2016, bls. 528).



Innlegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdafaður og afa,

Reynis Ragnarssonar

lögtilts endurskoðanda, Staðarseli 5.

Sérstakar þakkir fær líknardeild LSH fyrir góða umönnun og stuðning við fjölskylduna.

Guðrún R. Kilian

Gisli Reynisson

Arnar Gauti Reynisson

Halldóra Gísladóttir

Robert J. Kilian

Sigríður Bryndis Stefánsdóttir

Sigríður Vala Halldórsdóttir

og barnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn,
stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

Guðmundur Valberg Sigurjónsson

vélfræðingur, Katrínarlind 4,

lést á Borgarspítalanum 30. október.
Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 16. nóvember kl. 13.00.

Steinþórunn Karólína Steinþórsdóttir

Ólafur Fáfir Sigurgeirsson

Guðrún Heiða Sigurgeirsdóttir

Bjarni Hrafnsson

og barnabörn.



Okkar hjartfóligna

Elín Ragna Ottesen

(Gagga)

er látin.

Útför hennar fer fram í kyrrþey.

Fyrir hönd fjölskyldunnar allrar,

Sigríður María Bragadóttir



Ástkær eiginmaður, faðir, fósturfaðir,
tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

Hrafn Pálsson

skrifstofustjóri og

hljómlistarmaður í Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund

2. nóvember sl. Útförin verður gerð frá

Neskirkju þriðjudaginn 15. nóvember kl. 13. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Barnspítala Hringins.

Vilborg G. Kristjánsdóttir

Halldór Hrafnsson

Jóhann Gíslí Jóhannsson

Heiða Elin Jóhannsdóttir

Guðrún Jóhannsdóttir

Kristján Jóhannsson

Margrét Pálsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Guðrún Aldis Jóhannsdóttir

Guðjón Guðmundsson

Kolbeinn Pálsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Mergættvi, hlýja og virðing Við andlát ástvarnar



Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir

Útfararstjóri

Farsími 821 5353

Útfararþjónusta

Farsími 861 3441

Þjónusta allan sólarhringinn



Álfheimum 35, 104 Reykjavík

Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is

isleifur@usr.is

25 ÁRA

AFMÆLISVEISLA

ÞAÐ ERU 25 ÁR SÍÐAN VIÐ OPNUÐUM FYRSTU 10-11 VERSLUNINA.
VIÐ FÖGNUM ÞVÍ MEÐ BRAGÐGÓÐUM TILBOÐUM. TAKK FYRIR OKKUR.

GÓU
FLORIDABITAR
199
KR./PK.



KJÖRIS
MJÚKÍS 1 L
349
KR./STK.



NÓA RJÓMA-
SÚKKULAÐI
249
KR./STK.



STJÖRNU
OSTAPUFFS
129
KR./STK.



GRÆNA
KAKAN
299
KR./STK.



COKE 1 L
OG 3 HRINGIR
899 KR.



FRÓN
PIPARKÖKUR
299
KR./STK.



KRISTALL
SÍTRÓNU 2 L
199
KR./STK.



KIPPA AF
PEPSI 2 L
599
KR./STK.



KIPPA AF
COKE 2 L
799
KR./STK.



KIMS
SALTSTANGIR
129
KR./STK.



KJÖRIS
PINNAR
299
KR./PK.



KIPPA AF
APPELSÍNI 2 L
799
KR./STK.



HARIBO
STJERNE MIX
299
KR./STK.



Gildir út nóvember, á meðan birgðir endast.

REYKJAVÍK

Laugalækur 9
Glæsibær
Austurstræti 17
Laugavegur 116
Lágmúli 7

Barónsstígur 4
Grímsbær
Héðinshús
Hjarðarhagi 47
Eggertsgata 24

Miklabraut 100
Kleppsvegur
Birkimelur 1
Bústaðavegur 20
Grjótháls 8

Suðurfell 4
Laugavegur 180
Við Vesturlandsveg
Borgartún 26
Bankastræti 11
Seljavegur 2

KÓPAVOGUR

Hjallabrekka 2
Dalvegur 20
Hagasmári 9

HAFNARFJÖRÐUR

Fjörður 13-15
Staðarberg 2-4
Melabraut 29
Reykjavíkurvegur 58

GARÐABÆR

Litlatún

REYKJANESBÆR

Hafnargata 55
Flugstöð Leifs Eiríks.
Fitjar

AKUREYRI

Kaupangur

AKRANES

Skagabraut 43



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Sæunn Hjaltadóttir
Ólafsvogi 8, Ólafsfirði,
lést á dvalarheimilinu Hornbrekku, Ólafsfirði, þann 7. nóvember. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju mánudaginn 14. nóvember kl. 14.00.

Sigríður Svansdóttir
Vaka Steindórsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Jón Örn Þórðarson
Árni Kristinsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,
Ragnheiður Kjartansdóttir Busk
Ási, Hveragerði,
lést 7. nóvember sl. Jarðarförin fer fram frá Hveragerðiskirkju miðvikudaginn 16. nóvember kl. 14.

María Busk
Kjartan Rúnar Busk
Ragnheiður Elsa Busk
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson
Gunhild Windstad
Steinar Logi Hilmarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartanlegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför ástkærrar móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Ásmundu Ólafíu Ólafsdóttir
(Ásu)

áður til heimilis að Hæðargarði 35.

Með kveðju og blessunaróskum. Sérstakar þakkir til starfsfólks Litlu- og Minni-Grundar.

Erna Eiríksdóttir, Bragi G. Kristjánsson,
Áshildur, Kristján, Styrmir, Guðbjörg
og langömmubörn.



Ástkær móðir okkar, amma og langamma,
Ágústa Guðmundsdóttir
(Dúddý í Miðbæ)

Smáragötu 34, Vestmannaeyjum,
lést á sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum fimmtudaginn 3. nóvember 2016. Útförin fer fram laugardaginn 19. nóvember nk. frá Landakirkju kl. 11.00.

Hlökkver Sigurgeir Guðnason
Ólafur Óskar Guðnason
Sigríður Ágústa Guðnadóttir
Victor Friðbjófur Guðnason
barnabörn og barnabarnabörn.

Ólöf Guðmundsdóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir og mágkona,
Erla Axelsdóttir
fv. sjúkraliði,

lést í faðmi fjölskyldunnar hinn 30. október sl. á líknardeild LSH. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug. Jafnframt færum við starfsfólki 13-G og líknardeildar LSH sérstakar þakkir fyrir einstaklega góða og hlýja umönnun.

Birgir Schram

Sigurður Schram
Ebba Schram
Helgi Schram
Guðjón Axelsson
Ingigerður Axelsdóttir
Jón Axelsson

Lynsey Pilgrim
Ásdís Ágústsdóttir
Steinar Jóhannsson
Þórunn Sandholt

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

Styrktu Krabbameinsfélagið

Gullsmiðir afhentu Krabbameinsfélaginu 1,8 milljónir króna eftir sölu á viðhafnarútgáfu bleiku slaufunnar. „Þetta er fjórða árið sem við styrkjum Krabbameinsfélagið með þessum hætti,“ segir Arna Arnardóttir, formaður Félags íslenskra gullsmiða. Hún segir slaufuna vera hálsmen úr silfri, framleidda í 200 eintökum og bara fást hjá gullsmiðum. „Sá sem hannar hana og smíðar gefur vinnu sína.“

–gun



Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir tekur við styrknum frá Lovísu Halldórsdóttur og Unni Eir Björnsdóttur sem hönnuðu slaufuna.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Björn Helgi Björnsson
prentari,

lést á líknardeild Landspítalans 10. nóvember. Útförin fer fram frá Viðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 18. nóvember klukkan 13.

Jóhanna Sigfúsdóttir

Ásta Björk Björnsdóttir
Hjörtur Geir Björnsson
Björn Freyr Björnsson
Sverrir Örn Björnsson
Rúnar Björnsson
Hrönn Ljótsdóttir
Katrín Edda Svansdóttir
Kristín Höskuldsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Aðalsteinn Gíslason
vélfræðingur, Klapparstig 1,
lést laugardaginn 5. nóvember. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 15. nóvember kl. 13.00.

Kristín Hólm

Rúnar J. Aðalsteinsson
Bára Aðalsteinsdóttir
Sigurbjörn G. Aðalsteinsson
Gunnar K. Aðalsteinsson
Sigríður Ásta Árnadóttir
Kristine G. Alexandria
Bryndís Harðardóttir
og barnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, systir og mágkona,
Dagmar Hrönn Guðnadóttir
Sóleyjaríma 9, Reykjavík,

lést á deild E6 á Landspítalanum í Fossvogi 3. nóvember 2016. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju 14. nóvember klukkan 11. Þeim sem vilja minnst hennar er vinsamlegast bent á Styrktar- og líknarsjóð Oddfellöva.

Guðmundur Eiríksson

Guðni Eiríkur Guðmundsson
Guðni Arnberg Þorsteinsson
Þorsteinn Arnberg Guðnason
og aðrir aðstandendur.
Hanna Björg Sigurðard.
Hallgerður Þórðardóttir
Ingigerður Þórðardóttir



Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls okkar ástkæra sonar og bróður,
Ásgeirs Lýðssonar
Nauthólum 5, Selfossi,

sem lést 13. október. Við viljum þakka öllum sem tóku þátt í umönnun hans.

Sérstakir þakkir til starfsfólks Barnspítala Hringins og gjörgæslunnar á Hringbraut fyrir stuðninginn síðustu vikurnar í lífi Ásgeirs.

Ágústa Sigurðardóttir
Kristian A. Rodriguez
Hekla Rún Lýðsdóttir
Guðrún Katrín Lýðsdóttir

Lýður Ásgeirsson
Arndís Ása Sigurðardóttir



Hjartans þakkir til allra sem heiðruðu minningu okkar ástkæru
Eyrúnar Nönnu Einarsdóttur
og sýndu okkur stuðning, samúð og hlýhug við andlát hennar og útför.

Kári Guðjón Hallgrímsson, Þór, Haraldur og Einar Helgi Kárasynir, Vigdís Esradóttir, Einar Unnsteinsson, Kári Esra Einarsson, Andrea Ósk Guðlaugsdóttir, Ragnheiður Haraldsdóttir, Hallgrímur Guðjónsson og aðrir aðstandendur.



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna fráfalls elskulegs eiginmanns, föður, sonar, bróður og tengdasonar,
Þorleifs N. Ingólfssonar
Tröllaborgum 5.

Sigrún Ásgeirsdóttir
Sara Kristín Þorleifsdóttir
Guðbjörg Eva Þorleifsdóttir
Guðbjörg Þórisdóttir

Sigfús Þór Ingólfsson
Rúnar Þórir Ingólfsson
Ásgeir Jónasson
Gyða Árný Helgadóttir
Bergljót Kjartansdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Dagmar Clausen
sem lést þann 29. október sl. á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð verður jarðsungen frá Kópavogskirkju mánudaginn 14. nóvember nk. kl. 13.

Guðmundur Þórðarson
Þórður Þórðarson
Anna María Þórðardóttir

Margrét Linda Þórisdóttir
Anna Stella Snorradóttir
Ragnar Jóhann Jónsson
börn og barnabörn.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegra foreldra okkar og tengdforeldra,
Þóru Þorsteinsdóttur & Sigurþórs Hallgrímssonar
pípulagningameistara,
Kirkjubraut 18, Seltjarnarnesi.

Starfsfólki Lungnadeildar A6 og Hjartadeildar 14EG þökkum við fyrir frábæra aðstoð og umhyggju.

Hafdis Sigurþórsdóttir
Guðbjörn Sigurþórsson
Þóra Björk Sigurþórsdóttir
Sigurþór Sigurþórsson
Oddný Hildur Sigurþórsdóttir
Arnar Filippus Sigurþórsson
barnabörn og barnabarnabörn.


Viðar Gunnarsson
Anna Bjarnadóttir
Ragnar Kummer
Solfrid Dalsgaard Joensen
Þorsteinn Ásgeirsson
Sædis Pálsdóttir

GLAMOUR

GLAMOUR er komið út og nú með glæsilegri JÓLAGJAFAHANDBÓK þar sem eru **yfir 500 hugmyndir** að jólagjöfum fyrir alla fjölskylduna úr íslenskum verzlunum! *Skyldueign á hvert heimili!*



500+
hugmyndir að jólagjöfum
**JÓLAGJAFA
HANDBÓK**
fyrir hana, hann, barnið
og heimilið!



KitchenAid**HRÆRIVÉL + ÁHALDASETT****KitchenAid**

Sanseraðir litir

FULLT VERD ... 107.990

(Hrærivél 92.995 + áhaldasett 14.995)

TILBODSVERD .. 92.995Litir **FULLT VERD ... 104.990**


(Hrærivél 89.995 + áhaldasett 14.995)

TILBODSVERD ... 89.995ALDREI
VERIÐ
LÉTTARA
AÐ SLÉTTA
ÚR FLÍKUM**35%****GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD****VERD ÁÐUR... 9.995****TILBOD 6.495**Braun
**TÖFRASPROTI
600W****20%****VERD ÁÐUR... 9.995****TILBOD 7.995****RAFTÆKJADAGAR
ÖLL RAFTAËKI
Á ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI****PHILIPS
PowerLife Eco Range
RYKSUGA**

Öflug og orkusparandi

byggtog**búid**

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

50%BABYLISS
HÁRBLÁSARI
2100W**VERD ÁÐUR... 8.995****TILBOD 4.495****20%****LÝKUR UM HELGINA!****VERD ÁÐUR... 15.995****TILBOD 12.795****30%****VERD ÁÐUR... 7.995****TILBOD 5.595**MELISSA
KAFFIKVÖRN**VERD ÁÐUR... 3.995****TILBOD 2.995****20%****VERD ÁÐUR... 6.995****TILBOD 5.595****25%**SEVERIN BRAUÐRIST
1000W
MELISSA
HRÁSDU-
KANNA
1 LÍTER**VERD ÁÐUR... 3.995****TILBOD 2.995****ARIETE
HELSUGRILL**Með
brauðhitara**20%****VERD ÁÐUR... 7.995****TILBOD 6.495**REVLON
HÁRBLÁSARI MEÐ BURSTA**25%**Þurrkar og sléttir úr hárinu á
sama tíma. Með jónatækni.**VERD ÁÐUR... 8.995****TILBOD 6.745****20%**MELISSA
SALT- OG
PIPARKVARNIR**VERD ÁÐUR... 4.995****TILBOD 3.995****LÝKUR UM HELGINA!****HREIN
SNILLD!****VERD ÁÐUR... 59.995****TILBOD 49.995**Melissa
DJÚPSTEIKINGARPOTTUR**VERD ÁÐUR... 7.995****TILBOD 5.995**TREBS
SMOOTIE TO
GO BLANDARI

2x 570ml könnur fylgja

VERD ÁÐUR... 5.995**TILBOD 4.795**PHILIPS
RAKVÉL**VERD ÁÐUR... 9.995****TILBOD 7.995**

illy

20%

illy MJÓLKURFLÓARI FYLGIR

VEGLEGR KAUPAUKI AÐ ANDVIRÐI 15.995

Francis Francis X7.1
KAFFIVÉL FYRIR HYLKI**FULLT VERD ... 36.995****TILBOD 29.995**Soehnle
BAÐVOG**50%****VERD ÁÐUR... 7.995****TILBOD 3.995**Soehnle
ELDHÚSVOG**33%****VERD ÁÐUR... 4.495****TILBOD 2.995****30%**2400W
SEVERIN
GUFUSTRAUJÁRN**VERD ÁÐUR... 4.995****TILBOD 3.495**

WHIRLPOOL ÖRBYLGJUOFN

**25L 20%****VERD ÁÐUR... 24.995****TILBOD 19.995**PHILIPS
SJÁLFRVIRK
KAFFIVÉL**ÞÚ
SPARAR
20.000****VERD ÁÐUR... 89.995****TILBOD 69.995**

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



2.598
kr. kg

Nautaveisla Nautapottréttur
Ferskur



2.998
kr. kg

Íslandsnaut Ungnautapiparsteik
Fersk



1.698
kr. kg

Íslandsnaut Ungnautahakk
Ferskt

100%
Íslenskt
ungnautakjöt



198
kr. 400 g

Wewalka Pizzadeig
Ferskt, 400 g



2.198
kr. kg

Bónus 100% Kjúklingabringur
Ferskar, ekkert viðbætt vatn

100%
kjöt

**SAMA VERÐ
UM LAND ALLT**



259
kr. 1 kg

Bónus Kornbrauð
1 kg



198
kr. 170 g

Billy's Pan Pizza
170 g, 2 teg.



169
kr. 100 g

Toblerone
110 g



759
kr. 4x1,5 l

Coca-Cola kippa
4 x 1,5 lítrar

**ENGIN
KOLVETNI**



259
kr. 330 ml

Nocco BCAA Orkudrykkur
330 ml, 4 teg.



179
kr. 591 ml

Powerade Zero
591 ml, 3 teg.



169
kr. 250 ml

Red Bull Orkudrykkur
250 ml, 2 teg.



59
kr. 250 ml

ES Orkudrykkur
250 ml, 3 teg.





KLEMENTÍNUR

BEINT FRÁ SPÁNI

698
kr. 2,3 kg

Robin Klementínur
Spánn, 2,3 kg

2,3kg
í kassa

NÝ UPPSKERA Í BÓNUS



JÓLAEPLI

BEINT FRÁ USA

398
kr. 1,36 kg

Amerísk Smáeppli
Rauð, 1,36 kg

1,36kg
í poka




20stk.
í pakka

195
kr. 20 stk.

Maki Serviettur
20 stk.



AÐVENTUKERTI
4 STK. Í PAKKA

598
kr. pk.

Kubbakerti
12x4 cm, 4 stk.



198
kr. stk.

Kubbakerti
12x6 cm, rautt eða hvítt.



998
kr. parið


Mannbroddar
4 stærðir

Konráð og félagar á ferð og flugi 225

Bragi Halldórsson

„Jæja, Konráð,“ sagði Kata. „Þú sem allt veist, hvað á að gera hér?“ „Við eigum að klippa út þessi fimm form,“ sagði Konráð. „Og raða þeim þannig saman að þau myndi stóran bókstaf.“ „Bókstaf,“ sagði Kata öflug. „Ekki segja mér að við eigum að búa til bókstaf. Ég get ekki séð að það sé hægt.“ Róbert klóraði sér í hausnum. Hann gat heldur ekki séð hvernig hægt væri að búa til stóran bókstaf úr þessum skrítnu formum.

Getur þú raðað saman þessum formum svo úr verði stór bókstafur?



Gerir myndbönd og lærir á gítar

Ólafur Matti Matthíasson er tíu ára. Hann langar að verða heimsfræg rokkstjarna og nógu ríkur til að hjálpa þeim sem eiga bág.

Ólafur Matti er í 5. bekk í Hólabrekkuskóla og finnst langskemmtilegast í ensku. Hann hefur gaman af að lesa og var að ljúka við eina bók sem hann gat varla lagt frá sér. Hvaða bók er það? Hún heitir Maður hendir ekki börnum í ruslatunnuna og er eftir Bent Haller. Hún er spennandi og hræðileg, reyndar svo mikið að ég fékk martröð. En hún fékk mig til að hugsa um hvað ég myndi gera í sömu aðstæðum og söguhetjurnar sem finna nýfætt barn í ruslinu.

Helstu áhugamálin? Tónlist, helst popp, RB og allt rokk, líka hip-hop dans, að lesa skemmtilegar bækur, gera myndbönd og svo er ég að læra á gítar.

Skemmtilegasta ferðalagið?

Þegar ég fór hringinn kringum Ísland. Mér finnst gaman að skoða náttúruna og auðvitað að vera með fjölskyldunni.

Uppáhaldsstaður á Íslandi? Mér finnst Háifoss í Þjórsárdal mjög flottur og líka stuðlabergid í Reynisfjöru í Mýrdal.

Eftirlætistölvuleikur? Ég hef engan áhuga á tölvuleikjum en mér þykir gaman að dansa og syngja við tónlistarmyndbönd á YouTube.

Hefurðu lent í ævintýri? Einu sinni ætlaði ég að skreppa með vini mínum í stuttan hjólatúr heima í Efra-Breiðholti sem endaði óvænt í IKEA í Garðabæ.

Við áttum 200 krónur og héldum að þær dygðu fyrir einhverju góðgæti í hjólatúrnum. Byrjuðum í Smáralind og ætluðum að fá okkur Dunkin Donuts kleinuhringi en bara einn kostaði 350! Þá datt okkur í hug að hjóla í IKEA, þar gátum við keypt okkur hvor sitt glasið af isköldu krapu fyrir peninginn. Foreldrar okkar urðu frekar hissa þegar þeir fréttu af þessu ferðalagi.

Hvað langar þig að verða? Mig langar mest að verða heimsfræg popp- og rokkstjarna. Þá gæti ég orðið nógu ríkur til að hjálpa þeim sem eiga bág í heiminum og kannski haft áhrif á að stríð taki enda. Það er stóri draumurinn minn.

Brandarar

Í skólanum:

Kennarinn: Gústi, getur þú nefnt mér tíu afrísk dýr.

Gústi: Ekkert mál. Einn giraffi og níu fílar.

Í eldhúsinu:

Mamma: Þú átt ekki að teygja þig svona eftir kökufatínu, Ella Sígga. Þú átt að biðja fólk að rétta þér. Ertu ekki með tungu?

Ella Sígga: Jú, en handleggurinn er lengri en tungan.

Í réttinum:

Dómarinn: Hverju hentir þú í þann sem ákærir þig?

Sakborningurinn: Bara sveppum.

Dómarinn: Hvernig stendur þá á því að hann rotaðist og er með stóra kúlu á höfðinu?

Sakborningurinn: Sveppirnir voru í dós.

Í búðinni:

Régina: Þú gafst mér vitlaust til baka í gær.

Afgreiðslumaðurinn: Þú hefðir átt að segja það strax í gær. Nú er það of seint.

Régina: Flott, ég held þá bara þúsundkallinum.

Lækkaðu verðið á GSM reikningnum þínum 365

ENDALAUÐ

SÍMTÖL & SMS

Í ALLA

OG ÞÚ VELUR ÞANN GAGNAMAGNSPAKKA SEM HENTAR ÞÉR

| | | | |
|--------|---------|---------|---------|
| 0 GB | 1 GB | 5 GB | 30 GB* |
| 790 KR | 1680 KR | 2680 KR | 2990 KR |

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á 365.IS OG SÍMA 1817

Listaverkið

Þorvaldur Hörður Villys- og Láruson, 8 ára gamall, teiknaði þessa mynd í 1. bekk í Vesturbæjarskóla. Hann fann hana rétt fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum og sagði að þetta væri alveg eins og Trump.



ÁSKRIFENDA LOTTERÍ 365

Dregið föstudaginn 16. desember

ALLIR SEM ERU ÁSKRIFENDUR AÐ SJÓNVARPSPÖKKUM 365 Í NÓVEMBER OG DESEMBER EIGA MÖGULEIKA Á AÐ VINNA GLÆSILEGA VINNINGA Í ÁSKRIFENDALOTTERÍI 365.



FYRSTI VINNINGUR ER ÓTRÚLEG ÆVINTÝRAFERÐ FYRIR TVO TIL TÆLANDS AÐ **HEILDARVERÐMÆTI 658.000 KR.**

3X
Tælandsferð
fyrir 2

50 x **HAGKAUP**
Skemmtilegast að versta

40.000 kr. gjafabréf í Hagkaup

2 x **ICELANDAIR**

100.000 kr. gjafabréf hjá Icelandair

200 x **N1**

10.000 kr. gjafabréf hjá N1



Hvaða sjónvarpspakki hentar þér?




Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817 og þú ert komin/n í pottinn!

365

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Vestan- og suðvestankaldi og smá skúrir eða él, en léttir til fyrir austan. Hægari sunnanátt um kvöldið og fer að rigna syðst. Hiti 0 til 5 stig.

Heimurinn



Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|------------------|-------|
| Reykjavík | |
| 04.15 | 10.31 |
| 3,74m | 0,51m |
| 04.36 | 10.53 |
| 3,87m | 0,25m |

| Akureyri | |
|----------|-------|
| 08.25 | 02.04 |
| 1,43m | 0,36m |
| 08.45 | 02.42 |
| 1,37m | 0,37m |

| Ísafjörður | |
|------------|-------|
| 06.16 | 12.11 |
| 2,09m | 0,29m |
| 06.59 | 12.35 |
| 2,30m | 0,36m |

Tunglstaða



Vaxandi
88%

Sólarupprás:

09.47

Sólarlag:

16.37

Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|------------|-----------|-------------|--------------|-------------|
| 8° ↑ 10 | 5° ↗ 10 | 4° ↗ 15 | 3° → 13 | -0° ↓ 7 |

Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|------------|-----------|-------------|--------------|-------------|
| 6° ↗ 18 | 2° ↗ 18 | 0° ↗ 15 | -1° ↘ 1 | -3° ↓ 13 |

Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|------------|-----------|-------------|--------------|-------------|
| 8° ↗ 13 | 1° ↗ 18 | -1° ↗ 15 | -2° ↗ 8 | -2° ↘ 9 |

Egilsstaðir


| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|------------|-----------|-------------|--------------|-------------|
| 5° ↑ 12 | 1° ↗ 7 | -0° ↗ 6 | -2° ↗ 3 | -3° → 10 |

Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|------------|-----------|-------------|--------------|-------------|
| 5° ↘ 5 | 3° ↗ 7 | 1° ↗ 7 | -1° ↗ 7 | -6° ↘ 11 |

Myndasögur

PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



SPRENGISANDUR Á BYLGJUNNI

KRAFTMIKIL UMRÆÐA UM PÓLÍTÍKINA OG LANDSMÁLIN MEÐ KRISTJÁNI KRISTJÁNSSYNI

SUNNUDAGA MILLI KL. 10:00 - 12:00

SIÓNVARP BYLGJAN BYLGJUAPPID ÚTVARP HLUSTADU HVAR SEM ER, HVENÆR SEM ER

Uppselt kl. 20

*Auka
tónleikar*
kl. 16



Hera Björk
Stundur af jólum

Jólatónleikar í Grafarvogskirkju

26. nóvember kl. 20.00

*Hera Björk • Lisa Angell • Kristinn Sigmundsson • Greta Salóme • Friðrik Dór
Karlakór Kjalnesinga og sönghópurinn Harmonia ásamt hljómsveit
undir stjórn Óskars Einarssonar*

Midasala á midi.is



Vakna glöð ef ég get eitthvað farið að gera

Það er reisin yfir listakonunni Rúnu þar sem hún gengur um sal Gerðubergs og lítur yfir verkin sem sýning verður opnuð á í dag. Fyrst er þar málþing um ævi hennar og störf undir yfirskriftinni Línudans.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Méðan ég tóri þá vakna ég glöð ef ég get eitthvað farið að gera. Það er mitt líf og tilvera," segir myndlistarkonan Sigrún Guðjónsdóttir – Rúna. Hún verður nírað eftir nokkra daga og málar enn daglega – mest á morgnana. Málþing um líf hennar og starf verður í Gerðubergi í dag og hefst klukkan 13. Að því loknu, eða klukkan 16, verður svo opnuð sýning þar á verkum hennar sem eru öll frá síðustu árum, flest frá 2015 og 16. Glöðvolg!

Við Rúna höfum tyllt okkur í sófa við sýningarsalinn til að skrafa saman. Hún kveðst búa sjálfstætt en í góðri nábúð því Þorgrímur sonur hennar sé í sama húsi. „Ég er í gömlu vinnustofunni okkar Gests, lét bara innrétta hana sem íbúð og hef vinnuborðið mitt þar, þetta er opið rými.“ Hér er hún að tala um Gest Þorgrímsson, eiginmann sinn sem lést árið 2003. Hann var listamaður líka.

Rúna er Hafnfirðingur þó um tíma hafi þau Gestur búið við Laugarásveginn í Reykjavík. „Ég átti mín uppvaxtarár í Hafnarfirði, pabbi var skólastjóri barnaskólans við Lækinn og ég var kölluð Rúna skóló. Það var öllu snúið upp í óið á tímabili. Þegar strætó kom þá þótti það svo sniðugt!“

Hún kveðst þakka honum Eiríki, vini sínum, Smith að hún hafi farið að ástunda listina. „Við Eiríkur vorum bekkjarfélagar og hann nemti ekkert voðalega mikið að eiga við skólafögin, hann bara teiknaði – sat og teiknaði og við skólasystkinin litum gríðarlega upp til hans, hann var strax svo flinkur og afkastamikill. Pabbi fór að kaupa handa honum liti og þá gat hann ekki skilið mig útundan því ég var alltaf teiknandi líka.“

Það eru akryllitir sem Sigrún notar núna og svolítið pastel eða þurrkrít með og hún málar allt á handgerðan pappír. „Hann gefur myndunum svo mikið líf,“ útskýrir hún. „Þegar við Gestur komum heim frá námi í Kaupmannahöfn þá settum við á fót leirkerasmiðju. Ég sakna alltaf leirsins og þaðan held ég að dálæti mitt á þessum grófa pappír sé kominn, það gerir efniskenndin.“

Rúna notar óspart málmliti með öðrum, gull og silfur. „Það eru svona þrjú ár síðan ég byrjaði á því,“ segir



„Ég var kölluð Rúna skóló,“ segir skólastjóradóttirin Rúna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

DAGSKRÁ MÁLÞINGSINS UM RÚNU

Vigdís Finnbogadóttir setur málþingið klukkan 13 í dag. Svo verður fjallað um hina ýmsu þætti á listferli Rúnu. Guðný Magnúsdóttir talar um leirlistina, Kristín Ragna Gunnarsdóttir um myndskreytingar, Valgerður Bergsdóttir um störf Rúnu að félagsmálum og Aðalsteinn Ingólfsson um málalastina.

Málverkasýningin verður opnuð klukkan 16. Hún mun standa til 5. febrúar 2017.

ÉG GET EKKI SEST NIÐUR OG MÁLAÐ Í DAG ALVEG EINS OG ÉG MÁLAÐI Í GÆR.



Myndirnar eru allar málaðar á handgerðan, japanskan pappír.

hún og kveðst enn vera í tilraunamennsku. „Ég get ekki sest niður og málað í dag alveg eins og ég málaði í gær,“ segir hún kankvís. „Einhver hreyfing verður að vera, annars gæti ég sleppt þessu.“

Þau Rúna og Gestur kynntust í Myndlista- og handiðaskólanum og fóru saman út til Kaupmannahafnar 1946 til að læra meira. „Ég var komin með kennararéttindi 18 ára og vann mér inn fyrir náminu með kennslu.“

Rúna ber aldurinn vel. „Maður má þakka fyrir að hafa kollinn í lagi og heilsuna yfirleitt. Á meðan getur maður notið lífsins,“ segir hún og hvetur alla til að lesa sem mest. „Að lesa góðar skáldsögur og ljóð veitir svo mikla gleði og opnar sýn inn í svo margt. Augun mín eru reyndar orðin dálítið léleg en þó ég sjái ekki allt get ég bara í eyðurnar!“

Pörupiltar á villigötum

LEIKHÚS

Who's the Daddy!

★★★★★

Tjarnarbiói

Handrit: Pörupiltar

Leikarar: Sólveig Guðmundsdóttir, Alexía Björg Jóhannesdóttir og María Pálsdóttir

Undanfarin ár hafa Pörupiltarnir staðið að kynfræðslufyrirlesturum í Borgarleikhúsinu og eru núna komnir aftur á stjá með sýninguna Who's the Daddy! í Tjarnarbiói, frumsýnd fyrir um viku síðan. Þær Sólveig Guð-

mundsdóttir, Alexía Björg Jóhannesdóttir og María Pálsdóttir koma þar fram sem sín hlíðarsjálfr: Dóri Maack, Nonni Bó og Hemmi Gunn, reyndar ekki sjónvarpsmaðurinn frægi.

Drag er gífurlega fjölbreytt form með flókna sögu, reglurnar eru fáar og frelsið til tilrauna er mikið. En stór hluti klæðaskipta sem sviðslistaform er að gagnrýna samfélagið, þá sérstaklega gagnkynhneigða karllæga regluverkið sem myndar undirstöðu þess. Drag er í eðli sínu rannpólítískt og svolítið hættulegt. Fólk klæðir sig bókstaflega í einkennisbúning gagnstæða og yfirleitt gagnkynhneigða kynsins til að sýna fram á hversu súrr-

ealisk veröldin getur verið og hún er ansi súr um þessar mundir.

Sólveig er hæfileikarík leikkona og umbreyting hennar í Dóra Maack er sjón að sjá. Taktarnir, talsmáttinn og líkamsbeitingin eru vel útfærð en undir niðri er sáralítið innihald. Hún ber sýninguna á baki sér með nokkrum innskotum frá Alexíu og Maríu, sem klæðast sínum persónum sömu leiðis ágætlega en engin dýpt er á bak við þeirra framsetningu heldur. Þetta eru skrípamyndir fremur en vel útfært drag.

Enginn er skrifaður fyrir leikstjórninni né umgjörð sýningarinnar almennt s.s. ljósum, hljóði né

búningum. Sviðsmyndin er nánast engin fyrir utan skrifborð með fartölvu og stórum skjá aftast á sviðinu sem er notuð fyrir PowerPoint sýningu Dóra. Who's the Daddy! er auglýst sem uppistand en er í raun fyrirlestur með leikrænu yfirbragði og útkoman er einhvers konar bragðlaus stílsamsuða.

Hugmyndum er hent fram og nokkrir góðir brandarar hitta í mark, þá sérstaklega sumar glærurnar í PowerPoint sýningu Dóra sem eru útbíðar í stafsetningarvillum og sköndnum ranghugmyndum um uppeldi og tilhugalíf. Vandamálið er að þessar karlkyns staðalmyndir

eru hvorki hættulegar, áhugverðar eða jafnvel þekktanlegar úr íslensku samfélagi heldur frekar einhvers konar gríntilbúningur sem er ágætur til síns brúks í stuttum atriðum en ekki efni í heila sýningu.

Dragsýningar eiga að ögra, vekja áhorfendur til umhugsunar um samfélagið og láta þá skelli hlæja á sama tíma. Who's the Daddy! dubbar sig upp sem dragsýning en nær aldrei að sýna rétt andlit formsins né vera nægilega vel úthugsuð til að hitta í mark. **Sigríður Jónsdóttir**

NIÐURSTAÐA: Hvorki fugl né fiskur, fyrirlestur né dragsýning.

8. DESEMBER 2016

JÓLAHÁTÍÐ

FATLAÐRA

Fimmtudaginn 8. des. verður Jólahátíð fatlaðra
haldin í 34. sinn á Hilton Reykjavík Nordica kl. 20

Hljómsveitin Toppmenn sér um undirleik.
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts undir stjórn
Ásu Berglindar Hjálmarsdóttur leikur létt lög frá 19:15

Jóhannes Guðjónsson píanóleikari leikur í anddyri

Húsið verður opnað klukkan 19:00 og dagskrá lýkur um klukkan 21:30



Laddi



Alda Dís



Raggi Bjarna



Þór Breiðfjörð



Gunni & Felix



Jón Jónsson



Hreimur



Sigmundur Ernir



Jónína Aradóttir



Heiða Ólafs.



Ingó Veðurguð



Sveppi



André Bachmann



Jóhannes Guðjónsson




Bjarni Þór

Kynnir er Sigmundur Ernir Rúnarsson rithöfundur
Hljóðstjórn er í höndum Jóns Skugga og sviðsstjóri er Friðgeir Bergsteinsson
Heiðursgestir: Björgólfur Jóhannesson forstjóri Icelandair Group &
Magnea Pórey Hjálmarsdóttir framkvæmdastjóri Icelandair Hotels

Að venju eru aðstandendur hvattir til að mæta með sínu fólki.



sonnettan



Ný skáldsaga eftir
SIGURJÓN MAGNÚSSON

Áhrifamikil og tímabær bók!



- »» Hjúsnabandið
- »» Mannorðið
- »» Ljóðlistin
- »» Afbrýðisemin
- »» Fjölmeningin
- »» Sólarströndin
- »» Ástin



Ugly



Danshöfundarnir á Nýja sviði Borgarleikhússins þar sem verkið þeirra DaDa Dans verður frumsýnt í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dada leitast við að láta allt búa saman í sátt í einum heimi

Í kvöld frumsýnir Íslenski dansflokkurinn DaDa Dans á Nýja sviði Borgarleikhússins. Dadaismi er einmitt hundrað ára um þessar mundir en felur þó í sér skírskotanir til dagsins í dag.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Þær Inga Huld Hákonardóttir og Rósa Ómarsdóttir eru ungar og upprennandi í íslenskum dansheimi og þó svo víðar væri leitað. Þrátt fyrir ungan aldur eru þær í raun komnar langt frá því að vera efni-legalar enda unnu þær til Grímuverðlauna fyrir dansverkið The Valley á síðasta leikári. Að þessu sinni eru þær þó að semja dansverk fyrir hóp, en í kvöld verður frumsýnt eftir þær verkið DaDa Dans á vegum Íslenska dansflokksins á Nýja sviði Borgarleikhússins.

Þær Inga Huld og Rósa luku báðar framhaldsnámi frá hinum virta Listaháskóla P.A.R.T.S. fyrir um tveimur árum en báðar hófu þær vegferð sína í dansinum hér heima. Það sem vekur þó ekki sist eftirtekt er að svo ungar listakonur skuli kjósa að leita í smíðju listastefnu á borð við dadaisma sem er reyndar 100 ára um þessar mundir. Rósa segir að rætur dadaismans megi rekja til þess þegar hinn víðfrægi Cabaret Voltaire hafi opnað í Zürich. „Hugo Ball og Emma Hennings opnuðu þennan kabarett sem ákveðið svar því hvernig listin var á þessum tíma. Þau voru mikið að velja því fyrir sér hvernig við metum list og þau gerðu mikið af því að blanda saman listgreinum og vissulega að stuða fólk. Þau skrifuðu mikið af manifestóum þar sem þau veltu fyrir sér gildi listarinnar og þar skrifuðu þau jafnvel manifestó sem stönguðust á og svona rugluðu dálítið hressilega í fólk.“

Inga Huld tekur undir þetta og bætir við að þetta hafi líka mikið til verið ákveðið svar við stríði og ástandinu í samfélaginu. „Það voru margir listamenn þarna í Zürich sem höfðu þurft að flýja frá sínum heimahögum í fyrri heimsstyrjöld-



Úr sýningunni DaDa Dans hjá Íslenska dansflokknum.

ÞANNIG ER ÞESSI STEFNA SVAR VIÐ ÞVI AÐ SKAPA LIST Á TÍMUM RINGULREIÐAR OG ÓVISSU OG VIÐ LEITUMST VIÐ AÐ GERA SLÍKT HIÐ SAMÁ.

inni og þau voru að reyna að tækla þær öfgastefnur sem voru í gangi í listheiminum á þessum tíma.“


En hvers vegna skyldi þetta höfða til tveggja ungra danshöfunda frá Íslandi hundrað árum síðar? „Við búum Brussel og það hefur farið mikið fyrir þessu afmæli þar og víðar. Okkur fannst því tilvalið að fagna þessu líka í dansi, ekki sist vegna þess að dansinn hefur ekki verið ýkja tengdur við dadaisma. Kannski er það vegna þess að þær konur sem unnu innan stefnunnar fengu litla umfjöllun á sínum tíma og því er lítið vitað um dans innan stefnunnar.“

Þegar við fórum að skoða stefnuna og forsendur hennar þá fannst okkur líka að það væri mikill samhljómur með því sem er að gerast í samfélaginu í dag og var þá. Þannig að þetta á við í dag.“

Rósa segir að þetta felist meðal annars í þeim mikla uppgangi öfga sem heimurinn stendur frammi fyrir í samtímanum. „Það er mikill hægrí uppgangur og aðskilnaður á svo mörgum sviðum. Sjáðu bara Trump. Málið er að sagan virðist vera að endurtaka sig. Því miður virðist það vera þannig að þetta harðlínuhægri sem fer eins og eldur í sínu um heimsbyggðina núna ber með sér kynþáttafordóma og fleiri fordóma gagnvart ýmsum minnihlutahópum og það er auðvitað áhyggjuefni.“

„En markmið dada er að fordasta þennan aðskilnað,“ segir Inga Huld. „Leitast við að láta allt efni búa saman í sátt í einum heimi. Klippimyndin á þannig t.d. upp- runa sinn í þessari stefnu og hún gengur einmitt út á að endurnýta og sætta ólík efni í einni heild. Þannig er þessi stefna svar við því að skapa list á tímum ringulreiðar og óvissu og við leitumst við að gera slíkt hið sama. Við erum á ákveðinn hátt að gera klippi- myndaverk, eins og þessir lista- menn gerðu fyrir hundrað árum, en auðvitað gerum við það á okkar hátt og inn í samtímann.“

10-30% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM HÚSGÖGNUM



PALMER HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 335X218/165cm
Verð: 298.000,-
TILBOÐSVERÐ: 238.400,-



JERSEY 4RA SÆTA SÓFI
Breidd: 298cm
Verð: 195.000,-
TILBOÐSVERÐ: 156.000,-



MAXWELL 3JA SÆTA SÓFI
Breidd: 202cm
Verð: 139.000,-
TILBOÐSVERÐ: 111.200,-



MADISON TUNGUSÓFI
Stærð: 281X172cm
Verð: 209.000,-
TILBOÐSVERÐ: 188.100,-

ALEXA SKENKUR
Hvítt matt/hnotu eða eikarfætur
Breidd: 160cm
Verð: 138.000,-
TILBOÐSVERÐ: 103.500,-



SIDNEY TV SKENKUR
Eik/hvítt háglans
Breidd: 197,5cm
Verð: 129.000,-
TILBOÐSVERÐ: 103.200,-



MIKA ARMSTÓLL
Verð: 35.000,-
TILBOÐSVERÐ: 26.250,-



STÓLL 133
Verð: 15.900,-
TILBOÐSVERÐ: 11.130,-



MAX STÓLL
Verð: 16.900,-
TILBOÐSVERÐ: 13.520,-



Opal STÓLL
Verð: 16.900,-
TILBOÐSVERÐ: 13.520,-

LAUGARÁS BÍÓ
midí.is
 Miðasala og nánari upplýsingar
 Coca-Cola
 Tímastjórnun

HACKSAW RIDGE
 16
 POWERSÝNING KL. 22.40

ARRIVAL
 12

BRIDGET JONES'S BABY
 12

Troll
 12

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---------------------------|-----------------|
| HACKSAW RIDGE | 5, 8, 10.40 (P) |
| ARRIVAL | 8, 10.25 |
| TRÖLL 2D ISL.TAL | 2, 4, 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 5, 8, 10.30 |
| DOCTOR STRANGE | 2 |
| HEIMILLI FRÖKEN PEREGRINE | 2 |

SAMBIÓN SAMBIO.IS

MICHAEL FASSBENDER ALICIA VIKANDER RACHEL WEISZ
 BENEDICT CUMBERBATCH CHIWETEL EJIOFOR TILDA SWINTON
 "FLAT OUT COOL"
 THE WRAP
 ENTERTAINMENT WEEKLY
 OBSERVER
 DOCTOR STRANGE

DOCTOR STRANGE
 Sýnd með íslensku tali

CHICAGO SUN TIMES
 LOS ANGELES TIMES

THE ACCOUNTANT
 ANNA KENDRICK
 BEN MCKENZAL
 JEFFREY BRIDGES
 JOHN GOODMAN

STORKS
 Sýnd með íslensku tali

JACK REACHER
 TOM CRUISE

THE GIRL ON THE TRAIN
 LILY JAMES

TRÖLL
 Sýnd með íslensku tali

| ALFABAKKA | EGILSHÖLL |
|--|--|
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS KL. 5:20 - 8 - 10:40 | THE LIGHT BETWEEN OCEANS KL. 6 - 9 |
| THE ACCOUNTANT KL. 5:20 - 8 - 10:40 | THE ACCOUNTANT KL. 3:30 - 5:30 - 8 - 10:40 |
| THE ACCOUNTANT VIP KL. 10:40 | SJÓUNDI DVERGURINN ISL.TAL KL. 1 - 3 - 5:30 |
| SJÓUNDI DVERGURINN ISL.TAL KL. 1 - 4 - 6 | DOCTOR STRANGE 2D KL. 1 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| DOCTOR STRANGE 2D KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | JACK REACHER 2 KL. 8 - 10:30 |
| DOCTOR STRANGE 2D VIP KL. 3 - 5:30 - 8 | STORKAR ISL.TAL KL. 1 |
| JACK REACHER 2 KL. 8 - 10:30 | ROBINSON CRUSOE ISL.TAL KL. 1 - 3 |
| THE GIRL ON THE TRAIN KL. 8 | NUMERUÐ SÆTI |
| STORKAR ISL.TAL KL. 1 - 2 - 3 - 4 - 6 | THE LIGHT BETWEEN OCEANS KL. 6 - 9 - (11:40 (LAU)) |
| SULLY KL. 10:30 | THE ACCOUNTANT KL. 6 - 9 - (11:40 (LAU)) |
| LEYNILÍF GÆLUDÝRA ISL.TAL KL. 2 | SJÓUNDI DVERGURINN ISL.TAL KL. 1 - 2 - 4 |
| LEITIN AÐ DÖRU ISL.TAL KL. 1 - 3:10 | DOCTOR STRANGE 3D KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| AKUREYRI | STORKAR ISL.TAL KL. 2 - 4 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS KL. 8 | KEFLAVÍK |
| THE ACCOUNTANT KL. 8 - 10:40 | THE LIGHT BETWEEN OCEANS KL. 8 - 10:40 |
| SJÓUNDI DVERGURINN ISL.TAL KL. 2 - 4 - 6 | THE ACCOUNTANT KL. 10:40 |
| DOCTOR STRANGE 2D KL. 5:30 - 10:40 | SJÓUNDI DVERGURINN ISL.TAL KL. 1:30 - 3:30 - 6 |
| STORKAR ISL.TAL KL. 1:30 - 3:30 | DOCTOR STRANGE 3D KL. 5:30 - 8 |
| SPARBÍÓ MERKTAR MED APPELSÍNUGULU KR. 950 | TRÖLL ISL.TAL KL. 2 |
| | STORKAR ISL.TAL KL. 4 |

Blanda af Jason Bourne og The Usual Suspects

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

Alt Smárabíó Háskólabíó Væntanlegt

Upplýsingar um kvikmyndir og sýningartíma eru á smarabio.is

Kaupa miða

Hvað? Hvenær? Hvar?
 Laugardagur

hvar@frettabladid.is

12. NÓVEMBER 2016

Tónlist

Hvað? Rúnar Eff og hljómsveit
Hvenær? 22.00
Hvar? Hressingarskálinn

Hvað? Ljós í myrkri
Hvenær? 20.00
Hvar? Háskólabíó

Í dag er liðið ár frá því að Hjalti Már Baldursson féll frá á svip-

legan hátt, langt fyrir aldur fram. Hjalti var flugmaður hjá Flugfélagi Íslands, góður félagi, samstarfsmaður, vinur og bassaleikari í Föxunum. Af því tilefni verða haldnir styrktar- og minningartónleikar í Háskólabíói í kvöld. Miðaverð er 3.000 kr. Sniglabandið, ásamt Sigríði Thorlacius, Sigurði Guðmundssyni og Helgu Möller, leikur lög eftir hljómsveit Hjalta, Faxana, í bland við aðrar perlu! Fjölmennum í Háskólabíó og heiðrum minningu um góðan vin og mikinn dáðadrengr sem hrifsaður var úr hringiðu lífs síns allfró snemma. Allur ágóði rennur til styrktar börnum Hjalta Más.

Hvað? Axel O & Co á Græna hattinum
Hvenær? 22.00
Hvar? Græni hatturinn
 Axel O & CO gaf út sína fyrstu plötu í sumar sem kallast „Open Road“ og eru lögin allt frá því að vera kántrískotíð gítarrokk, yfir í hefðbundna kántrítónlist. Lög af plötunni hafa fengið afar góða dóma hér sem erlendis og

eru mörg þeirra í spilun á fjölda útvarpsstöðva erlendis. Á efnis-skránni á tónleikunum eru lög af nýju plötunni auk ýmissa þekktara kántristandarda eftir gömlu meistaranum á borð við Alan Jackson, Buck Owens, Brooks & Dunn, Johnny Cash og Merle Haggard. Þetta eru tónleikar sem enginn áhugamaður um kántrítónlist ætti að missa af.

Hvað? Flotakona Kínakota / Snorri Ásmundsson 50
Hvenær? 18.00
Hvar? Mengi
 50 ára afmælistónleikagjörmingur Snorra Ásmundssonar. Fram kemur goðsagnakennda bandið Flotakona Kínakota sem er skipað Ásdísi Sif Gunnarsdóttur, Jóhanni Eirikssyni, Ingibjörgu Magnadóttur, Guðmundi Oddi Magnússyni, Söru Björnsdóttur, Spessa og Helgu Óskarsdóttur ásamt afmælisbarninu sjálfu. Tónleikarnir hefjast klukkan 18.00, en húsið verður opnað klukkan 17.30. Miðaverð 2.000 krónur.

Hvað? Belleville
Hvenær? 21.00
Hvar? Café Rosenberg
 Belleville leikur frumsamin lög í musette-stíl í bland við gamlar lummur með Edith Piaf, Juliette Gréco, Yves Montand o.fl. í kvöld. Hljómsveitina skipa: Ásta Ingibjartsdóttir (söngur), Eyjólfur Már Sigurðsson (gítar og söngur), Olivier Moschetta (bassi) og Rut Berg Guðmundsdóttir (harmóníka). Aðgangseyrir kr. 1.500.

Hvað? Pallaball á Spot
Hvenær? 23.00
Hvar? Spot
 Páll Óskar lætur fólk einfaldlega bílast á dansgólfinu pásulaust alla nóttina, þeytir skifum á fullu, blandar saman öllu því nýjasta við klassiska partíslagara og passar upp á að allir syngi með. Þegar leikar standa sem hæst tekur hann öll sín bestu lög ásamt dönsurum og draumaprinsum. Miði á Pallaball er gulltrygging fyrir góðri skemmtun, enda er hér á ferð besti skemmtikraftur Íslands. Í hverju mætir hann? Í hverju mætir þú?



Páll Óskar Hjaltmýsson spilar á Spot í kvöld.

Hvað? Ozy Kocoon
Hvenær? 22.00
Hvar? Prikið

Hvað? Babies á Húrra
Hvenær? 22.00
Hvar? Húrra
 Hljómsveitin Babies var stofnuð árið 2011. Babies samanstendur af

fimm stuðboltum, þeim Ingimundi og Ísaki Erni Guðmundssonum, Ingibjörgu Elsu Turchi, Magnúsi Magnússyni og Zakariasi Hermanni Gunnarssyni. Þau leika lög eftir Prince, Steely Dan, The Ramones, Toto, David Bowie, Primus, Shaggy og Queen til að nefna nokkra. Ef ball er það sem vantar skaltu bara hafa dressið og dansskóna klára og hringja í Babies!

Hvað? RVK Soundsystem fastakvöld #70
Hvenær? 23.00
Hvar? Paloma

Hvað? Lefty Hooks & ThaRightThingz
Hvenær? 16.00
Hvar? Lucky Records

Hvað? KK spilar á Hard Rock Café, í Kjallaranum
Hvenær? 21.00
Hvar? Hard Rock Café

Uppákomur

Hvað? Laugardagskvöld með Tromsø Dollsz Arkestra
Hvenær? 17.00
Hvar? Skaffell - myndlistarmiðstöð Austurlands
 Norski samvinnuhópurinn Tromsø Dollsz Arkestra býður upp á gjörning í dag í Bókabúðinni – verkefnarými. Tromsø Dollsz Arkestra er samvinnuhópur sem byggir á frjálsum þykjustu-hugsanaflutnings hávaðaspuna. Nafnið er samblanda af New York Dolls og Sun Ra er Arkestra, blanda af andlegu pönki og frjálsum geimdjassi. Í stað tæknilegrar nálgunar við tónlist, notar meðlimir aðra leið til að eiga samskipti hvert við annað og kortleggja rými og tíma. Samvinnuhópurinn samanstendur af hverjum þeim sem spilar í hvert sinni.

Hvað? Leiðsögn safnstjóra
Hvenær? 14.00
Hvar? Kjarvalsstaðir
 Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, segir frá sýningunum á Kjarvalsstöðum. Aðgöngumiði á safnið gildir. Fritt fyrir handhafa Menningarkorts Reykjavíkur. Yfirstandandi sýningar:

LAUGARÁS BÍÓ
Ódýrt í bíó
midí.is
 Miðasala og nánari upplýsingar

DOCTOR STRANGE
 SÝND KL. 2

Troll
 SÝND KL. 2 & 4
 SÝND Í 2D ISL.TAL

PEREGRINE
 SÝND KL. 2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SAMBIÓN SAMBIO.IS

DVERGURINN
STORKS
GÆLUDÝRA
ROBINSON CRUSOE

SPARBÍÓ MERKTAR MED APPELSÍNUGULU Í BÍOAUPLÝSINGUM SAMBÍÖANNA KR. 950

BIO PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|-------|
| Slack Bay..... | 17:45 |
| Leonardo from the National Gallery..... | 18:00 |
| Ransacked..... | 18:00 |
| Aumingja Ísland..... | 20:00 |
| Innsæi / The Sea Within | 20:00 |
| The Girl With All The Gifts..... | 22:00 |
| Child Eater..... | 22:00 |

Slack Bay

Kjarval – úr safneign. Á sýningunni gefst gott tækifæri til að kynna mörngum lykilverkum frá ferli listamannsins og fá innsýn í þau meginsteff sem voru uppistaðan í lífsverki hans. Hildur Bjarnadóttir: Vistkerfi lita. Á sýningunni er tekst á við þörf mannsins fyrir að tilheyra ákveðnum stað í heiminum.

Hvað? Fatamarkaður

Hvenær? 12.00

Hvar? Bryggjan Brugghús
Flott föt, skór og skart á góðu verði. Anna, Guðbjörg og Guðný eru búnar að taka vel til í fataskápunum sínum og ætla að selja föt frá H&M, Monki, Vero Moda, Vila, Forever 21, Topshop ofl. Vintage-flikur einnig í boði.

Fundir

Hvað? Landsnefndin fyrri 1770-1771

Hvenær? 13.00

Hvar? Þjóðskjalasafn Íslands
Í dag verður haldin ráðstefna í Þjóðskjalasafni Íslands um skjöl landsnefndarinnar fyrri 1770-1771. Ráðstefnan fer fram á norræna skjaladeginum og er haldin í tilefni af því að um þessar mundir kemur út annað bindið af sex í heildarútgáfu á skjölum landsnefndarinnar, en útgáfan er samstarfsverkefni Þjóðskjalasafns Íslands, Sögufélags og Ríkisskjalasafns Danmerkur. Við þetta tækifæri verður einnig opnaður vefur þar sem frumskjöl nefndarinnar eru birt. Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson opnar ráðstefnuna. Landsnefndin fyrri var þriggja manna nefnd á vegum konungs sem ferðaðist um Ísland á árunum 1770-1771 og safnaði upplýsingum um land, þjóð og aðstæður í samfélaginu. Annað bindi útgáfunnar inniheldur bréf til nefndarinnar frá prestum og próföstum en fyrsta bindið, sem kom út í vor, bréf frá íslenskum almenningi. Á ráðstefnunni verða heimildirnar kynntar út frá ýmsum sjónarhornum. Meðal viðfangsefna eru störf hreppstjóra og presta, innsigli, 18. aldar íslenskan og danskan sem bréfritarar skrifuðu, að ógleymdum ferðalögum landsnefndarinnar.

Sunnudagur

13. NÓVEMBER 2016

Tónlist

Hvað? Blúskendur djass á Bryggj-

unni Brugghús

Hvenær? 20.00

Hvar? Bryggjan Brugghús
